


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn







FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
16. nóvember 2011
268. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



### Til styrktar Grensás

*Hollvinir Grensáss halda jólabasar til styrktar starfsemi Grensásdeildar.*

**tímamót 16**

### Kattamyndir uppseldar

*Málverk Vigdísar Grímsdóttur rithöfundar afar vinsæl.*

**fólk 30**



### Fær engin svör

*Knattspyrnudómarinn Jóhannes Valgeirsson skilur enn ekkert í því af hverju hann fær ekki að dæma.*

**sport 26**

### veðrið í dag




**ÁFRAM MILT** Í dag verður SA 8-15 m/s SV-til og skúrir á V-verðu landinu. Hæglætis veður NA-til og nokkuð bjart seinnipartinn. Milt í veðri, hiti 6-12 stig.

**VEÐUR 4**

# Milljarða afskriftir vegna Fasteignar

**Undið verður ofan af Fasteign fyrir áramót. Milljarðaafskriftir vegna HR, Álftaness og breytinga á leigusamningum. HR greiddi milljarð í leigu í fyrra.**

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Eignarhaldsfélagsins Fasteignar munu þurfa að afskrifa milljarða króna vegna byggingar Háskólans í Reykjavík, ógjaldfærni Álftaness og lánabreytinga annarra sveitarfélaga sem átt hafa hlut í félaginu. Stærstu kröfuhafar þess eru Íslandsbanki og skilanefnd Glitnis.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Fasteign verði skipt upp í móðurfélag og þrjú dótturfélög samkvæmt tillögum sem lagðar verða fyrir hluthafafund félagsins í lok þessa mánaðar. Eignir Reykjanesbæjar verða í einu félaginu, eignir annarra sveitarfélaga sem standa að Fasteign í öðru og afgangurinn af eignum Fasteignar í hinu þriðja. Skuldir verða látnar fylgja öllum eignunum en hluti þeirra verður afskrifaður. Stefnt er að því að þessari niðurstöðu verði hrint í framkvæmd fyrir komandi áramót.

> **44,5** milljarðar króna eru sú upphæð sem Fasteign skuldaði um síðustu áramót.

Stærstur hluti afskrifta mun koma til vegna byggingar Háskólans í Reykjavík. Kostnaður vegna þeirrar framkvæmdar stóð í rúmum 15 milljörðum króna um síðustu áramót, samkvæmt ársreikningi Fasteignar. Háskólinn greiddi rúman milljarð króna í leigu vegna þessa á árinu 2010, sem hafði þau áhrif að rekstrarafkoma hans var neikvæð um 451 milljón króna á síðasta ári. Endursamið verður um þessa leigu í endurskipulagningunni.

Fasteign skilaði inn ársreikningi í lok september síðastliðins. Þar kemur fram að félagið hafi tapað 1,3 milljörðum króna á síðasta ári þrátt fyrir að leigutekjur þess hafi verið um 2,5 milljarðar króna miðað við gengi dagsins í dag. Félagið skuldaði um 44,5 milljarða króna um síðustu áramót.

**- þsj** / sjá Markaðinn í miðju blaðsins



**MIÐALDADÓMKIRKJA Í SKÁLHOLTI** Þessi tölvugerða mynd gefur góða hugmynd um hvernig miðaldakirkjan myndi falla að núverandi umhverfi í Skálholti. Kirkja sem þarna stóð er talin hafa verið 50 metra löng, tólf metra breið og fjórtán metrar á hæð. Fjölbreytt menningarstarf fengi inni í kirkjunni ef hún rís, til dæmis í samvinnu við Þjóðminjasafn, Listasafn Íslands, Listaháskólann, leikhúsin í landinu og fleiri, eins og segir í greinargerð um endurreisn þessa stórvirkis í menningarsögu landsins. MYND/VSÓ RÁÐGJÖF

Hugmyndir ræddar á kirkjuþingi um endurreisn stærstu timburkirkju miðalda:

# Vilja reisa dómkirkju í Skálholti

**MENNING** Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, kynnti á kirkjuþingi í gær hugmyndir um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti. Hugmyndirnar byggja á því að aðilar í ferðaþjónustu og þjóðkirkjan taki höndum saman um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu með endurreisn kirkjunnar, og reki hana sem sjálfstætt menningar- og sýningarhús. Dómkirkjan í Skálholti er einstæð í evrópskri byggingarsögu og var um tíma stærsta timburkirkja Norðurlanda. Bygging miðaldadómkirkna í Skálholti og á Hólum er talin einstakt menningarlegt afrek, eins og segir í ítarlegri greinargerð um verkefnið sem kynnt hefur verið kirkjuráði.

Guðjón segir að verkefnið yrði fjármagnað á viðskiptalegum forsendum en fyrirkomulag eignarhalds og rekstrar bíði frekari undirbúningsvinnu. Ekki eru uppi hugmyndir um að fjármunir komi úr sjóðum kirkjunnar eða af almannafé, að hans sögn.

Áætlaður stofnkostnaður er 530 milljónir króna miðað við verðlag í september 2011. **- shá**

Forstjóri Landsvirkjunar:

# Kárahnjúkavirkjun ekki nógu arðbær

**VIRKJANIR Kárahnjúkavirkjun skilar eiganda sínum, íslenska ríkinu, ekki nægilegum arði. Þetta er niðurstaða Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar.**



**HÖRÐUR ARNARSON**

**Kárahnjúkavirkjun nemur 65 prósentum af heildarvirði aflstöðva Landsvirkjunar, en samanlagt virði þeirra nemur 3,2 milljörðum Bandaríkjadala. Tekjur af Kárahnjúkavirkjun nema hins vegar 32 prósentum af tekjum fyrirtækisins, en aðrar virkjanir skila 68 prósentum. Er þá búið að uppfæra virði eldri eigna.**

**Tekjur Kárahnjúkavirkjunar miðað við bókfært virði námu 6 prósentum. Hörður segir að þær þyrftu helst að vera 10 prósent að bókfærðu virði. Algjört lágmark væri 8 til 9 prósent.** **- kóp** / sjá síðu 6

Þróun veiðihára mikilvæg:

# Veittu forskot í samkeppninni

**VÍSINDI** Veiðihár eru mikilvægt skynfæri fyrir mörg spendýr, og voru meðal þeirra atriða sem gáfu spendýrum forskot í samkeppni við skriðdýr snemma í þróunarsögunni, að því er rannsókn vísindamanna við Sheffield-háskóla í Bretlandi leiðir í ljós.

Rannsóknin sýnir að mýs, rottur og pokarottur nota veiðihárin til að skynja umhverfi sitt. Talið er að fyrstu spendýrin hafi lifað í trjám og ferðast um í myrkri, og veiðihárin hafi hjálpað þeim verulega.

Vísindamennirnir taka þó fram að ýmis önnur atriði hafi einnig veitt spendýrunum mikilvægt forskot fram yfir skriðdýrin, til dæmis heitt blóð og stærri heili. **- bj**









## SPURNING DAGSINS



*Albert, lét Svíagrýlan nokkuð sjá sig?*

„Ef svo var þá er hún allavega klædd Lindex-fötum núna."

Íslendingar þyrptust í nýja verslun Lindex í Smáralind um helgina. Hleypa þurfti inn í hollum og eigendur þessarar alþjóðlegu verslunarkeðju hafa aldrei upplifað annað eins. Albert Magnússon er einn af eigendum Lindex á Íslandi.

Umhverfisstofnun fellst á rök Vestmannaeyjabæjar um sektir vegna sorpbrennslu:

# Fellir niður milljóna dagsektir

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfisstofnun (UMST) hefur fallist á rök Vestmannaeyjabæjar um að sveitarfélaginu beri ekki að greiða dagsektir sem stofnunin hafði lagt á vegna ófullnægjandi mengunarvarpa sorporkustöðvar bæjarins.

Dagsektirnar, frá 1. júlí til dagsins í dag, hefðu verið að óbreyttu vel á fimmtu milljón króna, að því er næst verður komist. Dagsektirnar hafa því verið leiðréttar og eru 125 þúsund krónur.

Í bréfi dagsettu 9. maí var ákvörðun um álagningu dagsekta tilkynnt Vestmannaeyjabæ og er hin formlega úrbótakrafa miðuð við ryk í útblæstri. Í bréfinu er einnig ítarlegri umfjöllun um aðra mengunarþætti en ekki er á þá minnst í ákvörðunarorðum vegna sektanna. Leit UMST svo á að dagsektir næðu til annarra þátta en rykmengunar sem sveitarfélagið rengdi.

Nú hefur Umhverfisstofnun fallist á „að skort hafi á skýrleika ákvörðunarinnar hvað varðar þau frávik frá starfsleyfi sem ákvörðun um álagningu dagsekta tók til að öðru leyti en varðar ryk í útblæstri", eins og segir í tilkynningu UMST. - shá



**SORPBRENNSLA Í EYJUM** Eyjamenn fengu niðurfellingu vegna formsgalla í bréfi Umhverfisstofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Laugasól og Hlíð í Reykjavík:

# Tveir leikskólar fengu ný nöfn

**MENNTUN Tveir leikskólar í Reykjavík hafa fengið ný nöfn, Laugasól og Hlíð. Leikskólarnir urðu til við sameiningar og var efnt til samkeppni um nöfnin.**

**Sameinaður leikskóli Laugaborgar og Lækjaborgar fékk nafnið Laugasól. Í umsögn valnefndar segir að nafnið vísi til Laugarneshverfis og sé auðvelt í framburði fyrir börn með ýmis móðurmál.**

**Þá fékk sameinaður leikskóli Hlíðaborgar og Sólhlíðar nafnið Hlíð. Af 103 tillögum lögðu 53 til þetta nafn. - þeb**

Áhyggjur af barnasprengju:

# Karlmenn taki sig úr sambandi

**REYKJAVÍKURBORG** Í tilefni af „gríðarlegri fjölgun barna" og útgjöldum vegna þess benti Jón Gnarr borgarstjóri fólki í gær á „þann möguleika" að nota getnaðarvarnir og ófrjósemisaðgerðir. Fjárhagsáætlun 2012 var kynnt í borgarstjórn í gær.



**JÓN GNARR**

Jón sagðist sérstaklega benda karlmönnum á að kynna sér ófrjósemisaðgerðir. „Getnaðarvarnir eru mjög gjarnan til mikilla óþæginda fyrir konur og eru það jafnan þær sem taka ábyrgð enda eru það þær sem sitja uppi með afleiðingarnar. Ófrjósemisaðgerðir eða svokallaðar „herraklippingar" eru bæði hagkvæmur og þægilegur valkostur fyrir karlmenn," sagði borgarstjóri.

- gar / sjá síðu 8

Femínistar furða sig á gjöf:

# Áframsendu til Stígamóta

**JAFNRÉTTISMÁL Femínistafélag Íslands (FÍ) hefur gefið athvarfi Stígamóta fyrir þolendur vændis og mansals 50 þúsund krónur sem skemmtanahaldarinn Ólafur Geir Jónsson gaf félaginu í kjölfar Sorakvöldsins svokallaða. Í yfirlýsingu segir að gjöfin hafi verið óverðskulduð þar sem FÍ hafi ekki beitt sér á neinn hátt gegn Sorakvöldinu og skilur því ekki hvað Óli Geir sé að þakka því.**

**„Það skal þó tekið skýrt fram að félagið tekur af heilum hug undir þá gagnrýni sem kom fram á Sorakvöldið meðal annars frá jafnréttisnefnd Kópavogs," segir félagið. - sv**

# Segir systur sína hafa séð Júlla fyrir lyfjum

**Maður sem las frásögn af réttarhöldum yfir meintum læknadópsala í Fréttablaðinu gaf sig fram við lögreglu og vildi vitna um hlut systur sinnar. Hún hefði þar verið höfð fyrir rangri sök. Draumurinn kallaður „gerviapótek Reykjavíkur".**

**DÓMSMÁL** Júlíus Þorbergsson í Draumnum geymdi ekki lyfseðilsskyld lyf fyrir vinkonu sína eins og hann hefur fullyrt, heldur keypti hann þau reglulega af henni. Þetta sagði bróðir konunnar fyrir dómi í gær. „Hann var ekki að geyma neitt fyrir hana, hún var að selja honum lyf," sagði bróðirinn. „Ég vildi bara ekki að hún væri höfð fyrir rangri sök."

Bróðirinn, sá yngsti í fjölskyldunni, sagðist hafa lesið frétt Fréttablaðsins af fyrsta degi réttarhaldanna yfir Júlíusi og ráðið af samhenginu að konan sem Júlíus kvað eiga lyfin hlyti að vera systir hans, sem lést í desember í fyrra. Honum hefði blöskrað frásögnin og því haft samband við lögreglu og boðið sig fram sem vitni í málinu.

Að hans sögn var hann síðustu ár duglegur að skutla systur sinni hingað og þangað um bæinn, og í eitt sinn hafi hann farið með hana í apótek. Hún hafi komið út með fullan poka af lyfjum – sex til níu kassa – og sagst hafa góð tök á læknum sem skrifuðu iðulega upp á allt of mikið magn fyrir hana.

Að því búnu hafi hún beðið um að vera ekið í Drauminn á Rauðarárstíg, farið inn með lyfin, skilið þau þar eftir og komið út með fullt umslag af peningum. Þetta hafi hún sagst gera reglulega til að verða sér úti um aukapening. Bróðirinn kvaðst hafa neitað að skutla henni þangað framar.

Fyrir dóminn kom einnig Matthías Halldórsson, fyrrverandi landlæknir. Hann sagði að í starfi sínu hefði hann haft mikil samskipti við fólk sem misnotaði lyf og ættingja þess. „Og þá fór ég að heyra mikið nafn þessa manns, sem ég hef aldrei séð, en var kallaður Júlli í Draumnum," sagði Matthías. Fólk hefði borið að þar væri auðvelt að nálgast læknadóp.

„Mér fannst þetta eiginlega ekki vera mitt mál, ég var meira að fylgjast með læknum, ekki dópsölunum sjálfum," sagði Matthías, en hann hefði þó skrifað bréf til lögreglunnar og látið vita af þessu.

Þá mætti fyrir dóminn eldri maður sem sagðist hafa heyrt frá kunningjum sínum að í Draumnum væri selt læknadóp og ákveðið að sannreyna það sjálfur. „Það var verið að gera grín að því í mín eyru að þetta væri gerviapótekið í Reykjavík – og ég komst að því að þetta var rétt," sagði maðurinn.

Hann hefði ekki átt í neinum vandræðum með að kaupa lyf, en hefði síðan skilað þeim rakleiðis til lögreglu. stigur@frettabladid.is



## Kvað lyfin flest í eigu draughræddrar konu

**Júlíus Þorbergsson neitar því að hafa selt lyfseðilsskyld lyf í Draumnum við Rauðarárstíg. Þau hafi hann geymt fyrir kunningjakonu. Hann viðurkennir að hafa selt munn- og neftóbak og segir lögreglumenn einkum hafa sótt í það.**

**DÓMSMÁL** Júlíus Þorbergsson kaupmaður, betur þekktur sem Júlli í Draumnum, kvaðst fyrir dómi í gær aldrei hafa selt lyfseðilsskyld lyf úr verslun sinni við Rauðarárstíg.

Lögreglan handtók Júlíus í fyrrasumar og lokaði Draumnum. Í versluninni og á tveimur öðrum stöðum í höfuðborginni fundust rúmlega þúsund skammtar af lyfseðilsskyldum lyfjum, sem Júlíus var síðan ákærður fyrir að hafa ætlað að selja í verslun sinni.

Þetta segir Júlíus af og frá. Þorra lyfjanna hafi hann haft til geymslu fyrir kunningjakonu sína, sem nú sé látin. „Hún var farin að sjá einhverja drauga sem voru að labba í íbúðinni hjá henni," sagði Júlíus. „Hún var búin að fá sér „security"-kerfi og þeir voru farnir að fara fram hjá því – einhverjir ósýnilegir menn."

Af þessum sökum hafi hún talið nauðsynlegt að losna við lyfin. Hún hafi sent þau til hans í pokum, en

**ALDREI NOKKURN TÍMANN** Júlíus segist aldrei hafa átt kókaín. Útlendir múrarar hljóti að hafa skilið það eftir á heimili hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Júlíus er jafnframt ákærður fyrir að selja nef- og munntóbak,

nokkurn tímann," staðhæfði Júlíus, og gat sér þess til að erlendir múr-

**FRÉTTIN SEM BRÓÐURNUM BLÖSKRAÐI** Júlíus sagði konuna þurfa á lyfjum að halda því hún væri hrædd við „ósýnilega menn" sem kæmust framhjá öryggiskerfinu heima hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Lykilvitni finnst ekki þrátt fyrir mikla leit

Einn ákæruliðanna í málinu gegn Júlíusi snýst um að hann hafi selt tveimur nafngreindum konum lyf úr Draumnum. Báðar hafa fullyrt þetta við lögreglu en mikilvægt þykir að þær mæti og beri vitni fyrir dómi, enda veltur niðurstaða þess ákæruliðar að mestu á framburði þeirra.

Önnur þeirra gaf símaskýrslu af meðferðarstofnun í Svíþjóð í gær og sagðist hafa keypt lyf á þúsund krónur töfluna oftar en hún hefði tölu á. Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Júlíusar, mótmælti því að símaskýrsla væri tekin af lykilvitni – það hlyti að þurfa að koma fyrir dóminn.

Hin konan átti að bera vitni á fyrsta degi réttarhaldanna en mætti þá ekki. Í gærmorgun, áður en aðalmeðferðinni var haldið áfram, lagði lögregla ofuráherslu á að finna konuna og koma henni í réttarsal, án árangurs. Til stendur að handtaka hana þegar hún finnst og klára þá réttarhöldin.



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Forsætisráðherra Tyrklands er harðorður í garð Sýrlandsstjórnar. NORDICPHOTOS/AFP

Sýrland einangrast æ meir:

# Tyrkir hætta við olíuleit

**TYRKLAND, AP** Tyrknesk stjórnvöld hafa hætt við olíuleit í Sýrlandi. Jafnframt hóta Tyrkir því að hætta raforkuflutningi til Sýrlands ef ástandið þar í landi lagast ekki.

Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, gagnrýndi Bashar Al-Assad Sýrlandsforseta harðlega vegna árása sýrlenskra stjórnvalda á mótmælendur og einnig vegna árása stuðningsmanna Assads á tyrkneska sendifulltrúa í Sýrlandi.

Sýrland hefur einangrast æ meir vegna ástandsins. Meðal annars hefur Sýrland verið rekið úr Arababandalaginu og Abdullah Jórdaníukonungur hefur hvatt Assad til að segja af sér. - gb

Engir saurgerlar í nýju sýni:

# Vatnið í Garði orðið hreint á ný

**UMHVERFISMÁL Drykkjarvatn í Garði er orðið hreint á ný eftir að E. coli bakteríur fundust þar í síðustu viku.**

**Reglubundið eftirlit með gæðum neysluvatns leiddi til þess að saurgerlar fundust í vatnsbóli við Heiðarbraut. Var vatnsbólinu lokað á mánudag vegna þessa og dreifikerfi hreinsað. Á mánudag voru tekin sýni á nýjan leik á mörgum stöðum í dreifikerfi vatnsveitunnar og fannst þá hvergi saurmengun. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja mun á næstu vikum fylgjast grannt með vatninu, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta. - þeb**


## Ert þú 60 ára eða eldri og langar að hreyfa þig?

**Skemmtileg námskeið fyrir þá sem vilja markvissa hreyfingu í góðum félagsskap.**

- Byrjendur: Mán og mið kl. 11:00 eða 15:00
- Framhald: Mán, mið og fös kl. 11.00
- Hefst 28. nóvember – 4 vikur
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is


Hægt að kaupa vistvænt íslenskt eldsneyti hjá N1 í Fossvogi:

# Vistvænt metanól komið á markað

**ORKUMÁL** Eldsneytisverksmiðja Carbon Recycling International (CRI) hefur hafið framleiðslu og er sala á blönduðu vistvænu metanóli hafin á bensínstöð N1 í Fossvogi. Til stendur að eldsneytið fari í frekari dreifingu innan nokkurra vikna, að því er segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Eldsneytið er framleitt úr koltvísýringi og orku úr jarðhita frá HS orku í Svartsengi, og fullyrða forsvarsmenn fyrirtækisins að þetta sé í fyrsta sinn sem vistvænt eldsneyti sé framleitt með þessum hætti í heiminum.

Metanólið sem framleitt er í verksmiðjunni er blandað bensíni og hentar þannig öllum bensínbílum, í samræmi við íslenskar og evrópskar reglur.

Það er selt á bensínstöð N1 við Kringlumýrarbraut. N1 og CRI undirrituðu nýlega samkomulag um markaðssetningu eldsneytisins hér á landi og er undirbúningur hafinn að dreifingu eldsneytisins á fleiri stöðvar.

CRI var stofnað árið 2006 og er með höfuðstöðvar í Borgartúni. Framkvæmdir við eldsneytisverksmiðjuna í Svartsengi hófust í lok árs 2010. - sh



**VISTVÆNT Á TANKINN** Dælan á N1 við Kringlumýrarbraut var notuð í fyrsta sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Til hamingju með dag íslenskrar tungu

MS vinnur markvisst að verndun íslenskrar tungu með beinum stuðningi við málræktarstarf og vekur athygli á fjölbreytileika tungumálsins. Íslenska er okkar mál.

# Nonni addaði Siggu á Fésbók og bauð henni með sér í átlettið




## Íslendingar á fullu í ræktinni

Nýyrðin og teikningar Halldórs Baldurssonar sem nú prýða mjólkurfernurnar hafa vakið mikla athygli landsmanna. Fjölmargir heimsóttu vefinn okkar, ms.is, og tóku þátt í nýyrðasamkeppni þar sem „adda“, „Fésbók“ og „átlett“ skipuðu efstu sætin á vinsældarlistanum. Þetta er til vitnis um það að tungumálið okkar er síungt og frjótt og að Íslendingar hafa brennandi áhuga á málræktinni.

**Við þökkum öllum sem tóku þátt í nýyrðasamkeppninni.**



ENNEMM / SÍA / NM48855

**www.ms.is**

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

## GENGIÐ 15.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,09 | 117,65 |
| Sterlingspund | 185,67 | 186,57 |
| Evra | 158,48 | 159,36 |
| Dönsk króna | 21,289 | 21,413 |
| Norsk króna | 20,325 | 20,445 |
| Sænsk króna | 17,342 | 17,444 |
| Japanskt jen | 1,5192 | 1,5280 |
| SDR | 183,23 | 184,33 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,7164

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir spyr hvort eðlilegt sé að taka síma af kvenborgarfulltrúa í fæðingarorlofi:

# Segir farsíma í fæðingarorlofi jafnréttismál

**REYKJAVÍKURBORG** „Þó að borgarfulltrúi fari í leyfi eða orlof fer hann ekki úr starfi sínu, áfram svarar hann erindum, símtölum, fundum og tölvupósti,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi.

Þorbjörg spurðist fyrir um það hjá forsætisnefnd borgarinnar hvort breyta mætti reglum um símanotkun þannig að borgarfulltrúar fengju greiddan farsímakostnað í fæðingarorlofi. Því var hafnað á fundi nefndarinnar eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Sjálf er Þorbjörg barnshafandi og í leyfi. Fæðingarorlof hennar er þó enn ekki hafið eins og sagði í blaðinu í gær.

Þorbjörg segir borgarfulltrúa fá greiddar að hámarki 15 þúsund krónur á mánuði í símakostnað. „Það að borga ekki símakostnað í fæðingarorlofi borgarfulltrúa er því samtals níutíu þúsund krónur að hámarki miðað við sex mánaða orlof,“ bendir hún á.

Þá segir Þorbjörg að eftir að hún fór í leyfi hafi Vodafone sagst myndu loka númeri hennar nema hún gerði samning við fyrirtækið. „Að loka númeri á borgarfulltrúa á sér ekki fordæmi,“ segir Þorbjörg sem kveður stjórnmálamenn, jafnvel þótt þeir séu óvinsælir, eiga „rétt á sæmilegum kjörum og vinnuaðstöðu“.

Að sögn Þorbjargar var símareglunum breytt nýlega í það horf sem hún óskaði að yrði endurskoðað. „Þetta er réttlætismál og jafnréttismál,“ segir Þorbjörg sem kveður engan sem lesi frétt Fréttablaðsins í gær fá tilefni til að spyrja hvort eðlilegt sé að sími sé tekinn af kvenborgarfulltrúa í fæðingarorlofi og reglum breytt rétt áður en það gerist. - gar



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR** Segist eingöngu hafa síma sinn frá borginni opinn fyrir símtöl og sms og „einstaka símtöl frá borgarstarfsmönnum og borgarfulltrúum“. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VIÐURKENNING** MBA-nám í HR fékk nýlega viðurkenningu frá alþjóðlegu samtökunum AMBA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vegtylla Háskólans í Reykjavík:

## MBA-nám við HR hlýtur viðurkenningu AMBA

**MENNTUN MBA-nám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík (HR) hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu á frá samtökunum Association of MBAs (AMBA).**

**Í frétt á vef HR segir að þessi samtök séu ein þau virtustu sinnar tegundar í heiminum og að þetta sé í fyrsta sinn sem viðskiptanám á Íslandi hljóti slíka viðurkenningu.**

**Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar, segir í téðri frétt að þessi viðurkenning staðfesti gæði MBA-náms hjá HR og skapi færi á að auka aðsókn erlendra nema í námið. Það muni síðan efla deildina og skólann í heild. - þj**

Tvær nauðganir í Ósló:

## Tilkynnt um fleiri nauðganir

**NOREGUR** Tilkynnt hefur verið um tvær nauðganir í Ósló eftir helgina. Svokallaðar árásarnauðganir, þar sem ráðist er á konur í almannarými, eru mikið vandamál í borginni.

Önnur konan var á leið heim í leigubíl þegar bílstjórinn réðist á hana. Hin konan var gangandi og var dregin inn í anddyri húss þar sem henni var nauðgað.

Einnig var tilkynnt um nauðgunartilraunir í Ósló og Tønsberg. - þeb

# Jarðvarminn sparar tugi milljarða á ári

**Fáar þjóðir eru ríkari af vatni en Íslendingar. Vísbendingar eru um að frá 1970 hafi jarðvarmi til húshitunar sparað Íslendingum um 60 milljarða króna að meðaltali á ári í olíukaupum. Nýting jarðvarma hefur tvöfaldast á 20 árum.**

**UMHVERFISMÁL** Sparnaður af nýtingu jarðvarma til húshitunar á Íslandi á tímabilinu 1970 til 2010 er allt að 2.420 milljarðar króna, að mati Orkustofnunar. Nemur sparnaðurinn fyrir íslenskt samfélag því um 60 milljörðum að meðaltali á ári hverju á tímabilinu.

Þetta er ein af niðurstöðunum sem birtar eru í hagfræðilegri greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (HHÍ) á nýtingu vatns, sem unnin var að beiðni Umhverfisstofnunar. Verkefnið er liður í innleiðingu vatnatilskipunar sem samþykkt var sem hluti af EES-samningnum árið 2007.

Niðurstaða Orkustofnunar er efnahagslegur ávinningur af því að nýta jarðvarma til húshitunar borið saman við olíukyndingu. Tekið er fram í skýrslunni að margt geti haft áhrif á þessa mynd. Til dæmis að líklega væri minna kynt ef brenna þyrfti olíu til kyndingar. Í ljósi þessa segja skýrsluhöfundar að rétt sé að líta á útreikninga Orkustofnunar sem vísbendingu um sparnað.

Önnur staðreynd sem dregin er fram í skýrslu HHÍ er hversu auðugir Íslendingar eru af vatni. Áætlað er að ferskvatnsforði á hvern íbúa á Íslandi samsvari um 532 þúsund tonnum. Það er ríflega sexfaldur vatnsforði Norðmanna, sem næstir okkur koma af nágrannalöndunum. Vatnsforði Dana, Breta og Þjóðverja er tvö til þrjú þúsund tonn á hvern íbúa.




**Í HNOTSKURN** Vatn er meðal helstu auðæfa Íslendinga. Ný hagfræðiúttekt dregur þá staðreynd fram á margvíslegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greining HHÍ tekur til fjölmargra þátta. Kemur fram að á Íslandi sé stærstur hluti raforku framleiddur með vatnsaflsvirkjunum, eða um tólf þúsund GW stundir árið 2009. Um 4,5 þúsund GW stundir voru framleiddar með jarðvarma sama ár.

Allar hitaveitur landsins dreifðu samtals um 140 þúsund rúmmetrum af heitu vatni árið 2008 til um 295 þúsund notenda.

Innan við tíu prósent húsa voru tengd fráveitukerfi með hreinsibúnaði árið 1997 en 68 prósent árið 2006.

Heildarnýtingu á köldu vatni til heimilisnota er erfitt að meta þar sem rennslismælar eru ekki nýttir hér. Orkuveita Reykjavíkur telur að hver íbúi nýti um 200 lítra af köldu vatni á dag, eða 73 rúmmetra á ári. Almenningsveitur nýta mest kalt vatn, og er þá horft til mælinga frá 2003, eða um 80 milljónir rúmmetra árlega. Fiskeldi nýtir næstmest, 70 milljónir rúmmetra á ári, en stóriðja nýtti sextán milljónir rúmmetra af köldu vatni fyrir sína starfsemi. Heildartekjur af nýtingu vatns á Íslandi eru taldar nema 65,5 milljörðum til 79 milljarða króna á ári.

svavar@frettabladid.is

Salman Rushdie hefur sigur:

## Facebook lúffar í nafnadeilu

**BRETLAND** Breski rithöfundurinn Salman Rushdie hefur unnið sigur í baráttu sinni við að fá að halda úti síðu á Facebook undir nafninu Salman Rushdie, að því er fram kemur á vef BBC.



**SALMAN RUSHDIE**

Rushdie heitir fullu nafni Ahmed Salman Rushdie, en hann notar ekki fyrsta nafnið.

Stjórnendur Facebook óskuðu nýlega eftir staðfestingu á því að hann væri í raun og veru sá sem hann segðist vera. Þegar Rushdie sendi afrit af vegabréfi sínu því til sönnunar sáu stjórnendur Facebook að Salman er millinafn Rushdies og breyttu nafninu á síðunni í Ahmed Rushdie. Eftir mikla baráttu hefur þeirri ákvörðun nú verið snúið. - bj

Framlengt á einn fjögurra:

## Úrarænigjar verði yfirheyrðir

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Íslandi hefur óskað eftir því að pólsk lögregluyfirvöld færi tvo úraræningjanna svokölluðu til skýrslutöku. Sá þriðji, sem komst úr landi, er ófundinn. Fjórði meinti vitorðsmaðurinn, sem náðist hér, skal sæta gæsluvarðhaldi hér til 8. desember.**

**Í kröfugerð lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um framlengingu gæslunnar kemur fram að sá síðastnefndi hafi falið úrin mjög vel í pakkningum í hurðum bifreiðar sinnar. Samverkamenn mannsins voru handteknir í Póllandi stuttu eftir ránið. Þeim var sleppt, þar sem enginn framsalssamningur er á milli landanna. - jss**


Voltaren Gel 100g

20% afsláttur

Verð áður: 3.073 kr.

Verð nú: 2.458 kr.




Reykjavíkur Apótek

Seljavegi 2 101 Reykjavík Sími 511 3340 www.reyap.is

Afgreiðslutími: 9-18.30 alla virka daga og 10-16 á laugardögum


## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**SKAMMDEGI** en milt í veðri. Hlýindi verða næstu daga, þó kólnar lítið eitt sérstaklega N-til. Væta S-og V-til en að mestu þurrt N- og A-til yfir daginn. Strekkingur SV-til í dag og á morgun en lítur út fyrir hæglætis veður um allt land á föstudag.



Á MORGUN
10-15 m/s syðst, annars hægari.

FÖSTUDAGUR
Fremur hægur vindur.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 14° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Brynja Gunnarsdóttir brynjag@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

TOYOTA

# Nýr Yaris.

## Hannaður með framtíðina í huga.




Nýr Yaris er leiðandi bíll. Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota **Touch & Go**, **bakkmyndavél**, **sjö loftpúðum** og eldsneytisnýtingu frá **3.9 l á 100 km** auðveldar þér vegferðina.

Erum á **Facebook - Toyota á Íslandi**

TOYOTA TOUCH & GO

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**Today Tomorrow Toyota**

**www.toyota.is**

Búnaðurinn í bílnum í þessari auglýsingu getur í einhverjum tilvikum verið frábrugðinn því sem í boði er hér á landi.

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú skoðun á því hver á að vera biskup yfir Íslandi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 28,7% |
| NEI | 71,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgist þú með fréttum af fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Fjórir sjómenn fundnir sekir um að brjóta með lostugu athæfi gegn þrettán ára dreng á veiðiskipi:

# Fjórir menn níddust kynferðislega á dreng

**DÓMSMÁL** Fjórir sjómenn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að níðast á dreng, sem þá var þrettán ára, um borð í skipi í tíu daga veiðiferð. Mennirnir voru allir dæmdir í skilorðsbundið fangelsi, allt frá 45 dögum og upp í þrjá mánuði.

Mennirnir voru ákærðir fyrir að hafa beitt drenginn „kynferðislegri áreitni með lostugu athæfi“. Tveir þeirra voru dæmdir fyrir að hafa ætlað að „punga hann“ sem að því er kom fram við réttarhöld þýðir að „setja punginn á enni manns“. Aðrir tveir voru sakfelldir fyrir að halda drengnum á milli sín meðan annar þeirra viðhafði samfarahreyfingar við hann þannig að buxur þeirra snertust. Annar þessara tveggja sjómanna var einnig ákærður fyrir að hafa í allt að fimm skiptum potað með fingri eða úrgreiðslugoggi í rass drengsins utanklæða, en dæmdur fyrir að slá hann í rassinn, þar sem frekari áreitni taldist ekki sönnuð. Þá var einn sjómannanna dæmdur fyrir að klemma drenginn að vinnuborði á dekki og viðhafa samfarahreyfingar við hann aftan frá. Loks var sami sjómaður dæmdur fyrir að hafa í eitt skipti, þegar drengurinn var að horfa á sjónvarp í setustofu, sett í gang klámmynd, hækkað hljóðið og lokað drenginn inni í setustofunni.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Athæfið átti sér stað í vikulangri veiðiferð.

Drengurinn hafði farið í þessa veiðiferð með föður sínum, sem bar fyrir dómi að hann hefði óttast að það kæmi niður á vinnu sinni, skærist hann í leikinn, enda skyldleiki og vinskapur með skipstjóranum og tveim hinna dæmdu. Það hann konu sína því um að sækja drenginn. Sjómennirnir voru sammála um að mórallinn um borð hefði verið „fínn“ og athæfið hefði verið „svona væg busun“. - jss



**LINDEX Í SMÁRALIND** Hleypa þurfti fólki inn í hollum fyrst um sinn.

Stærsta opnun Lindex:

## Lagerinn búinn eftir þrjá daga

**VERSLUN Verslunin Lindex, sem opnaði í Smáralind um síðustu helgi, hefur neyðst til að loka tímabundið. Ástæðan er sú að lager verslunarinnar kláraðist á þremur dögum en átti að endast í þrjár vikur.**

**Um tíu þúsund manns komu í verslunina fyrstu þrjá dagana. Í tilkynningu frá eigendum kemur fram að nú sé unnið að því að fá nýjar sendingar með hraði til landsins. Opnað verður á nýjan leik á laugardagsmorgun.** - þeb

Tæknin minnir á Stjörnustríð:

## Geta smíðað dráttargeisla

**VÍSINDI** Nokkrir hópar vísindamanna telja sig vera komna nærri því að smíða tæki sem gefur frá sér dráttargeisla. Slíkir geislar eru þekktir úr vísindaskáldsögum og komu fyrir í Stjörnustríðsmyndum George Lucas.

Laser-geislarnir sem vísindamenn telja sig geta framkallað í dag eru þó ekki nægilega sterkir til að geta gripið meðalstórt geimskip. Krafturinn ætti þó að duga til að draga eitt saltkorn. - bj

**BORGARBYGGÐ**

### Ekki jólaskraut hjá bænum

Ekki verða settar upp jólaskreytingar á vegum Borgarbyggðar í ár vegna niðurskurðar, fyrir utan að jólatré verður á Kveldúlfsvellinum samkvæmt áralangri hefð og ljós þess tendruð í upphafi aðventu.

# Landsvirkjun hefur skilað of litlum arði

**Semja hefði þurft um hærra raforkuverð til að Landsvirkjun hefði getað skilað meiri arði. Stefnt er að hærra verði í samningum. Fyrirtækið hefur skilað 110 milljónum dala í arð á 46 árum, eða 2 prósentum af eignum fyrirtækisins.**

**VIRKJANIR** Landsvirkjun skilar of litlum arði til eiganda síns, íslenska ríkisins, að mati Harðar Arnarsonar forstjóra. Hann segir að arðsemi hafi verið að meðaltali 2 prósent frá stofnun fyrirtækisins, sem sé of lítið.

Haustfundur Landsvirkjunar var haldinn í gær og fór Hörður þar yfir framtíðarsýn fyrirtækisins. Í henni felst að semja um hærra orkuverð í samningum framtíðarinnar. Hörður segir allar spár gera ráð fyrir hærra raforkuverði í Evrópu og stefna fyrirtækisins sé að verð hækki hér á landi í takt við þá hækkun þannig að hlutfallslegur munur á milli markaðanna haldist. Með því fengist aukin hlutdeild af hagnaði orkusölu til Landsvirkjunar.

Frá árinu 1965 hefur Landsvirkjun greitt 66 milljónir Bandaríkjadala, núvirt, í arðgreiðslur. Fyrirtækið hefur verið undanþegið tekjuskatti og engan slíkan greitt, en greitt 44 milljónir dala í auðlindagjöld. Samtals hefur fyrirtækið því greitt 110 milljónir Bandaríkjadala til eiganda síns, en það nemur um 2 prósentum af eignum fyrirtækisins í dag.

Hörður sagði eiganda fyrirtækisins, íslenska ríkið, því hafa notið óverulegs beins ávinnings af því. Raforkuverð til almennings hefði lækkað en lágt verð til iðnfyrirtækja skýrði ónógan hagnað. Góður rekstrargrunnur væri í virkjunum fyrirtækisins, en einnig há skuldastaða, sem skýrðist mest af Kárahnjúkavirkjun.

Mögulegt er að tvöfalda orkuframleiðslu í landinu í sátt við þjóðina, að mati Harðar. Vonir standi til að árið 2030 geti fyrirtækið skilað árlegum arðgreiðslum upp á allt að 1 milljarði Bandaríkjadala.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sat fundinn. Hann hrósaði fyrirtækinu fyrir að stuðla að upplýstri umræðu um stefnumótun þess. Hann sagði gríðarlega fjárhagslega hagsmuni fólgna í því að ná fram hærra raforkuverði.

kolbeinn@frettabladid.is

### Virkjunin rétt stendur undir lánum

Hörður Arnarson tók Kárahnjúkavirkjun sem dæmi um virkjun sem væri ekki nógu arðbær. Tekjur af virkjuninni miðað við bókfært virði væru aðeins 6 prósent. Æskilegt væri að þær væru ekki undir 10 prósentum, en að lágmarki 8 til 9 prósent. Meðalarðsemi eigin fjár af virkjuninni á þeim fjórum árum sem hún hefur verið starfrækt er 3,5 prósent. Steingrímur J. Sigfússon segir ljóst að stór hluti skulda Landsvirkjunar sé bundinn í virkjuninni. Framlegð miðað við stofnkostnað sé mjög lág, ekki nema rúmlega það sem þurfi til að mæta vaxtakostnaði og afborgunum á lánum. Hann vonast til að hærra álverð auki arðsemi virkjunarinnar.




NÝSKÖPUN Í ORKUGEIRANUM
TÆKIFÆRI Í JARÐVARMA

Háskólinn í Reykjavík, Innovit og Landsvirkjun bjóða til hádegisfundar **fimmtudaginn 17. nóvember kl. 12:00–13:00.**

> **Framtíð í frumkröftum jarðar**
Óli Grétar Blöndal Sveinsson, *framkvæmdastjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar*

> **Að temja borholu**
Steindór Hjartarson, *meistaranemi REYST hjá HR*

> **Hvernig búum við til prótín úr brennisteinsvetni?**
Arnþór Ævarsson, *framkvæmdastjóri Prókatín*

**Fundarstjóri:** Guðrún Sævarsdóttir, dósent og sviðsstjóri véla– og rafmagnstæknisviðs í tækni– og verkfræðideild HR.

**Stund:** 17. nóvember kl. 12:00–13:00.
**Staður:** Háskólinn í Reykjavík, V101–Antares

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

Landsvirkjun innovit Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

Bloomberg segir það hafa verið orðið óhjákvæmilegt að rýma Zuccotti-garð:

# Mótmælendur færðu sig til

**BANDARÍKIN** Hundruð lögreglumanna sem búnir voru undir óeirðir, rýmdu í fyrrinótt Zuccotti-almenningsgarðinn í New York, þar sem mótmælendur höfðu hreiðrað um sig og margir dvalist vikum saman í tjöldum.

Ekki kom til mikilla átaka, enda hafði lögreglan tilkynnt um aðgerðirnar með góðum fyrirvara. Um 200 manns voru þó handteknir. Sumir hrópuðu ókvæðisorð að lögreglunni.

Michael Bloomberg borgarstjóri sagði þetta orðið óhjákvæmilegt, því þótt borgarbúar ættu að hafa fullt tjáningarfrelsi hefðu þeir ekkert frelsi til að leggja undir sig hluta borgarinnar og útiloka aðra. Auk þess hefðu skemmdarverk og jafnvel ofbeldi færst í aukana á torginu og í næsta nágrenni þess.

Síðar í gær komu mótmælendur saman á öðrum stöðum í borginni, meðal annars á Foley-torgi og Duarte-torgi. Mótmælahreyfingin Occupy Wall Street ætlar ótrauð að halda áfram að mótmæla ofríki fjármálaheimsins.



**MÓTMÆLENDUR Í NEW YORK** Þeir komu saman annars staðar í borginni fáeinum klukkustundum eftir að Zuccotti-garðurinn var rýmdur. NORDICPHOTOS/AFP

Sams konar mótmæli hafa breiðst út um borgir víða um heim. Víða hafa stjórnvöld látið rýma svæði sem mótmælendur hafa lagt undir sig. Nú síðast í gær ákváðu borgaryfirvöld í London að hefja á ný aðgerðir gegn mótmælendum fyrir utan Pálskirkjuna. - gb

www.volkswagen.is

# Volkswagen Polo er mest seldi bíllinn á Íslandi í dag



**27.569 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun**
Afborgun miðast við óverðtryggðan bílasamning í 84 mánuði á 8,95% föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Kynntu þér fjármögnunarleiðirnar á www.landsbankinn.is eða í síma 569 2000

## Þeir sem bera saman verð og gæði velja Volkswagen

Komdu og prófaðu nýjan, stærri og betur búinn Polo.

Betri fyrir þig og betri fyrir umhverfið.

**Polo kostar aðeins frá**

**2.390.000 kr.**

Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur, samlitir speglar og hurðarhandföng, þokuljós og litaðar rúður.

Das Auto.

**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

**Volkswagen Polo er til afgreiðslu strax**

HB GRANDI

Hluthafafundur

Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn fimmtudaginn 24. nóvember 2011 í matsal HB Granda að Norðurgarði, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14:00.

Dagskrá:
Kosning nýrrar stjórnar.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf hluthafafundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum með skriflegt umboð á fundarstað frá kl. 13:30.

Stjórn HB Granda hf.

FABRIKAN



FJÁRHAGSÁÆTLUN KYNNT Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar í borgarstjórn segir ábyrga fjármálastjórn einkenna frumvarp til fjárhagsáætlunar næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Segja jafnvægi náð í borgarfjármálunum

**Meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur segir „ákveðnu jafnvægi" náð í rekstri borgarinnar. Oddviti Sjálfstæðisflokks segir kerfið þenjast út á kostnað fólks sem sé ekki aflögufært. Fjárhagsáætlun næsta árs var kynnt í borgarstjórn í gær.**

**REYKJAVÍKURBORG** „Ákveðnu jafnvægi hefur verið náð í rekstri Reykjavíkurborgar eftir tímabil þriggja ára niðurskurðar," segir í kynningu meirihluta borgarstjórnar á frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2012 sem lögð var fram í borgarstjórn í gær.

„Við erum komin í gegnum einhverjar mestu efnahagsþrengingar sem þessi borg hefur gengið í gegnum í 225 ára sögu sinni. Óveðrið er gengið yfir," sagði Jón Gnarr borgarstjóri úr Besta flokknum.

„Nauðsynlegar aðgerðir sem farið var í til að bæta fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur hafa eytt óvissu og skila sér nú í umtalsvert meira öryggi fyrir rekstur Reykjavíkurborgar," segir meirihlutinn, sem kveður fagsvið borgarinnar fá hækkun á fjárhagsáætlun til að mæta kostnaði við kjarasamninga.

„Sterkri stöðu borgarsjóðs verður viðhaldið til að tryggja fjármögnun Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar á sem hagstæðustum kjörum," segir meirihlutinn, sem hyggst ekki hækka þjónustugjöld meira en sem nemi verðlagshækkunum. Lóðagjöld hækki en fasteignagjöld lækki. Í heild eigi þessi gjöld að verða svipuð hjá langflestum á milli ára. Sagt er að fjárhagsleg staða „heildarreksturs Reykjavíkurborgar" batni



FULLTRÚAR MINNIHLUTANS Júlíus Vífill Ingvarsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir úr Sjálfstæðisflokki og Sóley Tómasdóttir úr VG rýndu í fjárhagsáætlunina í borgarstjórn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

umtalsvert miðað við árið í ár. Þá kemur fram að verja eigi 6,5 milljörðum króna í framkvæmdir.

„Það er ljóst að ef borgarbúar hefðu haft eitthvað um forgangsröðun í fjárhagsáætlun að segja hefðu þeir líklega ekki ákveðið að hækka enn álögur á fólkið til þess að belgja enn frekar út kerfið og gera meirihlutanum kleift að vinna að sínum gæluverkefnum á meðan þjónusta er skert við borgarbúa," segir í tilkynningu borgarfulltrúa minnihluta Sjálfstæðisflokks

Sjálfstæðismenn segja að gjaldskrárhækkanir á barnafjölskyldur frá árinu 2012 megi áætla 35 prósent umfram útsvarshækkun.

„Kerfið þenst út á kostnað fólksins sem ekki er aflögufært," sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, í borgarstjórn í gær.

„Í þessari fjárhagsáætlunargerð hafði meirihlutinn raunverulegt tækifæri til þess að sýna hversu skapandi hann er og hvað það er sem skiptir hann máli en hann gerði það ekki," sagði Sóley Tómasdóttir. borgarfulltrúi Vinstri grænna. „Þetta er með hefðbundnari fjárhagsáætlunum og ekkert sem bendir til þess að hér sé um nýjar, ferskar eða breyttar áherslur að ræða frá borgarstjórnum fyrri tíma."

gar@frettabladid.is

FJÖLVARP
Discovery CHANNEL
MYTHBUSTERS
Alla virka daga kl. 18.00
Discovery Channel er fáanlegt í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

Skrifaði óafvitandi undir eigin skilnaðarpappíra:

# Vill skylda sýslumenn til að útvega túlka

**ALÞINGI** Skylda ætti sýslumannsembætti landsins til að útvega þeim innflytjendum sem þurfa túlkaþjónustu til að tryggja réttindi innflytjenda sem þangað leita, sagði Amal Tamimi, þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðum um innflytjendamál á Alþingi í gær.

Augljós hætta er á því eins og staðan er í dag að fólk af erlendum uppruna skilji ekki það sem fram fer hjá sýslumönnum, sagði Amal.

Hún sagði sögu konu af erlendum uppruna sem hefði að beiðni eiginmanns síns skrifað undir pappíra sem hún hélt að væru vegna bílakaupa. Hún fór með eiginmanninum til sýslumanns til að afhenda pappírana, án þess að átta sig á því að hún væri hjá sýslumannsembætti.

Þegar konan, sem beitt var ofbeldi af manni sínum, spurði félagsráðgjafa hvernig hún gæti skilið við manninn kom í ljós að hún hafði óafvitandi undirritað eigin skilnaðarpappíra.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði sýslumenn ekki hafa lagaskyldu til að bjóða upp



MISBRESTUR Amal Tamimi segir að tryggja verði að fólk sem ekki tali íslensku skilji það sem fram fari hjá sýslumönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

á túlkaþjónustu. Hann hefði hins vegar spurt sýslumenn hvernig slíkri þjónustu væri háttað og fengið þau svör að þar væri „reynt að koma til móts við" fólk sem ekki skildi íslensku, ensku eða norrænt tungumál. Ögmundur segist ekki þekkja dæmi þess að gagnaðili túlki hjá sýslumanni í deilumáli.

Til greina kemur að breyta lögum svo að sýslumenn þurfi að útvega túlka, sagði Ögmundur. Ef vilji Alþingis stæði til þess að gera slíkar breytingar yrðu þingmenn að vera sjálfum sér samkvæmir og láta fjármagn fylgja fyrir túlkaþjónustu fylgja lagabreytingunum. - bj

Könnun geimsins:
frá fortíð til framtíðar
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Dr. Bonnie Dunbar

Íslensk-ameríska félagið í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Icelandair bjóða þér á fyrirlestur dr. Bonnie Dunbar, fyrrverandi geimfara hjá NASA:

EXPLORING SPACE:
From the Past to a 21st Century Vision
KÖNNUN GEIMSINS:
frá fortíð til framtíðar

Dr. Dunbar mun í fyrirlestri sínum fjalla um geimferðir, þær ferðir sem hún hefur farið í og hvaða áætlanir eru um ferðir á 21. öldinni. Fyrirlesturinn fer fram í Öskju í stofu 132, fimmtudaginn 17. nóv. og hefst kl 16:00.

Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

ÍSLENSK-AMERÍSKA FÉLAGIÐ
ICELANDAIR VILDARKLÚBBUR
HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

*Lífís líf- og sjúkdómatryggingar*

## Það er margt sem felst í því að vera ábyrgir

# FORELDRAR

*Mynd 1.a*




## Vertu líf- og sjúkdómatryggður

*Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá Lífís býrðu þér og þínum nánustu öruggari og áhyggjulausari framtíð. Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar ættu að huga að mikilvægi líf- og sjúkdómatrygginga.*

*Kynntu þér málið á* ***lifis.is*** *eða í síma* ***560 5000.***

Lífís

**Lífís tryggingar fást hjá VÍS**

*Líftryggingafélag Íslands hf. / Ármúla 3 / 108 Reykjavík Sími: 560 5000*

Fíton / SÍA







Íslenskukennarar á Hugvísindasviði HÍ sammála kollegum á Menntavísindasviði:

# Hafa áhyggjur af íslenskukennslu

**MENNTAMÁL** Íslenskukennarar á Hugvísindasviði Háskóla Íslands hvetja til þess að hlutur íslenskunnar í menntun kennara verði aukinn, í samræmi við það sem segir í íslenskri málstefnu. Þar með taka þeir undir gagnrýni íslenskukennara á Menntavísindasviði í þessa veru.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem kennararnir sendu frá sér í gær í tilefni af degi íslenskrar tungu, sem haldinn er í dag.

Í yfirlýsingunni segir að íslenska hafi nánast verið afnumin sem faggrein í skyldunámi kennara. Bent er á að árið 2009 hafi tekið hér gildi íslensk málstefna.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Íslenskukennarar eru uggandi yfir þróuninni í íslenskukennslu kennaranema.

„Í málstefnunni er meðal annars sagt að menntun kennara skuli aukin, að lágmarkskrafan verði heils árs nám í íslensku máli, bókmenntum og kennslu íslensku sem annars máls,“ segir í yfirlýsingunni.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn í sextánda sinn í dag. Síðastliðin ár hefur sú hefð skapast að mennta- og menningarmálaráðherra heimsækir skóla og menningarstofnanir í einu ákveðnu sveitarfélagi og hátíðardagskrá er haldin þar. Í ár verður Katrín Jakobsdóttir í Breiðholti í Reykjavík. Hún mun heimsækja skóla í Breiðholti og víðar og opna ISLEX-veforðabókina í Norræna húsinu. **- sh**

Kemur í boði borgarinnar:

## Landflótta skáld til Íslands

**SAMFÉLAGSMÁL** Fyrsti landflótta rithöfundurinn hefur fengið skjól hér á landi. Reykjavíkurborg varð nýlega hluti af alþjóðasamtökunum ICORN, sem veita rithöfundum á flótta tímabundið skjól.

Mazen Maarouf kom hingað til lands í síðustu viku. Hann er skáld, blaðamaður og gagnrýnandi. Hann er Palestínumaður sem er fæddur og uppalinn í Líbanon.

Reykjavíkurborg útvegar honum húsnæði og framfærslu, en Maarouf verður með aðstöðu hjá Reykjavíkurakademíunni meðan á dvöl hans stendur. **- þeb**

**DÓMSMÁL**

### Hrækti á lögreglu

Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann fyrir ölvunarakstur og fyrir að hafa, í fangamóttöku lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu, hrækt í andlit lögreglumannsins sem var við skyldustörf og þurfti að hafa afskipti af ákærða vegna ölvunarakstursins.

### Hótaði og vildi bíta

Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega þrítugan mann fyrir að hafa á heimili sínu sparkað í vinstri síðu lögreglumanns og skömmu síðar, í lögreglubifreið á leið á lögreglustöðina á Egilsstöðum, reynt að sparka í og bíta sama mann og hótað honum líkamsmeiðinum.



**BORGARSTJÓRINN DAVID WOOTTON OG FORSÆTISRÁÐHERRANN DAVID CAMERON** Að venju er mikil viðhöfn höfð í hinu árlega kvöldverðarboði borgarstjóra fjármálahverfisins í London. NORDICPHOTOS/AFP

# Vill endurheimta völd frá Brussel

**David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, vill að Bretar notfæri sér breytingar á evrusvæðinu til að endurheimta völd frá ESB. Vill þó ekki að Bretland yfirgefi ESB. Segir stöðu Noregs utan ESB eiga að vera Bretum víti til varnaðar.**

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir að Bretar eigi ekki að líta þær breytingar sem við blasir að gera þurfi á evrusvæðinu neikvæðum augum heldur sem tækifæri fyrir Bretland.

Hann fullyrðir að í tengslum við breytingar á grundvallarreglum Evrópusambandsins fái Bretar kærkomið tækifæri til að fá aftur heim eitthvað af þeim völdum sem þeir hafi afsalað sér til Evrópusambandsins.

Hann sagðist þó engan veginn telja að Bretland ætti að segja skilið við Evrópusambandið, og nefndi Noreg sérstaklega sem víti til varnaðar.

„Utan Evrópusambandsins myndum við lenda í sömu stöðu og Noregur, sem er undirseldur hverri einustu reglu innri markaðarins frá Brussel en hefur enga möguleika til að móta þessar reglur. Og trúið mér: Ef við værum ekki innanborðs að hjálpa til við að semja reglurnar, þá væru þær settar án okkar,“ sagði Cameron, „og við yrðum ekki ánægð með útkomuna.“

Þess í stað vill hann tengja breytingarnar við víðtækari endurskoðun á tilgangi og hlutverki Evrópusambandsins.

„Evrópusambandið hefur of lengi reynt að laga raunveruleikann að stofnunum sínum. En til lengri tíma næst árangur aðeins ef stofnanirnar laga sig að raunveruleikanum,“ sagði Cameron.

> Evrópusambandið hefur of lengi reynt að laga raunveruleikann að stofnunum sínum.
>
> **DAVID CAMERON**
> FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS

Hann sagði rödd efasemdarmanna um Evrópusambandið, eins og sína, vera mikilvæga í þessu sambandi.

„Við höfum rétt til þess að spyrja hvað Evrópusambandið á að gera og hvað það á ekki að gera, og breyta því í samræmi við það. Eins og ég sagði fela breytingar í sér tækifæri.“

Evrópusambandið þurfi að nota þetta tækifæri til að fara að einbeita sér að því sem máli skipti. Cameron lét þessi orð falla í ræðu sem hann flutti á mánudag á viðhafnarkvöldverði sem borgarstjóri fjármálahverfis Lundúnaborgar, City of London, heldur á hverju ári um miðjan nóvember. Löng hefð er fyrir því að forsætisráðherra Bretlands flytji stefnumarkandi ræðu við þetta tækifæri.

Í ræðu sinni fór Cameron vítt og breitt yfir utanríkismál Bretlands, varði meðal annars íhlutun Breta í Líbíu og Afganistan og boðaði aukin framlög Breta til þróunaraðstoðar. **gudsteinn@frettabladid.is**



VETRAROPNUN!
SÖLU LÝKUR KL. 17

220.000.000
+2.130.000.000

# 2350 000 000



## ÞÚ TALDIR RÉTT:
## 2.350 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 220 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 2.130 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 16. NÓVEMBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **A.** | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| **B.** | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| **C.** | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| **D.** | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| **E.** | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| **F.** | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| **G.** | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| **H.** | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagur íslenskrar tungu:

## Foreldrar eru fyrirmynd

Fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar er ár hvert helgaður íslenskri tungu. Svo hefur verið í hálfan annan áratug og mun þorri nemenda í leikskólum og grunnskólum landsins gera sér dagamun í dag, víðast með rækt við ljóðaarfinn. Það er gaman að íslensk skólabörn skuli líta á dag íslenskrar tungu sem hátíð.

Árlega sendir Íslensk málnefnd frá sér ályktun um stöðu íslenskrar tungu, enda er kveðið á um þá skyldu málnefndar í lögum.

Í ár beinist ályktun málnefndar að stöðu barna, því málnefndin er uggandi yfir minnkandi bóklestri og dvínandi lesskilningi íslenskra barna. Samhliða bendir hún á að hér á landi sé minni tíma varið til móðurmálskennslu í grunnskólum en annars staðar á Norðurlöndunum og að íslensk kennaraefni fái ekki nægilega menntun í íslensku.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Rannsóknir sýna að verulega hefur dregið úr bóklestri barna og unglinga undanfarin ár. Í evrópskri könnun frá síðasta ári kom fram að 23 prósent 15 til 16 ára íslenskra unglinga kváðust aldrei lesa bækur sér til skemmtunar. Þessar tölur má síðan setja í samhengi við tölur sem nýlega birtust og sýndu að tæplega fjórðungur 15 ára pilta og níu prósent jafngamalla stúlkna lesa sér ekki til gagns.

Fyrir liggur að lestur, lestrarvenjur og í raun öll notkun ritmáls hefur ekki bara breyst heldur umbylst á undanförnum árum og áratugum. Bóklestur var fyrir fáeinum áratugum ráðandi dægradvöl. Nú eru valkostirnir hins vegar fjölmargir. Sumir þeirra krefjast vissulega einhverrar lesfærni, svo sem tilteknir tölvuleikir og notkun skjátexta í sjónvarpi. Lestrarþjálfunin sem þetta veitir er samt afar léttvæg miðað við þá sem fæst með því að lesa, nú eða gleypa í sig bækur, jafnvel tugi síðna á dag.

Þessi breyting leggur aukna ábyrgð ekki bara á skólana heldur ekki síður foreldra. Nú þarf að halda lestri að börnum og unglingum í stað þess að stór hluti bar sig eftir honum sjálfur fyrr á tímum.

Allir vita hversu miklu máli skiptir að foreldrar og uppalendur lesi fyrir ólæs börn. Þennan sið á þó alls ekki að leggja af eftir að barn hefur náð tökum á lestækninni heldur halda áfram að búa til samverustund með bókum. En það er ekki nóg. Foreldrar eru fyrirmynd, og barn sem sér aldrei foreldri taka sér bók eða lesbretti í hönd er ekki endilega líklegt til að sækjast eftir slíku sjálft.

Ekki verður nægilega ítrekað hversu miklu máli lestur skiptir í námi, í starfi og öllu daglegu lífi. Úr því mun ekki draga. Nefna má sem dæmi að nú færist í vöxt að opinberar stofnanir beini afgreiðslu erinda á netið. Þetta þýðir að borgarar þurfa bæði að lesa og skrifa í samskiptum sínum við stjórnsýsluna. Ástæða er til að vera uggandi um afdrif eins af hverjum fjórum unglingspiltum og einnar af hverjum tíu stúlkum sem ekki lesa sér til gagns. Þessi ungmenni eru ekki nægilega vel nestuð til að vera þegnar í samfélagi þar sem opinberar stofnanir veita drjúgan hluta þjónustu í gegnum netið.

Því verður að styrkja þjálfun í lestri og lesskilningi bæði með bóklestri og annars konar vinnu með texta í sem fjölbreytilegustu samhengi í skólum og á heimilum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Krabbameinsfélagið

Þarft þú stuðning?

Stofnfundur stuðningshóps fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein í lungum og fyrir aðstandendur.

**Fimmtudaginn 17. nóvember kl. 17-18**

Hrönn Harðardóttir lungnalæknir fjallar um greiningarferli og Ingibjörg Þorleifsdóttir segir frá reynslu sinni af því að greinast með lungnakrabbamein.

Allir velkomnir.

Krabbameinsfélag Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík

540 1900
www.krabb.is
krabb@krabb.is

Auglýsingin er gerð í samvinnu við Roche.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hangi unga Íslands merki

Þingsályktunartillaga um íslenska fánann kom í þriðja skipti fyrir Alþingi í gær. Flutningsmaður, Siv Friðleifsdóttir, talaði fyrir málinu. Í dag má halda fánanum við hún frá sólarupprás til sólarlags, en Siv vill að frá 15. maí til 15. ágúst megi fáninn blakta við hún allan sólarhringinn. Siv telur Íslendinga stolta af fánanum sínum og vilja nota hann mikið, sem sé vel. Tillagan komi ekki síst sumarhúsaeigendum til góða, sem þurfi þá ekki að hafa áhyggjur af því að taka fánana niður á kvöldin. Rís þú unga Íslands merki, kvað Einar Ben, en það mun ekki gerast frá maí til ágúst, því þá mun það hanga við hún. Af einhverjum ástæðum kvöddu aðrir þingmenn sér ekki hljóðs í umræðunni.



### Sveitin í Breiðholti

Dagur íslenskrar tungu er í dag og eins og síðastliðin ár heimsækir mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið sveitarfélag. Akureyri og Borgarnes voru heimsótt síðustu ár en samkvæmt heimasíðu ráðuneytisins mun Katrín Jakobsdóttir nú heimsækja sveitarfélagið Breiðholt.

### Höft eða ekki höft

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, lagði í september fram frumvarp um afnám gjaldeyrishafta. Eftir nokkra umræðu náðist samkomulag um frumvarpið, en þar er gert ráð fyrir höftum til ársloka 2013. Í síðustu viku kynnti Árni Páll efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar fær áætlun ráðherrans sjálfs um afnám hafta ekki háa einkunn og sagt er að „íslenska krónan sem sjálfstæður gjaldmiðill verður í viðjum hafta með einum eða öðrum hætti framvegis“. Kannski Árni Páll og Árni Páll ættu að ræða meira saman.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Fram á við í móttöku flóttamanna

Samfélagsmál



Íris Björg Kristjánsdóttir
formaður innflytjendaráðs og flóttamannanefndar

Flóttamaður er manneskja sem flúið hefur eigið land og er ofsótt vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, félagsstarfa eða stjórnmálaskoðana. Hvort sem flóttinn er vegna stríðsástands eða ofsókna þá á hún að öllum líkindum ekki afturkvæmt og litla möguleika á því að lifa frjáls og óttalaus við núverandi aðstæður.

Flóttamaður getur einnig verið ríkisfangslaus. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna metur neyð fólks og forgangsraðar og á hverju ári kemur ákall frá stofnuninni til alþjóðasamfélagsins og þar með til Íslands um að taka á móti flóttafólki. Þrátt fyrir að reynt sé að gæta öryggis fólks í flóttamannabúðum þá búa alltof margir við hörmulegar aðstæður og við stöðugan ótta. Helsta von fólks er að vera boðin vernd í nýju landi.

Þegar íslenska flóttamannanefndin ákvað að fara inn í flóttamannabúðirnar í Al-Waleed í Írak sýndum við fordæmi sem reyndist skipta verulegu máli: Aðrar þjóðir fylgdu í kjölfarið. Nýlega gaf Sigríður Víðis Jónsdóttir út bókina Ríkisfang: Ekkert og þar segir hún frá konum og börnum sem komu frá flóttamannabúðunum og settust að á Akranesi. Í bókinni lýsir hún kaldranalegum aðstæðum í flóttamannabúðum þar sem möguleikarnir á því að skapa sér viðunandi lífsviðurværi eru engir. Hún segir sögu þeirra og gefur fólki tækifæri til að sjá inn í heim sem flestum er fjarlægur og framandi. Bók Sigríðar Víðis er ómetanlegt framlag til málefna flóttamanna á Íslandi og ekki síður umfjöllunin í kjölfar útgáfu bókarinnar. Hún hefur orðið kveikja að áhuga og umræðum um ábyrgð Íslands og nú er okkar að fylgja því eftir í framkvæmd.

Móttaka kvótaflóttamanna á að vera ofarlega í forgangsröðinni því Ísland er mjög vel í stakk búið að taka á móti flóttafólki. Það er slæmur siður að horfa eingöngu á efnahagslega burði og ávinning af hinu og þessu. Samfélagslegir burðir eru svo sannarlega til staðar á Íslandi. Hér er nægjanlegt landrými, vatn og fæða og undirstöður samfélagsins eru sterkar. Móttökuferlið á Íslandi hefur þótt til fyrirmyndar á margan hátt. Það að vera sjálfstæð þjóð snýst ekki síst um að taka ábyrgð og vera fullorðin í samfélagi þjóðanna. Einn flóttamaður án vonar er einum of mikið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Upplýsingaskylda stjórnvalda í umhverfismálum

Umhverfismál

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingu á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál. Þar er lagt til að skerpt verði á frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnvalda til að veita almenningi upplýsingar um aðsteðjandi mengunarhættu eða umtalsverðar breytingar á umhverfi. Flutningsmenn auk mín eru þingmennirnir Skúli Helgason, Mörður Árnason og Birgitta Jónsdóttir.

Tilefni þessa frumvarps er díoxínmálið svokallaða frá síðasta ári þegar upp komst um mikla díoxínmengun frá nokkrum sorpbrennslustöðvum. Þá kom í ljós að opinberar stofnanir sáu lengi vel ekki ástæðu til aðgerða og að ekki þóttu efni til að upplýsa íbúa í næsta nágrenni við stöðvarnar um þá hættu sem fyrir hendi var. Viðbrögð kerfisins voru lengi vel bæði svifasein og ómarkviss, en allir vísuðu í gildandi lög og reglugerðir til varnar aðgerðarleysi sínu. Við vorum því harkalega minnt á mikilvægi þess að skerpa á viðbragðsskyldu stjórnvalda og opinberra stofnana gagnvart almenningi í umhverfismálum.

Í kjölfar fyrstu frétta af málinu ákvað umhverfisnefnd Alþingis að skoða nánar þá löggjöf um umhverfismál og upplýsingaskyldu stjórnvalda sem snýr að mengunarmálum. Ég tók að mér þetta verkefni og skilaði nefndinni greinargerð um það sem betur mætti fara í núgildandi löggjöf. Greinargerðina má nálgast á vef Alþingis. Niðurstaða mín varð sú að kveða þyrfti skýrar á um frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnsýslustofnana í íslenskri löggjöf og um rétt almennings til þess að vernda lífsgæði sín og heilsu.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða að því að treysta stöðu almennings gagnvart stjórnvöldum, herða á upplýsingaskyldu stjórnvalda og tryggja rétt fólks til að búa við heilsusamleg skilyrði og varðveita lífsgæði sín. Eins og sakir standa ber stjórnvöldum einungis að veita upplýsingar í umhverfis- og mengunarmálum „sé þess óskað“. Við leggjum til að orðin „sé þess óskað“ verði felld út úr 5. gr. núgildandi laga. Þá leggjum við til að við 10. gr. laganna bætist ný mikilvæg málsgrein sem hljóði svo:

„Stjórnvöldum er ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að veruleg frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.“

Í núgildandi lögunum (23/2006) kemur fram að markmið þeirra sé að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál. Lögin voru sett til innleiðingar á Evróputilskipun um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og í þeim er áhersla á rétt almennings til að fá upplýsingar og skyldu stjórnvalda til að veita upplýsingar og miðla þeim greiðlega og skipulega. Að mati flutningsmanna er hins vegar hvorki í lögunum né tilskipuninni beinlínis kveðið á um frumkvæðisskyldu stjórnvalda, þar sem þau fela ekki í sér bein fyrirmæli til stjórnvalda um að veita óumbeðnar upplýsingar eða viðvaranir vegna mengunarhættu.

Bent hefur verið á að tilskipun Evrópusambandsins sé ekki afdráttarlaus en flutningsmenn telja að hana megi þó skilja á þann veg að stjórnvöld hafi frumkvæðisskyldu í upplýsingagjöf þegar mengunarhætta er til staðar. En þó að sá andi svífi yfir vötnum teljum við óhjákvæmilegt að skerpa frumkvæðisskylduna með beinum lagafyrirmælum.

Í þessu samhengi má benda á að í tillögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá er gert ráð fyrir nýju ákvæði (35.gr.) um upplýsingaskyldu stjórnvalda varðandi ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Í því umrædda ákvæði eru stjórnvöld skylduð með beinum hætti til að upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem um umhverfismengun. Þetta styður enn frekar við það að lagaumhverfið verði lagað að þessu sjónarmiði.

# Þankar um landnýtingu Grímsstaða

Byggðamál

Ari Teitsson
Þingeyingur



Haustmyrkrið hefur nú lagst yfir Grímsstaði á Fjöllum. Fólk sem hafði þar skamma dvöl yfir hásumarið er horfið til vetrarsetu í fjölmennara umhverfi og aðeins ljós í gluggum á einu húsi. Það ljós skiptir þó vegfarendur miklu máli enda eina ljósið við þjóðveginn á 110 km leið milli byggða Norður- og Austurlands.

En fólkinu fækkar víðar. Margir Þingeyingar hverfa brott að hausti, flestir til náms. Þeir koma ekki allir aftur að vori, ekki af því að það viljann vanti, heldur miklu fremur af því að störf skortir. Störf sem byggjast á að nýta þau gæði sem landið býður, því löngu er orðið ljóst að öll þjónusta og stjórnsýsla þessa lands sem vista má á höfuðborgarsvæðinu skal vera þar.

Nýtingu landsins gæða eru þó takmörk sett. Í raun á enginn landið heldur fær hver kynslóð það að láni til afnota sem eru þó miklum takmörkunum háð. Þessar takmarkanir eiga að tryggja að landið nýtist þjóðinni í heild sem best án þess að skerða möguleika komandi kynslóða.

Illu heilli voru þó eignarheimildir einstaklinga á landi styrktar um of við breytingar á jarðalögum 2004. Ofan af því verður undið, því í síbreytilegum sveltandi heimi verður landbúnaðarland hvers tíma nýtt til matvælaframleiðslu.

Þingeyingar og raunar þjóðin öll hljóta að fagna hverju frumkvæði til að nýta tækifæri landsins, skapa störf í dreifbýli og styrkja byggðajafnvægi. Hvort frumkvæðið kemur frá íslenskum, þýskum eða kínverskum útrásarvíkingi ætti ekki að skipta máli. Þó er traust til þess íslenska í lágmarki og sá kínverski líklegastur til að færa þjóðinni nýja hugsun og nýja sýn. Mestu skiptir að lagaumhverfi tryggi að landið sé nýtt í þágu þjóðarhags í bráð og lengd.

> Nýtingu landsins gæða eru þó takmörk sett.

Því miður skiptir nýting í bráð mjög miklu máli því takist ekki að stöðva fólksflótta hvort heldur sem er frá Þingeyjarsýslum eða Íslandi getum við fámennis vegna tæplega vænst þess að halda yfirráðum yfir landinu í sveltandi þröngbýlum heimi.

Á næstu dögum verður tekin ákvörðun um nýtingu lands Grímsstaða á Fjöllum næstu áratugi, valið stendur um að landið verði áfram lítt nýtt auðn eða þar verði byggð upp atvinnustarfsemi sem skapar fjölda starfa og tækifæri sem nýtast munu tveimur landsfjórðungum. Augljóst virðist hvor kosturinn verður valinn. Spurningin er því miklu fremur hvort íslensk löggjöf tryggi sameiginlega íslenska hagsmuni við nýtingu á íslensku landi. Því verður löggjafinn að svara.



**Lexus RX 400**

árg. 2007, ekinn 62 þús. km.
3300cc, bensín, sjálfsk.

Verð áður 5.790.000 kr.

▶ **Verð nú 5.290.000 kr.**

▶ Tvinnbíll / Hybrid



**Audi A6**

árg. 2005, ekinn 82 þús. km.
2393cc, bensín, sjálfsk.

▶ **Verð 2.990.000 kr.**



**Subaru Forester 4x4**

árg. 2009, ekinn 28 þús. km.
2000cc, bensín, beinsk.

▶ **Verð 3.690.000 kr.**



**Nissan Navara 4x4**

árg. 2006, ekinn 93 þús. km.
2500cc, dísel, sjálfsk.

▶ **Verð 3.390.000 kr.**



**Isuzu Trooper 4x4**

árg. 2002, ekinn 221 þús. km.
3000cc, dísel, beinsk.

Verð áður 1.190.000 kr.

▶ **Verð nú 890.000 kr.**

▶ TILBOÐSBÍLL



**Peugeot 307**

árg. 2006, ekinn 57 þús. km.
1400cc, bensín, beinsk.

Verð áður 1.590.000 kr.

▶ **Verð nú 1.290.000 kr.**

▶ TILBOÐSBÍLL



**Nissan Pathfinder 4x4**

árg. 2007, ekinn 106 þús. km.
2488cc, dísel, sjálfsk.

Verð áður 4.690.000 kr.

▶ **Verð nú 3.990.000 kr.**

▶ TILBOÐSBÍLL



**Kia Sorento 4x4**

Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísel eða bensín. Nánar á www.askja.is

▶ **Verð frá 2.880.000 kr.**



ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.


# Bygging nýs Landspítala hagkvæm til lengri og skemmri tíma

**Nýr Landspítali**


**María Heimisdóttir**
læknir, PhD, MBA
framkvæmdastjóri
fjármálasviðs
Landspítala




Hátt í þrír milljarðar króna sparast árlega í rekstri Landspítala ef ráðist verður í fyrirhugaðar nýbyggingar og starfsemin þar sameinuð við Hringbraut. Þetta er meginniðurstaða norska ráðgjafafyrirtækisins Hospitalitet AS en ítarleg skýrsla þess kom út í síðustu viku. Aðferðafræðin er hin sama og fyrirtækið hefur beitt við mat á öðrum svipuðum framkvæmdum á Norðurlöndum.

Í skýrslunni er stuðst við spár Hagstofu Íslands um þróun mannfjölda og aldursdreifingu þjóðarinnar til ársins 2025. Einnig eru notaðar rauntölur um rekstur og starfsemi LSH árið 2010 og þær framreiknaðar út frá ofangreindum spátölum Hagstofunnar. Þannig var metið hvert nauðsynlegt umfang þjónustu LSH verður árið 2025 – hvort sem ný bygging kemur til eða ekki. Rekstrarkostnaður var einnig metinn fyrir sama tímabil, annars vegar út frá nýrri byggingu við Hringbraut en hins vegar miðað við að ekki verði af þeirri byggingu og starfsemin verði áfram í núverandi húsnæði sem þegar er orðið dýrt í rekstri og mun verða enn dýrara vegna sívaxandi þarfar á viðhaldi og endurbótum.

Til að meta afköst eða framleiðni (umfang þjónustu miðað við hvert stöðugildi starfsmanns) voru norræn sjúkrahús notuð til viðmiðunar. Framleiðni var skoðuð annars vegar miðað við núverandi aðstæður og hins vegar miðað við að framleiðni aukist með nýrri byggingu eins og raunin er á norrænu samanburðarsjúkrahúsunum.

### Hagræðing greiðir upp byggingarkostnaðinn

Þessi samanburður á rekstrarkostnaði og afköstum við mismunandi aðstæður leiddi í ljós að lækka má rekstrarkostnað Landspítala um 2,6 milljarða króna á ári með því að sameina starfsemina í nýrri byggingu við Hringbraut. Lækkunin stafar fyrst og fremst af betri nýtingu mannafla en einnig sparast flutningskostnaður og leiga. Þessi lækkun samsvarar um 7,7% af áætluðum rekstrarkostnaði LSH árið 2011. Það er í ágætu samræmi við þá lækkun á rekstrarkostnaði sem ætla má að nýbyggingar sjúkrahúsa hafi í för með sér samkvæmt erlendum sérfræðingum (heimild: Utredning av fremtidig bemanning og driftsökonomiske konsekvenser – Nytt universitetssykehus i Trondheim. Ernst&Young 26. mars 2003).




En hér er ekki einungis um skammtímahagræðingu að ræða – norsku sérfræðingarnir gengu skrefinu lengra og skoðuðu nettó núvirði (net present value, NPV) slíkrar fjárfestingar til ársins 2050 að teknu tilliti til kostnaðar við nýbygginguna. Með nettó núvirði (NNV) er átt við heildarábata umfram heildarkostnað verkefnis yfir tiltekið tímabil, þar sem tekið hefur verið tillit til fjármagnskostnaðar með því að afvaxta (núvirða) vænt fjárstreymi (bæði tekjur og gjöld) á hverjum tíma.

Samkvæmt skýrslunni er nettó núvirði þessarar fjárfestingar um 2,3 milljarðar króna (miðað við 3% vexti) – þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til byggingarkostnaðar, rekstrarkostnaðar við nýtt húsnæði og hagræðingar af nýrri byggingu (lægri rekstrarkostnaður, meiri afköst). Þetta þýðir í raun að hagræðing af hinni nýju byggingu greiðir upp byggingarkostnaðinn og gott betur.

### Nýbygging mun hagkvæmari

Nettó núvirði þess að reka LSH áfram án nýbyggingar er hins vegar verulega neikvætt eða sem nemur 25 milljörðum króna. Ef gert er ráð fyrir 6% vöxtum er NNV nýbyggingar neikvætt um 11,6 milljarða króna en NNV óbreytts húsnæðis neikvætt um 18,5 milljarða króna!

Þannig að jafnvel miðað við þessi óhagstæðari vaxtakjör er verulega hagkvæmara að ráðast í byggingaframkvæmdir en að reka sjúkrahúsið áfram við núverandi aðstæður. Munurinn er svo mikill að verulegar forsendubreytingar þarf til að nýbyggingin verði óhagkvæmari en óbreytt ástand.

Þar sem svo mikið er í húfi hafa hinir erlendu sérfræðingar lagt mat á áhrif ýmissa óvissuþátta sem fylgja framkvæmd af þessi tagi. Gerð er góð grein fyrir þeim niðurstöðum í skýrslunni en í stuttu máli má segja að jafnvel að teknu tilliti til þessarar óvissu er hagræðingin af nýrri byggingu veruleg bæði til lengri og skemmri tíma.

### Nýbyggingar grundvöllur frekari hagræðingar

Það er athyglisvert að niðurstöður þessarar skýrslu eru í meginatriðum samhljóða eldra hagkvæmnimati sem tvö norsk ráðgjafafyrirtæki gerðu á nýbyggingu LSH við Hringbraut snemma árs 2009. Aðferðafræði þeirrar greiningar var gerólík þeirri nálgun sem sérfræðingar Hospitalitet notuðu. Frá því fyrri greiningin var unnin hefur LSH hagrætt verulega í sínum rekstri og aukið framleiðni sína, bæði hvað varðar mannafla og rekstrarkostnað. Það var því sannarlega þörf á því að endurmeta hagræði af nýrri byggingu eins og nú hefur verið gert.

Við núverandi aðstæður er ljóst að ekki er unnt að hagræða meira eða auka framleiðni á Landspítala. Landspítali mun eiga mjög erfitt með að takast á við þau miklu verkefni sem aukin þjónustuþörf, m.a. vegna öldrunar þjóðarinnar, hefur í för með sér. Með nýrri byggingu getur sjúkrahús allra landsmanna hins vegar enn lækkað rekstrarkostnað sinn og áfram boðið góða og örugga þjónustu öllum þeim er hennar þarfnast.

Hér hefur eingöngu verið fjallað um hagræna þætti varðandi nýja byggingu LSH. Auk þeirra hefur nýbyggingin augljós áhrif á aðbúnað sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks. Erfitt er að leggja hagrænt mat á þau áhrif en til eru góðar heimildir á því sviði (sjá til dæmis www.planetree.org).

# Boltann til þjóðarinnar

**Trúmál**


**Kristín Þórunn Tómasdóttir**
prestur





**Gunnar Kristjánsson**
prestur




Fram undan er kjör til embættis biskups Íslands, Karl Sigurbjörnsson hefur tilkynnt að hann láti af embætti á næsta ári. Biskupskjör markar ætíð tímamót í lífi kirkju og þjóðar og miklu máli skiptir hvernig það fer fram.

Margt hefur breyst í umhverfi þjóðkirkjunnar síðustu 15 árin og nýs biskups bíða ögrandi verkefni. Innleiða þarf ný vinnubrögð í stjórnsýslu og samskiptum kirkjunnar og snúa við þróun síðustu ára: draga úr stofnanavæðingu þjóðkirkjunnar og endurvekja traust þjóðarinnar á kirkjunni.

Nýr biskup mætir einnig til leiks í gjörbreyttu viðhorfi til biskupsembættisins og hlutverks þess. Nýlega hafa hugmyndir um aðskilnað andlegrar og veraldlegrar umsýslu biskups fengið byr undir báða vængi, m.a. í ábendingum Ríkisendurskoðunar um aðgreiningu starfsþátta kirkjunnar og breytingar á skipan kirkjuráðs. Það styrkir biskup í sessi sem leiðtoga og hirði og léttir af embættinu ábyrgð á fjármálum og framkvæmdastjórn.

Núverandi starfsreglur þjóðkirkjunnar gera ráð fyrir að allir prestar og örfáir leikmenn kjósi biskup Íslands. Þessu þarf að breyta. Aukin lýðræðisvitund almennings og staða kirkjunnar í samtímanum krefst þess að mun fleiri, helst allir sem láta sig kirkjuna varða, komi að því að velja biskup Íslands. Við spyrjum einnig hvort ekki sé eðlilegt í kirkju sem vill vera þjóðkirkja að sem flestir fái að koma að vali á æðsta embættismanni hennar.

> Boltinn er hjá kirkjuþingi. Næsta sending skiptir miklu máli.

Nú stendur kirkjuþing yfir. Það fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Kirkjuþing getur breytt starfsreglum um biskupskjör.

Við skorum á kirkjuþing að nota tækifærið sem nú blasir við og breyta starfsreglum á þann veg að fleiri velji næsta biskup.

Boltinn er hjá kirkjuþingi. Næsta sending skiptir miklu máli.

# BELID ljós í úrvali

## Sænsk gæðahönnun á góðu verði



POLAR



PRIMUS II



SPIDER



PICASSO



CASANOVA



HARLEY



DA VINCI



APOLLO

Opið:
10:00 - 18:00 virka daga
11:00 - 16:00 Laugardaga

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JÓNAS HALLGRÍMSSON** (1807-1845) skáld og náttúrufræðingur fæddist þennan dag.

*„Eitt af því, sem vorir dagar heimta af hvurri stjórn, er heita vill réttvís og góð og ávinna sér hylli sinna undirmanna, er það, að skýlaus grein sé gjörð fyrir meðferð á öllu því fé, sem almenningur hefur greitt af hendi til einhvurra nota."*

## Merkisatburðir

1621 Páfi gefur út tilskipun um að 1. janúar skuli vera fyrsti dagur ársins en fram að því hafði það verið 25. mars.

1917 Reykjavíkurhöfn er formlega tekin í notkun og afhenda danskir verktakar bæjaryfirvöldum í Reykjavík höfnina.

1946 Jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar eru jarðsettar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum, en upphaflega var hann grafinn í Kaupmannahöfn.

1957 Nonnahús á Akureyri er opnað sem minjasafn þegar öld er liðin frá fæðingu Jóns Sveinssonar rithöfundar (Nonna).

1996 Auður Laxness, eiginkona Halldórs Laxness, gefur handritadeild Þjóðarbókhlöðunnar bréfasafn manns síns.

1996 Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar.

**ÞETTA GERÐIST:** 16. NÓVEMBER 1624

## *Hóladómkirkja fauk í óveðri*



Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal fauk af grunni og gjöreyðilagðist í aftaka norðanveðri þennan dag árið 1624. Kirkjan var 230 ára gömul en hún var byggð árið 1394. Hún var síðasta kirkjubyggingin á Hólastað fyrir siðaskiptin árið 1550. Kirkjan var kennd við Pétur Nikulásson biskup, sá var danskur maður og var biskup á árunum 1391 til 1411. Hann lét byggja timburkirkju með framkirkju, kór og stöpli og tveimur stúkum, hvorri á sinni framhliðinni, skrúðhúsi og kapellu. Á henni voru 38 glergluggar og hefur hún verið ákaflega vegleg dómkirkja og með stærstu timburkirkjum í Evrópu á þeim tíma.

Hóladómkirkjur hafa alls verið sjö talsins. Eftir að Péturskirkjan fauk var byggð kirkja Halldóru Guðbrandsdóttur árið 1627 og síðar núverandi steinkirkja árið 1763.



†

*Elskulegur faðir okkar,*

**Baldvin Ágústsson**

fv. matsveinn,
til heimilis að Hringbraut 88, Reykjavík,

lézt á Landspítalanum hinn 10. nóvember sl.
Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd vina og vandamanna,
synir hins látna.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Matthías Á. Mathiesen**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Sigrún Þ. Mathiesen**
**Árni M. Mathiesen** **Steinunn K. Friðjónsdóttir**
**Halldóra M. Mathiesen** **Frosti Bergsson**
**Þorgils Óttar Mathiesen**
**Matthías Árni, Bergur, Sigrún, Kristín Unnur,
Halla Sigrún, Einar Páll og Arna Steinunn.**



†

*Elskuleg systir okkar,*

**Þórhildur Hrefna Jóhannesdóttir**

frá Garði á Skagaströnd,

sem lést miðvikudaginn 9. nóvember, verður jarðsungin frá Hólaneskirkju á Skagaströnd föstudaginn 18. nóvember kl. 14.00.

**Guðmundur Jóhannesson
Guðrún Jóhannesdóttir
og aðrir aðstandendur**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Gunnarsdóttir**

úr Von,
Reykási 47, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi 11. nóvember.
Jarðarför auglýst síðar.

**Lilja Sigurðardóttir**
**Jón Gunnar Sigurðsson** **Cheryl Jonson**
**Viðar Marel Jóhannsson**
**Birgir Marel Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**HOLLVINIR GRENSÁSS:** HALDA JÓLABASAR TIL STYRKTAR GRENSÁSDEILD

# Starfsemi Grensásdeildar er þjóðhagslega mjög arðbær

„Það verða þarna handunnir munir, eins og venjulega, en margt bæði fallegra og nytsamlegra en oft áður," segir dr. Guðrún Pétursdóttir, varaformaður Hollvina Grensáss, HG, sem 19. nóvember halda jólabasar frá klukkan 13 til 18 í safnaðarheimili Grensáskirkju til styrktar starfsemi Grensásdeildar. Einnig verður selt kaffi, súkkulaði og vöfflur.

Hvað eru Hollvinir Grensáss? „Tilgangur Hollvina Grensásdeildar er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemina sem fram fer á Grensásdeild eða í tengslum við þá starfsemi. Hafa margir, bæði einstaklingar, samtök og fyrirtæki, lagt HG lið með ýmsum hætti í því starfi. Sérlega minnisstæð og árangursrík í því samband er án efa landssöfnunin Á rás fyrir Grensás, sem Edda Heiðrún Backman stóð fyrir undir merkjum og með aðstoð Hollvina Grensásdeildar," segir Guðrún. „En þessu verkefni lýkur aldrei þannig að nú er komið að þessum árlega jólabasar."

En hvers vegna þarf að styrkja Grensásdeildina? Er hún ekki á fjárlögum ríkisins? „Grensásdeild er miðstöð frumendurhæfingar á Íslandi fyrir fólk sem orðið hefur fyrir færniskerðingu af völdum mænuskaða, heilaskaða, fjöláverka og margvíslegra sjúkdóma," segir Guðrún. „Aðeins þar er veitt sérhæfð teymisþjónusta á sólarhrings-, dag- og göngudeildargrunni. Um sjötíu prósent allra sjúklinga á Grensásdeild eru á vinnufærum aldri, meðalaldur þeirra er um 55 ár. Af þeim rúmlega 400 sjúklingum sem deildin útskrifar að meðaltali á ári geta að meðaltali rösklega 100 horfið til fullra starfa á ný.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru meðaltekjur einstaklinga á Íslandi árið 2010 4.908 milljónir króna og samkvæmt ríkisskattstjóra voru opinber gjöld á hvern gjaldanda sama ár um 830 þúsund krónur. Miðað við þá útreikninga nema árstekjur þeirra fyrrverandi sjúklinga, sem gátu horfið til starfa á ný, hærri upphæð en heildarkostnaður Grensásdeildar það árið og skatttekjur ríkisins af þeim greiða upp þann kostnað á tæplega fimm og hálfu ári. Eftir það eru þeir hrein hagnaðarsköpun fyrir ríkissjóð. Það er því augljóst að starfsemi Grensásdeildar er þjóðhagslega mjög arðbær. En þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur þróunin verið sú að eftir margra ára fjársvelti og niðurskurð á góðæristímum var legurúmum fækkað um meira en þriðjung úr 40 í 26 í sparnaðarskyni árið 2009 og annarri legudeildinni af tveimur lokað. Hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum var fækkað um tólf stöðugildi og deildarstjórum um einn."

Guðrún segir mikið hafa áunnist síðan Grensásdeildin var stofnuð árið 1973, en bæði hafi þjóðinni fjölgað mikið síðan og auk þess hafi bætt hjúkrun og aðbúnaður orðið til þess að mun fleiri nái sér eftir alvarleg áföll en fyrrum. Það sé því orðið brýnt að bæta aðstöðuna á Grensásdeildinni, enda hafi engu verið bætt þar við frá upphafi nema einni sundlaug.

„HG hafa styrkt Grensásdeild með kaupum á tækjum og útbúnaði og þjónustu fyrir deildina í gegnum tíðina. Samtökin hafa jafnframt barist fyrir yfirbyggingu bílastæðisins við aðalinngang Grensásdeildar, sem loksins er hafin og á að ljúka fyrir jól. Þetta eru framkvæmdir upp á tugi milljóna króna, fjármagnaðar að stórum hluta af HG. En aðalmarkmið samtakanna er að ný álma verði byggð við Grensásdeild, sem mundi hýsa sjúkra- og iðjuþjálfun og aðra lykilstarfsemi, sem húsnæði skortir fyrir. Það er því verðugt málefni sem ágóðinn af jólabasarnum rennur til og full ástæða til að hvetja fólk til að koma og gera góð kaup um leið og það styrkir þetta góða málefni," segir Guðrún.

fridrikab@frettabladid.is



**SAFNA FYRIR GRENSÁS** „Orðið brýnt að bæta aðstöðuna á Grensásdeildinni," segir dr. Guðrún Pétursdóttir, varaformaður Hollvina Grensáss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Aðalsteins Kristjánssonar**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð aðfaranótt 28. október. Sérstakar þakkir og kveðjur til starfsfólks deildar 4 í Sunnuhlíð fyrir umhyggju þess og alúð.

**Anna Hjartardóttir**
**Óskar Jónsson**
**Hjörtur Aðalsteinsson** **Auður Jacobsen**
**Kristján Aðalsteinsson** **Þóra Leósdóttir**
**Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir** **Þorsteinn Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall*

**Hallgríms Vilhjálmssonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á dvalarheimilinu Kjarnalundi fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Herdís Jónasdóttir**
**Jónas Hallgrímsson** **Anna Ólafía Þorgilsdóttir**
**Vilhjálmur Hallgrímsson** **Arnfríður Jónasdóttir**
**Elinór Hallgrímsson**
**Katrín Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. nóvember 2011 | 18. tölublað | 7. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



Göngum hreint til verks!

GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


# Ósamtaka nágrannar




→ Ekkert Norðurlandanna fetar sama veg í gjaldeyrismálum.

→ Norðmenn langríkastir og langmestur óstöðugleiki hjá Íslendingum.

## Hlutabréfamarkaður að þróast

Búist er við hrinu nýskráninga í Kauphöllina á næstu misserum eftir rólega tíð frá bankahruni. Enn eru þó ákveðnar hindranir í vegi þess að hér myndist vel starfandi hlutabréfamarkaður á ný.

Meðal atriða sem hafa staðið eflingu markaðarins fyrir þrifum má nefna hve erfiðlega hefur gengið að endurskipuleggja skuldir fyrirtækja, breytingar á skattalögum og fáa þáttakendur á markaðnum. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur ástæðu til að skoða að koma aftur á skattaafslætti til handa þeim sem kaupi hlutabréf.

SÍÐA 6

## Bláfugl í söluferli snemma 2012

Söluferli Bláfugls, sem er að stærstum hluta í eigu Miðengis, eignarhaldsfélags Íslandsbanka, fer sennilega af stað á fyrri hluta næsta árs.

„Við gerum ráð fyrir því að fara fljótlega af stað með söluferli en ég á síður von á því að það verði á þessu ári. Ég reikna frekar með því að það verði á fyrri hluta næsta árs,“ segir Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Miðengis.

Á árinu 2010 tapaði Bláfugl jafngildi tæpra 60 milljóna íslenskra króna á núverandi gengi. Í lok árs 2010 var eigið fé fyrirtækisins jafngildi rúmra tveggja milljarða króna en athygli vekur að fyrirtækið sat í lok síðasta árs á miklu magni reiðufjár, eða jafngildi tæpra 1600 milljóna.

- MÞL

## Kostur tapaði 55 milljónum

Lágvöruverðsverslunin Kostur tapaði 55 milljónum króna á síðasta ári. Velta verslunarinnar er ekki gefin upp í ársreikningi fyrir árið 2010. Stærstu eigendur Kosts eru JGS eignarhaldsfélag ehf. (34%), TGS ehf. (33%), sem bæði eru í eigu Jóns Geralds Sullenberger. Þriðji stærsti eigandinn er Vanilla ehf. (15%) sem er í eigu Jans Bernstorff Thomsen og Laufeyjar Jóhannsdóttur. Alls eru hluthafar félagsins sjö talsins.

Skuldir Kosts voru 197 milljónir króna um síðustu áramót. Þar af voru 165 milljónir króna viðskiptaskuldir. Þá skuldaði félagið lánastofnunum 31 milljón króna og komu þær skuldir allar til á árinu 2010. Eignir Kosts voru metnar á 259 milljónir króna en óráðstafað eigið fé var neikvætt um 72 milljónir króna. Kostur hóf starfsemi í nóvember 2009.

- ÞSJ




Mikið af innlendum gjaldeyri var flutt til landsins

## 12 milljarðar flæddu inn í fyrra



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Seðlabankinn gaf heimildir til þess í fyrra að flytja inn tæplega 11,8 milljarða af innlendum gjaldeyri til landsins. Þessar heimildir voru veittar á grundvelli undanþága frá gjaldeyrishöftunum, en höftin kveða m.a. á um að bannað sé að flytja aflandskrónur til landsins.

Þetta kom fram í svari efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, á Alþingi. Vigdís spurði um innflutning á aflandskrónum frá því að gjaldeyrishöftunum hefði verið komið á.

## *Fróðleiksmolinn*

DataMarket

### Er fasteignaverð of hátt?

Frá árinu 2000 og til og með október 2011 hefur markaðsverð á einbýli hækkað um 162% en markaðsverð á fjölbýli um 133%. Á sama tíma hafa laun almennt hækkað um 118% (lok september) og munar töluverðu að laun hafi haldið í við markaðsverð á fasteignum og þá sérstaklega einbýli.

Á löngu tímabili ætti fasteignaverð og laun að haldast nokkuð í hendur. Frá byrjun árs 2011 hefur fasteignamarkaðurinn tekið við sér og fasteignaverð á einbýli og fjölbýli hækkað. Þrátt fyrir almennar launahækkanir í vor virðist bilið ekki vera að minnka, sérstaklega ef lítið er til verðþróunar á einbýli í samanburði við almenna þróun launa.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

SKOÐA NÁNAR: HTTP://DATA.IS/TXUYEZ

## *Dagatal viðskiptalífsins*

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 16. NÓVEMBER**
- **Fundargerð peningastefnunefndar SÍ**

**FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER**
- **Samræmd vísitala neysluverðs** í okt. 2011
- **Velta skv. virðisaukaskattsskýrslum** jan-ágúst 2011
- **Vísitala íbúðaverðs** á höfuðborgarsvæðinu
- **Ský:** Hugbúnaðarráðstefnan

**FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER**
- **Útboð ríkisbréfa**
- **Ský:** Digital Momentum

**MÁNUDAGUR 21. NÓVEMBER**
- **Útboð verðbréfa** – hagvísir SÍ

**ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER**
- **Verðmæti sjávarafla** jan-ágúst 2011
- **Vísitala byggingakostnaðar** fyrir des. 2011
- **Málstofa:** Viðskiptakjör og hagstjórn í litlu opnu hagkerfi

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* visir

# Fasteign verður skipt upp milli eigenda

**Eignum og skuldum félagsins verður skipt upp á milli Íslandsbanka, Reykjanesbæjar og smærri sveitarfélaga. Miklar afskriftir verða vegna HR og Álftaness.**

**SVEITARFÉLÖG**

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Eignarhaldsfélaginu Fasteign mun verða skipt upp í móðurfélag og þrjú dótturfélög samkvæmt tillögum sem lagðar verða fyrir hluthafafund félagsins í lok þessa mánaðar. Heimildir Markaðarins herma að eignir Reykjanesbæjar verði í einu félaginu, eignir annarra sveitarfélaga sem standa að Fasteign í öðru og afgangurinn af eignum Fasteignar í hinu þriðja. Skuldir verða látnar fylgja öllum eignunum. Kröfuhafar Fasteignar, Íslandsbanki og skilanefnd Glitnis, munu þó taka á sig milljarða króna afskriftir vegna byggingar Háskólans í Reykjavík, ógjaldfærni Álftaness og lánabreytinga annarra sveitarfélaga. Lengt verður í lánum sveitarfélaga til 30 ára, öllum breytt úr evrulánum í krónulán og leiga lækkuð. Á næsta stigi endurskipulagningarinnar er síðan stefnt að því að dótturfélögin verði færð í eigu þeirra aðila sem nýta fasteignirnar sem inni í þeim eru. Þetta er niðurstaða samningsviðræðna Fasteignar við kröfuhafa sína sem lögmaðurinn Lárus Blöndal hefur stýrt og staðið hafa yfir um margra mánaða skeið. Niðurstaðan verður lögð fyrir hluthafafund í lok nóvember og vonir standa til að henni verði hrint í framkvæmd fyrir lok þess árs.

Fasteign var stofnað af nokkrum sveitarfélögum og Glitni í árslok 2002. Stofnaðilar lögðu eignir inn í félagið og leigðu þær síðan aftur af því. Á meðal eigna sem sveitarfélögin lögðu inn voru íþróttamannvirki og skóla- og stjórnsýslubyggingar. Glitnir lagði eignir sem hýstu hluta af starfsemi bankans og lóð við Kirkjusand, en á henni átti að byggja nýjar höfuðstöðvar bankans. Fasteign réðst auk þess í margs konar framkvæmdir. Þeirra kostnaðarsömust var nýbygging Háskólans Í Reykjavík.

Fasteign skilaði inn ársreikningi í lok september síðastliðins. Þar kemur fram að félagið hafi tapað 1,3 milljörðum króna á síðasta ári þrátt fyrir að leigutekjur þess hafi verið um 2,5 milljarðar króna miðað við gengi dagsins í dag. Hreinn fjármagnskostnaður félagsins var 3,1 milljarður króna í fyrra og rúmlega tvöfaldaðist á árinu.

Eigið fé Fasteignar er sagt 9,8 milljarðar króna samkvæmt reikningnum en félagið skuldaði um 44,5 milljarða króna um síðustu áramót. Það tók ný lán upp á 11,1 milljarð króna á árinu 2010. Þorri þess fjár var notaður til að greiða niður 8,3 milljarða króna lán sem var á gjalddaga í fyrra. Endurskoðendur félagsins gera þó fyrirvara við undirskrift ársreikningsins þar sem veruleg óvissa ríkir um verðmæti eigna félagsins. Þar skiptir mestu að óbyggðar höfuðstöðvar Glitnis banka við Kirkjusand, sem verða aldrei byggðar, eru bókfærðar á um 3,1 milljarð króna. Sem stendur er starfrækt ökugerði á lóðinni.



**FOKDÝR** Nýbygging Háskólans í Reykjavík var dýrasta framkvæmd sem Fasteign réðst í á starfstíma sínum. Kröfuhafar þurfa að afskrifa háar fjárhæðir vegna hennar.

## HÁ LAUN OG EIGNASALA

### Meðallaun 1,3 milljónir á mánuði

Stöðugildi hjá **Eignarhaldsfélaginu Fasteign** voru sex í árslok 2010. Alls greiddi félagið 95 milljónir króna á gengi dagsins í dag í laun og launatengd gjöld á því ári. Meðalkostnaður á starfsmann vegna launa og tengdra gjalda í fyrra var því um 15,8 milljónir króna, eða 1,3 milljónir króna á mánuði. Árið 2009 nam heildarkostnaður vegna þessa 144,5 milljónum króna vegna jafnmargra starfsmanna. Meðalkostnaður á hvern starfsmann var því 24,1 milljón króna yfir árið eða um tvær milljónir króna á mánuði.

### Reykjanesbær losar miklar eignir

Reykjanesbær, næststærsti eigandi Fasteignar, birti í apríl lista yfir helstu seljanlegu eignir sínar. Þar kom fram að þar á meðal væri innstæða upp á 2,5 milljarða króna. Sú innstæða var tekin út og notuð til að greiða niður skuldabréfaútboð sem bærinn efndi til í október 2008. Bærinn á auk þess skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden sem er á gjalddaga 16. júlí 2016. Stofnvirði bréfsins er 8,3 milljarðar króna en ritað hefur verið undir viljayfirlýsingu um sölu á bréfinu til Alterra Power fyrir að minnsta kosti 5,8 milljarða króna. Félagið hefur tíma fram í miðjan febrúar til að fjármagna kaupin. Þá átti bærinn land og auðlindir undir virkjanasvæði á Reykjanesi sem boðin voru ríkissjóði til sölu á 1,8 milljarða króna. Samkomulag náðist um kaupin í síðustu viku. Verðmiðinn var 1,2 milljarðar króna. Síðasta seljanlega eignin sem tiltekin var á listanum var 66,8% eignarhlutur í HS Veitum sem bókfærður er á 6,5 milljarða króna. Gangi kaup Alterra á Magma-skuldabréfinu eftir verður eignarhluturinn í HS Veitum eina eignin á listanum sem verður enn í eigu Reykjanesbæjar.

www.optima.is

Átt þú verðmæti eða gögn sem þurfa að vera örugg?

Öryggis- og eldvarnaskápar

fyrir fyrirtæki og heimili



ROSENGRENS

SecureLine

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



# ÞAÐ ER OKKAR VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

,,Ég nýt þess að búa til hollan og góðan mat. Ég hreyfi mig reglulega og nota Slendertone til að fá stinnari líkama. Ég nota beltið á morgnana á meðan ég tek mig til fyrir daginn, þegar ég fer út að ganga, þegar ég elda matinn eða bara þegar mér hentar".

*Sigríður Arnardóttir*
*fjölmiðlakona: ,,Sirrý á sunnudagsmorgnum" á Rás 2*
*og fyrirlesari - www.sirry.is*

,,Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf. Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera vel upplagður þannig að ég legg áherslu á hollt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone".

*Heimir Karlsson*
*útvarpsmaður á Bylgjunni*

SLENDERTONE - HOLLT MATARÆÐI - HREYFING

**SLENDERTONE™**

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar




KORTER.IS

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 23 ár
1988-2011

**System+** dömu- / herrabelti
**Tilboðsverð**
**kr. 29.995,-**

**System+** dömupakki - belti + buxur kr. 39.995 - **Tilboðsverð**
**System+** dömu- / herrapakki - belti + armar kr. 39.995 - **Tilboðsverð**

Netverslun: www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18, LAUGARD. KL. 11-15

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

# Ólík peningamál Norðurlanda

**Engin tvö norrænu ríkjanna haga peningamálum sínum með sama hætti. Íslendingar eru í höftum, Finnar með evru, Danir fastir við hana, Svíar innan ESB en utan EMU og Norðmenn standa utan við bæði með olíuauð sinn.**

FRÉTTASKÝRING
Þórður Snær Júlíusson,
Magnús Þ. Lúðvíksson og Þorgils jónsson

Þótt Norðurlandaríkin eigi óumdeilanlega margt sameiginlegt hafa þau kosið að haga peningamálum sínum á ansi mismunandi vegu síðustu ár. Þar kemur margt til en ljóst er að tími skandinavíska myntbandalagsins, sem var við lýði á síðari hluta 19. aldar er liðinn.

Það hvernig lönd haga peningamálum snýst í raun um val á milli þriggja almennt æskilegra valkosta samkvæmt kenningunni um hina ómögulegu þrenningu. Valkostirnir þrír eru í fyrsta lagi sjálfstæð peningamálastefna sem eykur möguleika á hagstjórn og sveiflujöfnun, í öðru lagi frjálst flæði fjármagns sem auðveldar viðskipti og fjárfestingu og loks fast gengi við gjaldmiðla annarra ríkja sem auðveldar viðskipti við ríkin og dregur úr verðbólgu. Bæði reynsla og fræði hafa leitt í ljós að ríkjum sem reyna að ná öllum þessum markmiðum mistekst ætíð en hægt er að ná tveimur á kostnað hins þriðja.

Eins og sakir standa velur Ísland að halda gengi krónunnar svo til föstu og iðkar sjálfstæða peningamálastefnu en verður þar með að hefta flæði fjármagns. Frá 2001 til 2008 völdu Íslendingar hins vegar að kasta föstu gengi fyrir róða og létu krónuna fljóta en þurftu í staðinn ekki að hefta flæði fjármagns. Löndin í evrusamstarfinu skipta á sjálfstæðri peningastefnu og sameiginlegri og njóta í staðinn fasts gengis sín á milli og frjáls flæðis fjármagns.

Eins og sjá má á þessari síðu hafa Norðurlandaríkin tekist á við hina ómögulegu þrenningu á ólíka vegu. Íslendingar fórna nú frjálsu flæði fjármagns en Finnar og Danir fórna sjálfstæðri peningastefnu á meðan Norðmenn og Svíar fórna föstu gengi.

Þegar peningastefna er mótuð er margt sem þarf að hafa í huga og það er langt í frá augljóst að ein leið sé í öllum tilfellum betri en önnur. Hagfræðingar eru hins vegar almennt þeirrar skoðunar að gjaldeyrishöft séu til lengri tíma óskynsamlegasti valkosturinn. Samanburður á peningamálum Norðurlandaríkjanna getur mögulega veitt aðeins gleggri mynd af því um hvað málið snýst.

## DANMÖRK

### Höfnuðu evrunni

Danmörk hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusambandinu allt frá árinu 1973 en er ekki aðili að myntbandalaginu. Danir eru þó tengdir evrunni vegna aðildar sinnar að gengissamstarfi Evrópu (ERM II). Það felur í sér að gengi dönsku krónunnar má sveiflast 2,25% sitt hvoru megin við gengi evrunnar.

Danir eru hið eina af ESB-löndunum sem gengu í sambandið á síðustu öld sem hefur þennan háttinn á en það er vegna sérstakrar undanþágu sem Danmörk fékk frá Maastricht-sáttmálanum. Danir höfnuðu fyrst sáttmálanum í afar tvísýnni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1992, en eftir að samið hafði verið um ýmsar undanþágur Dönum til handa var sáttmálinn samþykktur árið 1993.

Eftir að evran var tekin upp í ESB-ríkjunum tíu í myntbandalaginu í ársbyrjun 1999 var ákveðið að efna til þjóðaratkvæðis að nýju um hvort taka ætti upp evruna. Kosningin fór fram í október 2000 og var evrunni hafnað þar sem 53% neituðu upptöku hennar.

Pólitískar línur voru dregnar í þessu kjöri þar sem Jafnaðarmenn, Venstre, Íhaldsflokkurinn og Róttæki flokkurinn mæltu með því að evran væri tekin upp, en í hópi andstæðinga voru Sósíalíski þjóðarflokkurinn, Danski þjóðarflokkurinn og Samstöðulistinn auk þess sem þjóðarhreyfingin gegn ESB og Júníhreyfingin tóku virkan þátt í baráttunni.

Helstu rök með upptöku lutu að því að með því fengi Danmörk að taka þátt í ákvörðunartöku í Seðlabanka Evrópu, minni kostnaður yrði vegna millilandaviðskipta og vextir myndu lækka.

Gagnrökin voru meðal annars þau að með upptöku evru myndi Danmörk tapa fullveldi yfir peningastefnu auk þess sem áhersla var lögð á táknrænt gildi krónunnar fyrir Dani. Þá var gengisfall evru gegn Bandaríkjadal talið til marks um að evran væri veikur gjaldmiðill og Dönum væri betur komið til langs tíma að halda sig við krónuna.

Frá því að Danir höfnuðu evrunni hefur þeim gengið ágætlega á eigin spýtur þar sem þeir hafa jafnan uppfyllt öll skilyrði til þess að taka evruna upp og landsframleiðsla í Danmörku hefur alltaf verið hærri en á evrusvæðinu. Þó má setja ákveðin spurningarmerki við áhersluna á fullveldi í peningastefnu í ljósi þeirra takmarkana sem eru innifalin í gengissamstarfinu.

Lengi voru hugmyndir um að bera upptöku evru aftur undir þjóðina og samkvæmt skoðanakönnunum síðustu ár fyrir hrun voru talsvert fleiri fylgjandi upptöku en þeir sem voru á móti. Það er nú gjörbreytt í ljósi vanda evrusvæðisins og í síðustu könnun, sem gerð var fyrir Danske Bank, kom í ljós að 50,6% voru mótfallin upptöku evru en aðeins 22,5% voru því fylgjandi.

Samkvæmt spá Eurostat verður hagvöxtur Danmerkur í ár sá lægsti á Norðurlöndunum, um 1,2%, en samdrátturinn var ekki eins mikill og var í Finnlandi og á Íslandi þegar verst lét. Verðbólga er svipuð og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en atvinnuleysi hefur aukist stórum og var 7,4% á síðasta ári.

## ÍSLAND

### Sögulegur óstöðugleiki

Íslenska krónan varð til í janúar 1871 með löggjöf sem aðskildi fjárhag landsins og Danmerkur. Til að byrja með var íslenska krónan jafn sterk þeirri dönsku en frá 1920 var farið að skrá hana sjálfstætt. Síðan þá hefur virði þeirrar íslensku hríðfallið og í dag þyrfti 2.134 gamlar íslenskar krónur til að kaupa eina danska. Í millitíðinni, árið 1981, átti sér stað myntbreyting þar sem tvö núll voru tekin af verði krónunnar. Því er gengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri dönsku í dag 21,34 krónur.

Íslenska krónan hefur sögulega verið afar óstöðugur gjaldmiðill og genginsfellingar voru tíðar hér á árum áður til að stemma stigu við mikilli verðbólgu. Frá 1974 til ársins 1985 var krónan til að mynda felld 25 sinnum. Árið 1979 voru sett lög um verðtryggingu til að stemma stigu við verðbólgunni. Verðtryggingin virkar í meginatriðum þannig að höfuðstóll skuldar breytist í takt við verðlagsþróun. Frá árinu 1995 hefur vísitala neysluverðs verið notuð til verðtryggingar á sparifé og lánsfé í íslenskum krónum.

Vegna óstöðugleika krónunnar voru við lýði gjaldeyrishöft á Íslandi frá 1931 og fram til 1990 þegar hún var sett á flot. Upphaflega flaut hún þó ekki frjáls heldur reyndi Seðlabanki Íslands að stýra flotinu með inngripum. Frá mars 2001 var krónan sett á frjálst flot og Seðlabankinn tók upp verðbólgumarkmið sem miðaði við 2,5% ársverðbólgu. Til að ná því markmiði, sem gerðist einungis einu sinni, notaðist bankinn við stýrivexti. Ný gjaldeyrishöft voru síðan sett á haustið 2008 eftir að íslenska krónan féll um 50% gagnvart erlendum myntum. Um miðjan september síðastliðinn samþykkti Alþingi lög um að gjaldeyrishöftin verði í gildi til ársloka 2013.

Ísland er eina ríki heims sem er með færri en eina milljón íbúa, en þau eru 40 talsins, sem heldur úti eigin gjaldmiðli. Helstu kostir íslensku krónunnar eru þeir að með gengisfellingu hennar er hægt að ná jákvæðum viðskiptajöfnuði tiltölulega fljótlega eftir að efnahagsáföll ríða yfir, enda útflutningsatvinnuvegir sterkir. Þær gengisfellingar rýra á hinn boginn kaupmátt almennings gríðarlega.

Meðaltalsverðbólga á Íslandi var 7,7% á árunum 2005-2010. Hæst var hún á ársgrundvelli árið 2009 þegar verðbólga mældist 16,3%. Það er miklu hærri verðbólga er fyrirfannst í hinum Norðurlöndunum á sama tíma.

Hagvöxtur á Íslandi var mjög mikil fyrir bankahrun. Á árunum 2005-2007 var hann að meðaltali tæp 6% á ári. Eftir hrun féll hann skarpt og var 6,7% samdráttur árið 2009. Í fyrra var samdráttur upp á 4%. Spár gera ráð fyrir 2,1% hagvexti í ár sem er hærra en spáð er í Danmörku og litlu minna en spár gera ráð fyrir að verði í Noregi.

Atvinnuleysi hefur sögulega verið afar lágt á Íslandi. Á árunum 2005-2008 var það að meðaltali 1,5%, sem er mun lægra en hjá öllum hinum Norðurlöndunum. Frá haustinu 2008 hefur það hins vegar farið stigvaxandi og var um 8% að meðaltali árin 2009 og 2008. Atvinnuleysið hefur verið í rýrnun það sem af er árinu 2011 og var 6,8% í lok október. Það er nánast sama hlutfalli og í Danmörku, Finnland og Svíþjóð.

Heildarskuldir hins opinbera á Íslandi eru rúmlega 109% af vergri landsframleiðslu, sem er mun hærra en á hinum Norðurlöndunum. Landsframleiðsla á mann er þó hærri á Íslandi en í Finnlandi og Danmörkum, en lægri en í Svíþjóð og Noregi.

## SAMANBURÐUR NORÐURLA



### VERÐBÓLGA




### HAGVÖXTUR




### ATVINNULEYSI




Velkomin í Eignastýringu Landsbankans

Eignastýring Landsbankans er sérhæfð fjármálaþjónusta fyrir viðskiptavini sem vilja byggja upp öflugt eignasafn og njóta sérfræðiráðgjafar á öllum sviðum bankaþjónustu.

Heimsæktu ráðgjafa Eignastýringar í Austurstræti 11, hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000





**Hvatningarverðlaun** Til að tryggja áframhaldandi þróun á sviði heilsuferðaþjónustu á Íslandi hefur iðnaðarráðherra ákveðið að veita ein hvatningarverðlaun að fjárhæð ein milljón króna til áhugaverðra verkefna á því sviði. Umsóknum þarf að skila til Ferðamálastofu fyrir 20. nóvember.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457










**Ökuréttindunum fylgir ábyrgð. Það veit Viktoría Dröfn Ólafsdóttir sem ætlar að taka bílpróf fyrir jól.**



# *Ekið eins og á hálum ís*

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég hef aldrei keyrt í hálku og þetta var dálítið skrítið, eiginlega mjög óþægilegt," segir Viktoría Dröfn Ólafsdóttir að afloknum æfingaakstri í ökugerði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík. Bíllinn er með sérstökum skriðbúnaði sem kennarinn, Smári Arnfjörð, skellir niður öðru hverju í beygjum, nemandanum að óvörum svo honum finnist hann vera á hálum ís. Þá er eins gott að kunna réttu handtökin. „Þetta er alveg sniðugt," segir Viktoría. „Nú veit ég að ég á að snúa framhjólunum í þá átt sem bíllinn leitar og þetta ætti að hjálpa mér til að bregðast rétt við þegar ég lendi í alvöru hálku þó ég sé ekki hundrað prósent örugg."

Viktoría Dröfn er nemandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og varð 17 ára 9. maí. Hún fékk æfingaakstursleyfi í mars og kveðst hafa keyrt heimilisbílinn dálítið síðan. „Svo er ég búin að fara í Ökuskóla 1 og 2 og taka fimmtán ökutíma með kennara en hef ekkert mikið verið að drífa mig," segir hún afsakandi og sver af sér alla bíladellu. „Ég

FRAMHALD | 2

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

Hvert skal stefna í lífinu?

STÚDENTSNÁM
Félagsfræðabraut
Listnámsbraut
Mála- og ferðafræðibraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut

FRAMHALDSSKÓLABRAUT

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

MATVÆLANÁM
Grunndeild matvælagreina
Bakaranám
Framreiðslunám
Kjötiðnaðarnám
Matreiðslunám
Almenn braut matvælagreina – fyrir þá sem stefna á nám í matvælagreinum.
Eingöngu er tekið við umsóknum á menntagátt til 22. nóv.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



**Afþreying á ferðalögum** Margir rétta börnum sínum tölvuspil eða myndbandsspilara á langferðum en ekki skyldi vanmeta góða söngstund í bílnum enda upplagt tækifæri til að kenna börnum sígild og skemmtileg dægurlög.












## Umhverfisvænt farfuglaheimili

**Ferðavefsíðan www.gadling.com hefur útnefnt Farfuglaheimilið í Laugardal í Reykjavík sem eitt af tíu umhverfisvænustu hostelum í heimi.**

Farfuglaheimilið í Laugardal er meðal þeirra umhverfisvænustu í heimi að mati ferðavefsíðunnar www.gadling.com. Þar var farfuglaheimilið sett á lista yfir tíu umhverfisvænustu hostel í heimi. Frá þessu er greint á vefsíðu Ferðamálastofu. Ástæðan fyrir valinu er sú að rík umhverfismeðvitund er talin ráðandi í rekstri heimilisins, það sé staðsett við hlið sundlaugarinnar í Laugardal og stutt í náttúruperlur. „Þetta kom okkur skemmtilega á óvart," segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri farfuglaheimila í Reykjavík. „Þetta er góð hvatning fyrir okkur enda er það metnaðarmál að standa okkur vel á þessu sviði," segir hún en Reykjavíkurheimilið í Laugardal var umhverfisvottað af Svaninum árið 2004.
„Við reynum að hvetja almenning, gesti og starfsfólk til að vera meðvitað á sínum ferðalögum," segir Sigríður. Þá leggi heimilið áherslu á endurvinnslu, orkusparnað og bjóði morgunverð úr lífrænt ræktuðu hráefni. Þá geta gestir á heimilinu fengið upplýsingar um „græna kosti" í ferðamennsku.
„Þessi listi gadling hefur vakið athygli hjá farfuglahreyfingunni," segir Sigríður en ekki aðeins farfuglaheimili voru á listanum heldur hostel um allan heim. *- sg*


Farfuglaheimilið í Laugardal.

Framhald af forsíðu


Hér er fræðst um gildi bílbelta, af hverju sé bannað að aka undir áhrifum áfengis og fleira.

hlakka samt til þegar ég verð komin með prófið. Það er planið að taka það fyrir jól."

Meðal þess sem Viktoría prófar í Ökuskóla 3 þennan dag er veltibíllinn. „Það er ábyggilega ekki auðvelt að lenda í bílveltu en þetta var nú bara gaman," segir hún þegar það er búið. „Ef bíllinn lendir á hvolfi á maður að spyrna fótunum og annarri hendinni upp í gólfið og nota hina höndina til að losa beltið," fræðir hún blaðamann um. „Þetta var samt mjög óraunverulegt," bætir hún við. „Maður endar ábyggilega ekki svona vel ef maður lendir í alvöru bílveltu."

Ásamt verklegu æfingunum í Ökuskóla 3 fylgist Viktoría Dröfn með fyrirlestrum í máli og myndum um öryggi í umferðinni og tekur fullan þátt í umræðum um efnið. En er hún búin að læra að bæta olíu á bílinn og skipta um dekk?

„Nei, það er búið að segja mér hvernig á að skipta um dekk en ég er eiginlega búin að gleyma því. Það væri alveg sniðugt að prófa það." *gun@frettabladid.is*


Í ökugerðinu æfa væntanlegir bílstjórar sig meðal annars í að aka í hálku og að lenda út af malbikinu í lausamöl.


Bíllinn að velta fullur af fólki sem spyrnir við fótum og annarri hendi til að halda sér í sætunum.






## Bíll ársins í Danmörku

**Opel Ampera var kjörinn bíll ársins 2012 í Danmörku. Bíllinn verður dýr þegar hann kemur á markað þar í landi og mun kosta um 12,7 milljónir íslenskra króna.**

Opel Ampera, evrópska útgáfan af Chevrolet Volt, var kjörinn bíll ársins 2012 í Danmörku nýlega. Frá þessu greinir vefsíðan www.fib.is.
Ampera er rafbíll með innbyggðri rafstöð, hann er alltaf knúinn áfram af rafmagni og kemst 83 kílómetra á þeim straum sem geymarnir rúma. Þó að mörgum þyki það ekki mikið má benda á að dagleg notkun heimilisbíla er sjaldan meiri en 30 til 50 kílómetrar á dag.
Bíllinn verður töluvert dýr þegar hann kemur á markað í Danmörku. Hann mun kosta um 600 þúsund danskar krónur eða 12,7 milljónir íslenskra. Ástæðan er sú að bíllinn er skilgreindur sem hver annar bensínbíll í Danmörku. Háir tollar, há skráningargjöld og hár framleiðslukostnaður verður til þess að Ampera verður ekki á allra færi.





**Rauð jól** Lýsingarorðið rauður hefur fleiri en eina merkingu; meðal annars merkir það snjólaus eða auður, til dæmis rauð jól. Með rauðum jólum er því átt við snjólausa auða jörð um jól.

*Heimild: visindavefur.hi.is*





Þórarinn Leifsson rifjar upp viðburðaríkan tíma í lífi sínu á Spáni og í Marokkó í bókinni Götumálaranum. Þar kynntist hann alls kyns skrautlegu fólki og vann fyrir sér með því að betla og mála á götum úti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Betlaði og bjó með hippum

**Götumálarinn, skáldævisaga Þórarins Leifssonar, er ein þeirra bóka sem hefur skolað á land í jólabókaflóðinu í ár. Þar kveður við annan og myrkari tón hjá Þórarni sem er helst þekktur fyrir barnabókaskrif.**

Blaðamaður stenst ekki mátið og spyr hvort höfundur sé með bersöglum lýsingum úr eigin lífi, frásögn af ungum manni í sjálfsleit í Marokkó, að ganga gegn þeirri hugmynd að barnabókahöfundar vilji halda á lofti gljáfægðri ímynd af sjálfum sér.

„Alls ekki. Ímynd mín er í fyrsta lagi hvort eða er ekkert óflekkuð enda vita þeir sem til þekkja að ég var sprækur unglingur og hef alltaf verið á jaðrinum. Síðan held ég að flestir átti sig á að barnabækur skrifar fullorðið fólk sem er með einhverja lífsreynslu að baki. Tökum sem dæmi Ole Lund Kirkegaard, höfund Fúsa froskagleypis. Hann fór ekkert í grafgötur með fjölskrúðugt heimilislíf og ótæpilega drykkju og drakk sig loks í hel.“

*Ertu með þessari fyrstu fullorðinssögu þinni að segja skilið við barnabókaskrif?*

„Nei. Ég hef gefið út bækur á tveggja ára fresti og í hvert skipti reyni ég eitthvað nýtt nema ljóðagerð, ég er alveg afleitt ljóðskáld. Bækurnar sem ég gaf út árin 2007 og 2009 voru til að mynda frekar ólíkar og helsti munurinn á þeim og Götumálaranum er sá að hún er hvorki ætluð börnum né viðkvæmum.“

*Enda litrík bók og uppfull af opinskáum lýsingum. Er hægt að líta á hana sem uppgjör við fortíðina?*

„Sagan byggist auðvitað á minni reynslu sem götumálari og betlari á Spáni og í Marokkó um miðjan 9. áratuginn. Svona tímabil rótleysis sem flestir upplifa einhvern tímann á lífsleiðinni og margir vilja gleyma. Þegar ég fann fyrir tilviljun póstkort og bréf frá þessum tíma ákvað ég þó að horfast bara í augu við hann, skrifa söguna og fannst það gott. Þetta er svo bitastæð saga að ég varð að gera henni skil.“

*Hvernig hafa viðbrögðin verið?*

„Mjög góð. Sérstaklega frá lesendum sem hafa lent í svipuðu. Auður [Jónsdóttir] konan mín kolféll líka fyrir henni. Hún las yfir meðan ég var að skrifa og gerði athugasemdir. Yfirleitt liggjum við yfir bókum hvort annars þannig að þær skilast sífellt kláraðri út úr húsi. Erum eiginlega eins og lítið forlag. Bráðum þurfum við kannski ekkert á slíku að halda,“ segir hann og hlær.

*En lífsmátinn sem þú lýsir í bókinni, heillar hann ekkert í dag?*

„Nei, nú er ég bara nýbakaður faðir og hef ekki snert á eiturlyfjum í 20 ár. Og nú þegar bókin er komin út fara næstu mánuðir í heimilisstörfin svo Auður geti unnið að sínum skrifum. Það er eiginlega eina reglan á heimilinu. Að öðru leyti ræður óreglan ríkjum. Bóhemalífið hefur vikið fyrir heimilislífi. Ég er mjög sáttur við það.“

*roald@frettabladid.is*


# AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson
S: 5125411, gsm 8235055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

10 ÁRA 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí – september 2011


Kanill er ekki eingöngu hið eina sanna jólakrydd heldur hafa rannsóknir rennt stoðum undir að hann hafi góð áhrif á heilsuna. Hann er talinn líkja eftir insúlíni og hraða efnaskiptum glúkósa. Hann er því talinn góður fyrir fólk með sykursýki 2.



**Heimild: www.heilsubankinn.is**


VETRARDAGAR
15% AFSLÁTTUR



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770



Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. Verð: 12.885,-
Stærðir: 36-48

Misty skor Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Icelandair hótel Klaustur
Veislumáltíð milli jökla

KLAUSTUR Icelandair Hotels



Villibráðarhlaðborð
Laugardagskvöldin
12., 19. og 26. nóvember
7.450 kr.
Gisting í tveggja manna herbergi, hlaðborð og morgunverður
14.900 kr. á mann.

Jólamatseðill
Glæsilegur fjögurra rétta hátíðarmatseðill aðeins þessa tvo daga.
Laugardagskvöldin
3. og 10. desember
6.990 kr.
Gisting í tveggja manna herbergi, jólamatseðill og morgunverður
10.150 kr. á mann.

Sérkjör á mat og gistingu fyrir hópa ofangreindar helgar.

Borðapantanir:
Sími 487 4900 eða
á klaustur@icehotels.is.

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

# Íslenskt í pakkana

**Upplýsingagrunnur um íslenska hönnuði og vörur þeirra er kominn í loftið undir yfirskriftinni Gefum íslenskt. Hann er að finna bæði á Facebook og á slóðinni gefumislenskt.wordpress.com.**

„Við erum að koma á beinu sambandi milli neytenda og hönnuða. Þetta er ekki vefverslun heldur upplýsingasíða um það sem íslenskir hönnuðir eru að gera. Vörurnar eru flokkaðar á síðunni undir verðflokkum en notandinn hefur beint samband við hönnuðinn um kaupin,“ útskýrir Þórunn Hannesdóttir, vöruhönnuður hjá Færinu og ein af aðstandendum síðunnar.

„Við opnuðum síðuna á mánudaginn var og hönnuðirnir eru að tínast inn. Við miðum eingöngu við faglærða hönnuði og viljum vekja athygli á hvað hönnuðir eru að gera og að margir vinna hér við fagið í fullu starfi. Svo leyfum við þessu að þróast áfram. Boltinn er hjá hönnuðum að senda inn efni,“ segir Þórunn og bendir á netfangið gefumislenskt@gmail.com. *- rat*



Notknot púðar frá Umemi. Nú er einnig fáanlegt jólaskraut undir línunni Notknot. MYND/GEFUM ISLENSKT



Lyklakippa frá Tulipop.



Hnífasegull frá Björg í bú.



Herðatré frá Færinu.



„Mig langar með þessari mynd að stuðla kannski að réttmætri umræðu um jólin og ég vona að þetta opni hana að minnsta kosti,“ segir Egill Örn Egilsson, sem hefur sent frá sér splunkunýja heimildarmynd um sögu jólanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimildarmynd um jólin

**Egill Örn Egilsson hefur í nokkurn tíma verið með heimildarmynd í smíðum sem kemur út á DVD í vikunni. Myndin fjallar um jólahátíðina og hvernig jólahaldið hefur þróast í aldanna rás.**

„Það má segja að þetta uppátæki sé kannski örlítið sérviska mín en mig langaði til að útbúa fræðsluefni um forna siði Íslendinga og þá sérstaklega uppruna jólanna,“ segir Egill Örn Egilsson, sem hefur unnið og gefið út heimildarmynd um uppruna jólanna á DVD.

Egill Örn er markaðsstjóri í Heilsuakademíunni í Egilshöll og er auk þess þjálfari í bardagalist. Það lá því ekki í augum uppi að hann myndi vinna efni sem þetta en hann segist lengi hafa verið áhugamaður um forna siði.

„Ég hef kynnst og haft áhuga á fornum siðum Íslendinga lengi en foreldrar mínir voru í félagi ásatrúarmanna og maður ólst upp í kringum þann félagsskap. Maður varð meðvitaður um önnur trúarbrögð og skoðanir og fékk að kynnast mörgu. Svo í seinni tíð fór ég að velta jólunum meira fyrir mér og af hverju maður hefði ekki lært meira í skóla um uppruna jólahátíðarinnar. Það má því segja að þessi fróðleiksfýsn hafi orðið kveikjan að myndinni,“ segir Egill.

Í myndinni spjallar Egill við Árna Björnsson þjóðháttafræðing, Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoða og Karl Sigurbjörnsson biskup. „Ég vildi spjalla við toppana úr þessum þremur áttum, þjóðfræðinni, kristninni og ásatrúnni. Jólin hafa sagnfræðilegt gildi en ekki einungis trúarlegt. Fólk fagnaði hækkandi sól enda var erfiðara að vera til á þessum tíma og loksins var sólin farin að rísa hærra. Mig langar með þessari mynd að stuðla kannski að réttmætri umræðu um jólin og ég vona að þetta opni hana að minnsta kosti. Íslensk menning er svo flott, við eigum svo mikla sögu og mér finnst margt hafa gleymst úr henni,“ segir Egill og segir myndina vera fremur einfalda í formi og ekki of langa. Myndin er nýkomin út og fer bráðlega í dreifingu. Mun hún meðal annars fást hjá Ásatrúarfélaginu í Síðumúla. *juliam@frettabladid.is*


**Kynning - Auglýsing**

# Jólaréttir frá ýmsum löndum

**101 Hótel við Ingólfsstræti í Reykjavík verður með glæsilegan hátíðamatseðil öll kvöld til jóla, frá og með morgundeginum.**

Jólamatseðill 101 Hótel við Ingólfsstræti verður með nýstárlegum hætti í ár. Á honum verða jóláréttir sem bera einkenni ólíkra þjóða, einn réttur frá hverju landi, nema okkar eigin Íslandi sem á bæði forrétt og aðalrétt á seðlinum. Forrétturinn er heitreykt gæsabringa og aðalrétturinn ofnbakaður, hnetuhjúpaður lax. Hvorutveggja er borið fram með freistandi meðlæti.

Önnur lönd sem komast á blað eru Ítalía, Mexíkó, Frakkland, Svíþjóð og Spánn.

„Réttirnir eiga uppruna sinn í þessum tilteknu löndum en við breytum þeim að okkar hætti og gerum þá dálítið 101-lega,“ segir Egill Sigurðsson, veitingastjóri 101 Hótel, glaðlega og upplýsir að notað sé bæði íslenskt og erlent hráefni í matinn.

Möndlusúpa með saffrani frá Castile á Spáni er meðal forréttanna, sömuleiðis sænskur graflax með spínati, piparrótarrjóma og ristuðu brauði en af aðalréttum má nefna franska andabringu með fíkjum og púrtvíni og rifinn kalkún með mole, kryddgrjónum og tortillu frá Mexíkó. „Mole er súkkulaði-chilisósa, syndsamlega góð,“ segir Egill aðspurður um herlegheitin. „Svo berum við fram vín og fullt af jólalegum drykkjum á tilboði.“

Egill segir 101 Hótel hafa ávallt verið með sérstakan jólamatseðil og breytt til frá ári til árs. „Það er gaman að prófa eitthvað nýtt.





Ofnbakaður, hnetuhjúpaður lax með grænkáli, maukuðum kartöflum, granateplum og karamelíseraðri sítrussósu er meðal réttanna á hátíðamatseðli 101 Hótels.

Síðast vorum við með dönsk jól en nú er sem sagt farið víðar að leita fanga,“ segir hann. „Margar þjóðir eiga svipaða jólarétti þegar að er gáð en við fókuserum á þá sem eru frábrugðnir hver öðrum og bera einkenni síns lands. Samt förum við ekki út í neinar öfgar.“

Jólamatseðillinn tekur gildi á morgun, fimmtudag og verður í gildi fram yfir hátíðarnar. Hinn hefðbundni kvöldmatseðill dettur út á sama tíma. Bröns- og hádegisseðillinn haldast hins vegar óbreyttir og líka hin vinsæla gleðistund þar sem við erum með helmingsafslátt af öllum drykkjum, alla daga.


Umhverfisstofnun gaf út blaðið Góð ráð fyrir græn jól fyrir skemmstu. Aðaláhersla er á varasöm efni í neytendavörum og eru gefin einföld ráð um hvernig megi forðast þau.

Í blaðinu er fjallað um hvaðan þessi efni koma og áhrif þeirra á umhverfi og heilsu. Þá er umfjöllun um umhverfismerki, viðtöl við valinkunna einstaklinga, upplýsingar um hvaða jólatré er „grænast“ og hugmyndir að öðruvísi jólapökkun.

Blaðið, sem kom út með Fréttablaðinu á laugardag, má einnig nálgast á vef Umhverfisstofnunar.

**Heimild: www.ust.is**


Grænt og loðið jólatré frá árinu 2010.


Gaultier með framúrstefnulegt jólatré í Pompidou-safninu árið 2004.

# Jólatré Gaultiers

**Jean-Paul Gaultier er margt annað til lista lagt en fatahönnun. Hann hefur til dæmis hannað jólatré árlega hin síðari ár. Flest hefur hann hannað til styrktar góðu málefni og hafa þá trén verið boðin hæstbjóðanda. Trén eru afar ólík og hugmyndaauðgina vantar ekki eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.**


Þetta upplýsta jólatré hannaði Gaultier fyrir jólin 2009.


Tré úr vatnsflöskum frá árinu 2008.


Köflótt jólatré Gaultiers frá 2007.












## Til sölu

### TILBOÐ Í VETUR



**Heilsárshús ýmsar stærðir og gerðir.**

55fm. 2 svefnherbergi Verð frá 3,850,000kr
64fm. 3 svefnherbergi Verð frá 4,480,000kr
25fm. Gesthús Verð frá 1,750,000kr

**GERUM TILBOÐ Í ÖNNUR HÚS: SUMARHÚS, EINBÝLISHÚS, RAÐ- OG PARHÚS**

**Haraldur sími 894 0048 husogparket@gmail.com**

## Atvinna

### Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala óskar eftir löggiltum fasteignasala til starfa í skjalagerð, kaupsamninga, afsöl o.þ.h.

Fullt starf eða hlutastarf kemur til greina. Góð kjör fyrir réttan aðila. Þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt **„Lögg Fast“**

## Viðskipti / Fasteignir

**Sími 898 4125**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

FRUM

Rúnar S. Gíslason hdl., Lögg. fasteignasali

### Matvörumarkaður – Bakarí

Höfum fengið til sölu matvörumarkað með barkarii og kaffihúsi. Staðsetning mjög góð í miðbæ Reykjavíkur. Reksturinn er starfræktur í glæsilegu húsnæði með góðum tækjum og innréttingum.
**Upplýsingar gefur Kristinn B. Ragnarsson viðsk.fr./lögg. fasteignasali einungis á skrifstofunni.**

Malarhöfða 2 • 110 Reykjavík • www.fasteignasalan.is

## Fundir / Mannfagnaður

# Félagsfundur

Fundurinn verður fimmtudaginn 17. nóvember kl. 20 í VM-húsinu, Stórhöfða 25.



DAGSKRÁ FUNDARINS:

- Verkefni framundan í kjaramálum
- Málefni félagsins.
- Staðan í Orlofsmálum.
- Önnur mál.

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is
*- okkur er annt um þinn hag*

HEILSA



## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

2 svartir leður lazyboy stólar Uppl. í s: 552-1406

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

4 og 1/2 herbergj 117fm. íbúð til leigu á Seljabraut 4hæð. 150.000 á mán, 1 1/2mán fyrirfr. + 100.000 víxill trygging. S. 845 3379

**Vinnuherbergi til leigu 110 RVK**
3. vinnuherbergi í sameiginlegu skifstofuhúsnæði sem er bifreiðar. is á góðum stað á hálsinum 110 RVK, um er að ræða 3 vinnuherb. með sameiginlegri kaffiaðstöðu og setustofu. Uppl. gefur HALLDÓR S. 899 7230.

**Akranes 3ja herb. íbúð til leigu.**
Ný standsett, nýtt eldhús, risíbúð. Landtímaleiga. Nánari uppl. s. 899 0720 Hrannar

66fm íbúð í miðbæ Rvík, fyrir 67ára og eldri til leigu. uppl í s.5574067 eftir kl 19:00.

Akureyri / Kjarnagata. 85 fm 3ja herb íbúð til leigu á jarðhæð frá 1. des. Nánari upplýsingar gefur viggo@efnissalan.is

Til leigu 106fm íbúð í Álfheimum 104 rvk. 3 herb, leigist frá 1. jan. 2012. 150þús pr.mánuð. Uppl. í s. 6150595

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Hálf-stúdíó eða herbergi. Skammtíma- eða langtímaleiga. S. 821 4848 og 869 2618.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

HÚSBÍLAR, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar. Upphituð geymsla á Suðurnesjum. Getum tekið stór farartæki. s. 898 7820

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**Ódýrt Lagerhúsnæði óskast til leigu!**
Á höfuðborgarsvæðinu ca. 200fm. Sími 659 3462 eða gudrununnur@gmail.com.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Viltu þéna mikið af peningum? s. 8411448

Sjálfstætt starfandi smiðir óskast til ýmissa verka. Áhugasamir hafi samband á addistrom@gmail.com

**Vantar beitningamann**
Vantar vana beitningarmenn/konu til starfa í Reykjavík. Uppl. í S. 894 5454.

Fullt starf eða hlutastarf í söluturni í RVK. Eldri en 20 ára, reyklaus, reglusemi og íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. sendist á plan10@simnet.is

## Atvinna óskast

Húsgagnasmiður með mikla reynslu óskar eftir starfi. Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „smiður"

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. nóvember 2011 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

# NDANNA

## ÍSLAND

| | |
|---|---|
| Gjaldmiðill | Íslensk króna |
| Fyrirkomulag | Ætti í raun að vera föst vegna gjaldeyrishafta en flýtur að takmörkuðu leyti |
| Tengsl við ESB | Aðili að EES |
| Verðbólga* | 5.3 |
| Atvinnuleysi* | 6.8 |
| Hagvöxtur | 2.5 |
| Brúttó skuldir hins opinbera** | 109.3 |
| Nettó skuldir hins opinbera** | 67.1 |
| Staða fjárlaga** | Neikvæð um 4.1 |
| Landsframleiðsla á mann | 38.080*** |

* Í október. ** Hlutfall af landsframleiðslu. *** Í dollurum.
Heimildir: Hagstofan og AGS

## NOREGUR

| | |
|---|---|
| Gjaldmiðill | Norsk króna |
| Fyrirkomulag | Flýtur |
| Tengsl við ESB | Aðili að EES |
| Verðbólga* | 1.5 |
| Atvinnuleysi** | 3.3 |
| Hagvöxtur | 1.7 |
| Brúttó skuldir hins opinbera*** | 55.4 |
| Nettó skuldir hins opinbera*** | -161.0 |
| Staða fjárlaga*** | Jákvæð um 12 |
| Landsframleiðsla á mann | 53.376**** |

* Í september. ** Í júlí. *** Hlutfall af landsframleiðslu.
**** Í dollurum. Heimildir: Eurostat og AGS










## SVÍÞJÓÐ

| | |
|---|---|
| Gjaldmiðill | Sænsk króna |
| Fyrirkomulag | Flýtur |
| Tengsl við ESB | Meðlimur í ESB |
| Verðbólga* | 1.6 |
| Atvinnuleysi* | 6.8 |
| Hagvöxtur | 4.4 |
| Brúttó skuldir hins opinbera** | 36.0 |
| Nettó skuldir hins opinbera** | -20.8 |
| Staða fjárlaga** | Jákvæð um 0.8 |
| Landsframleiðsla á mann | 40.614*** |

* Í september. ** Hlutfall af landsframleiðslu.
*** Í dollurum. Heimildir: Eurostat og AGS

## FINNLAND

| | |
|---|---|
| Gjaldmiðill | Evra |
| Fyrirkomulag | Flýtur en föst gagnvart öðrum evruríkjum |
| Tengsl við ESB | Meðlimur í ESB |
| Verðbólga* | 3.2 |
| Atvinnuleysi* | 6.9 |
| Hagvöxtur | 3.5 |
| Brúttó skuldir hins opinbera** | 50.2 |
| Nettó skuldir hins opinbera** | -59.7 |
| Staða fjárlaga** | Neikvæð um 1.0 |
| Landsframleiðsla á mann | 36.723*** |

* Í september. ** Hlutfall af landsframleiðslu.
*** Í dollurum. Heimildir: Eurostat og AGS

## DANMÖRK

| | |
|---|---|
| Gjaldmiðill | Dönsk króna |
| Fyrirkomulag | Flýtur en má ekki víkja lengra en 2.25 frá ákveðnu gengi gagnvart evru |
| Tengsl við ESB | Meðlimur í ESB |
| Verðbólga* | 2.7 |
| Atvinnuleysi* | 6.9 |
| Hagvöxtur | 1.5 |
| Brúttó skuldir hins opinbera** | 44.3 |
| Nettó skuldir hins opinbera** | 1.8 |
| Staða fjárlaga** | Neikvæð um 3.0 |
| Landsframleiðsla á mann | 37.742*** |

* Í september. ** Hlutfall af landsframleiðslu. *** Í dollurum Heimildir: Eurostat og AGS

## FINNLAND

### Stigu fram úr skugga stórveldis

Finnland hefur verið meðlimur í Myntbandalagi Evrópu frá 1999, en fjórum árum áður varð landið fullgildur meðlimur í Evrópusambandinu. Finnska markið var lagt niður árið 2002 og evran var tekin upp þess í stað.

Það sem einkenndi stöðu Finnlands einna helst á tíunda áratugnum var annars vegar sú staðreynd að landið var nýstigið út úr skugga Sovétríkjanna eftir lok kalda stríðsins og hins vegar gekk Finnland í gegnum djúpa kreppu í upphafi áratugarins og var að rísa upp úr lægðinni þegar að ESB-aðild kom.

Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að virkni Finnlands í þátttöku á alþjóðasviðinu mótist af því að landið vilji marka sér sterka stöðu í lykilmálum en ekki verða að jaðarríki á nokkurn hátt.

Upptaka evrunnar var þó hitamál innanlands og meirihluti almennings var andsnúinn þeim hugmyndum eftir að inn í ESB var komið. Helstu rökin fyrir evruaðild voru þau að með því fengist ákveðinn stöðugleiki í efnahagsmálum og trúverðugleiki í peningastefnu. Þá þótti líklegt að skilvirkni markaða myndi aukast og stýrivextir yrðu lægri en með sjálfstæða peningastefnu.

Mótrökin lutu hins vegar að því að efnahagssveiflur annarra evrulanda væru ekki í takti við þær finnsku enda væri atvinnulíf og útflutningur fábreytt og aðeins þriðjungur útflutningsverðmæta væri vegna viðskipta við evrusvæðið. Helstu viðskiptalöndin voru Svíþjóð og Bretland sem væru hvorugt með evru og því ekki hægt að bregðast við minni samkeppnishæfni með gengislækkun marksins.

Fram kemur í erindi sem Erkki Liikanen, seðlabankastjóri Finnlands, hélt fyrir nokkrum árum að það sem hafi riðið baggamuninn hafi verið von um stöðugri stýrivexti og minni verðbólgu, auk þess sem pólitískir þættir hafi komið til, en Finnar vildu gjarna fá að sitja við borðið í innri hring ESB.

Liikanen segir að reynsla Finna hafi í flestu verið jákvæð eftir upptöku evrunnar. Þrátt fyrir að sveiflur hafi verið á fyrstu árum aldarinnar, bæði innanlands og utan, varð verðbólgu ekki vart að miklu marki og landið stóð til dæmis af sér það þegar netbólan sprakk á sínum tíma.

Mikil andstaða var við þátttöku í myntbandalaginu meðal almennings fyrst um sinn en árið 2009, í miðri niðursveiflu þar sem landsframleiðsla dróst saman um 8% milli ára, sagðist 81% Finna vera ánægt með evruna sem gjaldmiðil. Þá sögðust 57% vera efins um að landinu hefði reitt betur af ef það hefði haldið sjálfstæðri mynt.

Finnland náði sér snögglega upp úr samdrættinum 2009 og var strax í fyrra komið með hagvöxt upp á tæp 3,6% og gera spár ráð fyrir rétt rúmlega 3% vexti í ár. Verðbólga er innan við 2%, sem er svipað og á árunum fyrir hrun, og atvinnuleysi er 8,4%, sem er það sama og árið 2005, eftir að hafa farið allt niður í 6,4% árið 2008.

## NOREGUR

### Er olíustórveldi

Norðmenn hafa tvívegis kosið um aðild að Evrópusambandinu (ESB), árin 1972 og 1994, en hafnað henni í bæði skiptin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Landið er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og hefur því frjálsan og tollalausan aðgang að innri markaði Evrópu.

Norðmenn hafa því sannarlega reynt að gerast hluti að ESB og evrusvæðinu. Því hefur bara verið hafnað af landsmönnum. Það er því ein ástæða þess að landið heldur úti sínum eigin gjaldmiðli, norsku krónunni. Peningamálastefna Norðmanna snýst um að halda gjaldmiðli landsins stöðugum gagnvart evrópskum gjaldmiðlum, og aðallega evru, enda flytja Norðmenn mest af vörum sínum þangað. Hin ástæðan fyrir sjálfstæðum gjaldmiðli er olíuauður.

Norðmenn fundu miklar olíuauðlindir í Norðursjó á sjöunda áratug síðustu aldar. Í dag er landið fimmti stærsti olíuútflytjandi í heimi og annar stærsti gasútflytjandi Evrópu. Um 46% af öllum útflutningi landsins í fyrra voru olía og gas og 28% af þjóðartekjum ríkisins koma úr þessum geira. Arður vegna olíuvinnslunnar rennur inn í hinn svokallaða Olíusjóð, sem fjárfestir síðan allt að 60% af arðinum aftur á alþjóðlegum hlutabréfamarkaði. Um mitt þetta ár voru um 67 þúsund milljarðar íslenskra króna í sjóðnum. Spár gera ráð fyrir því að hann muni vaxa í 84 þúsund milljarða króna fyrir árslok 2014 og í um 118 þúsund milljarða króna fyrir lok árs 2019.

Verg landsframleiðsla á ári er enda langhæst í Noregi af norrænu ríkjunum, eða 6,3 milljónir króna á mann. Verðbólgan reis hæst í 3,4% árið 2008 en mældist 1,5% í júlí síðastliðnum. Atvinnuleysi í Noregi mældist 3,3% í Noregi á þeim tíma, sem er helmingi minna en í Svíþjóð þar sem næstminnst atvinnuleysi er á Norðurlöndunum.

## SVÍÞJÓÐ

### Með meiri hagvöxt en ESB

Svíþjóð gekk í Evrópusambandið (ESB) árið 1995 ásamt nágrönnum sínum Finnum eftir að hafa gengið í gegnum slæma kreppu í byrjun tíunda áratugarins. Samhliða aðildarumsókninni var ætíð stefna landsins að taka upp sameiginlega mynt ESB, evruna. Svíar létu hóp sérfræðinga, undir stjórn hagfræðiprófessorsins Lars Calmford, fara yfir málið og skilaði nefndin skýrslu í október 1995. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að landið ætti ekki, að minnsta kosti til að byrja með, að taka þátt í Efnahagsmyntbandalagi Evrópu (EMU).

Fjórar ástæður voru sérstaklega nefndar því til stuðnings. Í fyrsta lagi var mikið atvinnuleysi í Svíþjóð á þessum tíma og ekki var talið að myntsamstarfið myndi auðvelda að leysa það. Í öðru lagi var fjárhagsleg staða ríkisins ekki sterk í kjölfar þess að ríkið var að koma úr djúpri kreppu. Í þriðja lagi taldi nefndin nauðsynlegt að ítarleg og upplýst umræða ætti sér stað meðal almennings í Svíþjóð um afleiðingar upptöku evru áður en gengið yrði í myntsamstarfið. Í fjórða lagi var bent á að fjöldi annarra landa, sérstaklega Danmörk og Bretland, stæði fyrir utan samstarfið.

Þegar evran var sett á fót árið 1999 uppfyllti Svíþjóð vísvitandi ekki þau skilyrði sem til þurfti til að taka hana upp, og hélt í krónuna sína. Í september 2003 var síðan kosið um hvort taka ætti upp evru í Svíþjóð. Því var hafnað með 56% atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Síðan þá hefur sænska þjóðin að mestu verið nokkuð klofin gagnvart evruupptöku. Frá miðju ári 2010 hefur þó skilið á milli í skoðanakönnunum og á það ugglaust rætur sínar að rekja til þeirra vandræða sem evrusvæðið hefur ratað í vegna Grikklands, Ítalíu og fleiri ríkja sem geta ekki greitt skuldir sínar. Í könnun sem gerð var í júní 2011 voru tæplega 64% Svía á móti upptöku evru. Einungis 24% vildu taka hana upp.

Sögulega hafa Svíar bent á að atvinnuvegir þjóðarinnar séu ekki þeir sömu og hjá stærstu ríkjum evrusvæðisins. Því sé erfitt fyrir landið að sveiflast með gengi myntar sem taki ekki nema að litlu leyti tillit til atvinnuvega hennar. Þess vegna henti Svíum að hafa eigin fljótandi gjaldmiðil sem fylgi innlendum sveiflum. Á árunum 2004 til 2007 var enda 3,7% meðaltalshagvöxtur innan Svíþjóðar á meðan hann var 2,4% innan evrusvæðisins.

Eftir að alþjóðlega fjármálakreppan skall á seinni hluta ársis 2008 hefur það hjálpað Svíum töluvert að vera með eigin mynt. Sænska krónan veiktist til að mynda um 23% gagnvart evru og tæplega 42% gagnvart Bandaríkjadal frá 1. september 2008 og fram í miðjan mars 2009.

Auk þess hafa Svíar ekki þurft að greiða í björgunarsjóði fyrir ríki með evru sem ratað hafa í efnahagslegar ógöngur eftir hrun.

Eftir rúmlega 5% samdrátt á árinu 2009 varð meiri hagvöxtur í fyrra í Svíþjóð en nokkru hinna norrænu ríkjanna, eða 5,6%. Talið er að hann verði 4,4% á þessu ári, sem er það hæsta á Norðurlöndum.

# Ljón í vegi virks hlutabréfamarkaðar

**Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur verið veikburða síðustu ár. Búist er við því að líf glæðist nokkuð á markaðnum á næstu misserum en enn eru ýmsar hindranir í veginum. Þeirra á meðal eru hæg úrlausn á skuldavanda fyrirtækja og breytingar sem orðið hafa á skattalögum.**

FRÉTTASKÝRING

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Lítið líf hefur verið á íslenska hlutabréfamarkaðnum frá bankahruni. Síðustu misseri hefur verið unnið að því að efla markaðinn og er von á hrinu nýskráninga í Kauphöllina á næstunni. Enn er þó ýmislegt sem stendur í vegi fyrir vel starfandi hlutabréfamarkaði á Íslandi, þar á meðal hæg úrlausn á skuldavanda fyrirtækja, gjaldeyrishöftin, breytingar sem orðið hafa á skattalöggjöf og brenndir fjárfestar.

„Stærsta hindrunin er að mínu mati sú sem er helst að standa endurreisn efnahagslífsins fyrir þrifum. Það er þessi hæga úrlausn á skuldavanda fyrirtækja," segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, og heldur áfram: „Það hefur gengið hægt að leysa mál einstakra fyrirtækja þótt það sé heldur að skána. Það hefur einnig komið í ljós að mörg þeirra fyrirtækja sem hafa lokið við endurskipulagningu eru enn illa stödd fjárhagslega. Þetta er grafalvarlegt fyrir efnahagslífið en hefur líka mikil áhrif á okkur."

Páll nefnir einnig þá óvissu sem íslenskur sjávarútvegur hefur staðið frammi fyrir. „Rekstrarumhverfi sjávarútvegsins er með ágætum og ég held að við þessar aðstæður hefði verið efni til skráninga sjávarútvegsfyrirtækja. Eitthvað kann endurskipulagning innan bankanna að hafa truflað það en óvissan hefur líka haft áhrif. Sama hvaða skoðun menn hafa á því hvaða leið við eigum að fara varðandi sjávarútveginn þá heldur margra ára óvissa mjög aftur að honum," segir Páll.

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, hefur skoðað sögu íslensks hlutabréfamarkaðar. Hann segir margt þurfa að betra til að markaðurinn nái aftur flugi en bætir því við að enginn eigi von á að hann nái aftur fyrri hæðum á allra næstu árum. „Það sem þarf til að hlutabréfamarkaður virki er nokkur fjöldi skráðra fyrirtækja og auk þess fjöldi kaupenda og seljenda. Núna vantar eiginlega allt af þessu. Hins vegar er allt regluverk og umgjörð til staðar," segir Gylfi.

Gylfi tekur undir með Páli að ljóst sé að skuldavandi fyrirtækja hafi gert það að verkum að mörg fyrirtæki hafi ekki verið tilbúin til að skrá sig á markað. Þá bendir hann á að fjárfestar séu brenndir eftir bóluna sem varð hér og verði sjálfsagt varkárir. Þrátt fyrir það séu fjölmörgir aðilar, til dæmis lífeyrissjóðir sem hafi þörf fyrir að fjárfesta í öðru en bara innistæðum og ríkisskuldabréfum sem séu það helst hafi verið í boði hér.

Páll nefnir einnig að gjaldeyrishöftin hafi fælt frá erlenda aðila sem annars væru að velta Íslandi fyrir sér sem fjárfestingarkosti. Höftin sendi þau skilaboð að hér séu hlutirnir í ólagi, skapi flækjur fyrir fjárfesta og auki á óvissu erlendra aðila. Gylfi tekur undir að höftin flæki myndina en bendir á að þau ættu ekki endilega að torvelda að hér skapist þokkalegur innlendur hlutabréfamarkaður. „Það var nú þannig að jafnvel þegar lætin voru hvað mest á íslenska markaðnum voru mjög fáir erlendir aðilar að kaupa íslensk hlutabréf. Það má hins vegar bæta því við að það að byggja upp sæmilegan hlutabréfamarkað auðveldar að afnema höftin. Fleiri fjárfestingarkostir hér myndu valda því að eigendum aflandskróna lægi ekki jafn mikið á að fara og ella," segir Gylfi.



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Virkni á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur verið með minnsta móti frá hruni íslensku viðskiptabankanna haustið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÁLL HARÐARSON**



**GYLFI MAGNÚSSON**

Aðspurður segir Gylfi loks að til framtíðar ætti að stefna að því að fjölga erlendum þátttakendum á íslenska markaðnum. „Krónan er eitt af því sem fælir fjárfestingu frá Íslandi meðal annars í hlutabréfum. Hlutabréfamarkaðurinn er grunnur, markaðurinn með krónur er grunnur, jafnvel þótt höftin verði farin, og svo er gengisáhætta til staðar vegna sveiflna krónunnar. Allt dregur þetta úr líkunum á slíkum fjárfestingum en kemur kannski ekki alveg í veg fyrir þær."

Loks bendir Páll á að skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið síðustu ár hamli uppbyggingu hlutabréfamarkaðar. Fyrir það fyrsta hafi fjármagnstekjuskattur verið hækkaður sem dragi úr ásókn í hlutabréf. Þá geti nýi auðlegðarskatturinn komið í veg fyrir að vaxtarfyrirtæki skrái sig á markað. „Auðlegðarskattur er lagður á eigið fé óskráðra fyrirtækja en markaðsvirði skráðra félaga. Hlutfall markaðsvirðis og eigin fjár er alla jafn hærri en einn og það er sérstaklega hátt hjá vaxtarfyrirtækjum. Skatturinn letur því vaxtarfyrirtæki til þess að skrá sig á markað þar sem það fælir vel stæða aðila frá því að fjárfesta í fyrirtækinu. Ég hef áhyggjur af því að þetta skaði sprotifyrirtæki sem eru studd af slíkum aðilum, sem ég held að sé ekki óalgengt.

Þá telur Páll ástæðu til að skoða það að lögfesta aftur takmarkaðan skattaafslátt til handa þeim sem kaupi hlutabréf. Frá 1984 til 2002, á vaxtarárum íslenska hlutabréfamarkaðarins, var í lögum slíkur afsláttur sem ýtti, að mati Páls, mjög undir vöxt markaðarins þrátt fyrir að um hóflegar fjárhæðir hafa verið að ræða. „Ég held að þetta hafi skipt fyrirtæki eins og Marel, Össur og Actavis, sem reyndar hét þá öðru nafni, miklu máli í sinni uppbyggingu að fá þetta fjármagn inn á markað," segir Páll.





**Kynningarfundur um íslenska sjávarklasann í höfuðstöðvum Marels að Austurhrauni 9 í Garðabæ á morgun, fimmtudag, kl. 15.00 til 16.30.**
Kynnt verða þau tækifæri sem felast í hundruðum smárra og stórra fyrirtækja í sjávarklasanum og hvernig hægt er að auka samstarf og nýta tækifærin sem best.

Dagskrá

**Birna Einarsdóttir**, bankastjóri Íslandsbanka, og **Sigsteinn Grétarsson**, forstjóri Marels á Íslandi, opna fundinn.

**Þór Sigfússon** hjá Íslenska sjávarklasanum kynnir umfang klasans og markmið.

**Sveinn Kjartansson** matreiðslumaður sýnir hvernig íslenski sjávarklasinn birtist í íslenska þorskinum.

**Guðmundur Kristjánsson**, forstjóri Brims, fjallar um íslenska sjávarklasann frá sjónarhóli útgerðarmanns og hvernig megi efla allan klasann.

**Árni Oddur Þórðarson**, stjórnarformaður Marels, flytur ávarp og hvatningu.

Einnig verða erindi frá fulltrúum Matís, TM, Matorku, Háskóla Íslands, Vísi, Grími kokki, Marko-partners, HBT International, Faxaflóahöfnum og Kerecis.

**Skráning á islandsbanki.is/sjavarklasinn**

SJÁVAR KLASINN VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS TM marel Íslandsbanki


Fyrirvari í ársreikningi og vafi á rekstrarhæfi

## Eigið fé NTC neikvætt um 484 milljónir

VERSLUN

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Eigið fé tískuverslunarrisans NTC var neikvætt um 484 milljónir króna í lok síðasta árs og skuldir félagsins voru 943 milljónir króna umfram peningalegar eignir og bókfært fé félagsins. Þetta kemur fram í ársreikningi NTC sem skilað var inn til ársreikningaskráar 7. nóvember síðastliðinn.

NTC skilaði rekstrarhagnaði í fyrra upp á 21 milljón króna. Eignir félagsins eru metnar á 1,2 milljarða króna. Tæpur helmingur þeirra eru vörubirgðir og rúmlega 200 milljónir króna eru viðskiptavild. Félagið skuldar hins vegar rúmlega 1,7 milljarða króna. Þar af eru um 1,4 milljarðar króna við lánastofnanir.

Endurskoðandi félagsins gerir fyrirvara við undirskrift sína á ársreikningnum. Þar segir að „við þessar aðstæður getur leikið vafi á framtíðarrekstrarhæfi félagsins en stjórn og stjórnendur hafa unnið að samkomulagi um nýja fjármögnun félagsins við viðskiptabanka þess. Framsetning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðast við áframhaldandi rekstur, en forsendur þess eru að félaginu takist að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni".

Síðar í ársreikningnum segir að „á árinu 2011 er fyrirhugað að samningsaðilar geri samkomulag um nýja fjármögnun félagsins, þar sem útreikningur á leiðréttingu ólöglegra lána fari fram, endurgreiðslutími lána verði lengdur og lánum breytt úr erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur. Hlutafé félagsins verður aukið í tengslum við þetta samkomulag við bankann. Afborganir langtímalána næstu ára eru hluti af þeim viðræðum og er af þeim sökum ekki unnt að sundurliða þær í skýringum".



**EIGANDINN** Svava Johansen hefur stýrt NTC-tískuveldinu um árabil. Í fyrra var velta verslana NTC 12,3% af heildarveltu íslenskra fataverslana.

**NTC**

**100%** í eigu Svövu Johansen.

Félagið á og rekur **13 verslanir.** Á meðal þeirra eru Galleri Sautján, Deres, Smash og Eva.

Velta árið 2010: **2,2 milljarðar króna**

**12,3%** af heildarveltu íslenskra fataverslana 2010

NTC er einn stærsti smásali á fatnaði á Íslandi. Velta félagsins var 2,2 milljarðar króna á síðasta ári, sem er 12,3% af heildarveltu íslenskra fataverslana á árinu 2010. NTC er í 100% eigu Svövu Johansen. Félagið á og rekur 13 verslanir. Á meðal þeirra eru Gallerí Sautján, Deres, Smash og Eva.

# TIL LEIGU

**Lækjargata 2a**
**101 Reykjavík**

# Einstakt tækifæri á besta stað í bænum

- Fyrsta flokks staðsetning fyrir vandaða verslun og veitingahús
- 5 hæða bygging við Lækjargötu – 3 verslunarhæðir og 2 veislusalir (kjallari, jarðhæð 2., 3. og 4. hæð, samtals 1611 $m^2$)
- Leigist sem heild eða í hæðum




www.reitir.is

REITIR
*Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk*



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

## BANKAHÓLFIÐ



Þorgils Jónsson

# „Teknókratarnir“

Á erfiðum tímum þarf oftar en ekki að taka erfiðar ákvarðanir og það ættu forystumenn vesturveldanna að þekkja mætavel eftir atburði síðustu missera. Á tímum þegar umdeildar og sársaukafullar aðgerðir eru næsta nauðsynlegar til að ekki fari enn verr, virðist stjórnmálamenn þó oft þverra kjark til að fylgja eftir umdeildum en þörfum úrbótum.

Það var einmitt tilfellið á Ítalíu og Grikklandi þar sem svokallaðir „teknókratar“ hafa nú tekið við stýrinu eftir að kjörnum fulltrúum mistókst að sigla skútunni út úr gjörningaveðri.

Silvio Berlusconi lét af störfum sem forsætisráðherra Ítalíu eftir að hann reyndist ófær um að fylkja þinginu um aðhaldsaðgerðir vegna efnahagsþrenginga.

Áður hafði Georg Papandreú sagt af sér í Grikklandi þar sem hann var milli tveggja elda og sá enga leið út. Annars vegar þrýstu lánardrottnar og önnur evrulönd á um aðhaldsaðgerðir áður en landið fengi aukalán og skuldaniðurfellingu, og hins vegar reis almenningur upp gegn niðurskurði í ríkisútgjöldum.

Teknókratar eru sérfræðingar sem nálgast vandamál út frá tæknimiðuðum lausnum. Hagfræðingarnir Lúkas Papademos í Grikklandi og Mario Monti á Ítalíu taka við einstaklega krefjandi verkefnum þar sem efnahagslíf beggja ríkjanna hangir á bláþræði sökum áralangrar stöðnunar og gríðarlegra skulda.

Kosturinn við að fá slíka stjórnendur upp í brú er að þeir geta einmitt tekið óvinsælar ákvarðanir, sem þó eru nauðsynlegar hvort sem horft er til skemmri eða lengri tíma, án þess að setja þær í samhengi við eigin starfsferil eða arfleifð. Stjórnmálamönnum er oft ekki síður umhugað um eigin stól og bakhlutann sem stólinn fyllir, en hagsmuni heildarinnar.

Það fer ekki milli mála að félagslega kerfið og ríkisrekstur í löndunum fyrrnefndu er ósjálfbær. Það er hins vegar engum ljúft að þurfa að skera niður til heilbrigðismála eða hækka eftirlaunaaldur borgaranna.

Þar geta teknókratarnir komið inn og skorið á hnúta sem halda aftur af framgangi nauðsynlegra umbóta.

Frá lýðræðislegu sjónarmiði er þetta fyrirkomulag þó allt annað en æskilegt til lengri tíma litið. Meginhugmynd fulltrúalýðræðisins er einmitt að menn og konur séu valin út frá sýn þeirra á framtíðina og metin undir lok kjörtímabils út frá verkum sínum. Pólitíkin er þó oft undarleg, eins og sést til dæmis á seiglu fjórflokka-kerfisins hér á landi, og þegar vandamálin eru þess eðlis að ekki er hægt að hvítta yfir þau fram að næstu kosningum þarf oft önnur meðul til.

Að sjálfsögðu væri einfaldlega best og réttast að stjórnmálamenn, kjörnir fulltrúar almennings, horfðust í augu við fyrirliggjandi vanda og leystu málin út frá almannahagsmunum. Pólitískt hugrekki er þó ekki öllum gefið og lýðskrum er mun auðveldara verkfæri í meðförum.




ALLT KLÁRT



SHARP SJÓÐVÉL
ER-A220
15/30 vöruflokkar
Allt að 500 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Sérstaklega fyrirferðalítil skúffa
Kr. 39.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A213
Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP
EÐALVÉL

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

**Reykjavíkur Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



†

*Móðir mín, tengdamóðir, systir okkar og mágkona,*

**Sigríður Helga Ólafsdóttir**

áður til heimilis að Flyðrugranda 8, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum föstudaginn 4. nóvember, verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 15.00. Blómar og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Aðstandendafélag Droplaugarstaða.

| | |
|---|---|
| **Bergljót Jónsdóttir** | **Arnaldur Sigurðsson** |
| **Guttormur Ólafsson** | **Aðalbjörg Ólafsdóttir** |
| **Þorsteinn Ólafsson** | **Ásthildur Rafnar** |
| **Eggert B. Ólafsson** | **Sigrún Pálsdóttir** |



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Sigurðardóttir**

Vallarbraut 6, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 10. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Suðurnesja.

| | |
|---|---|
| **Guðmundur Ásgeirsson** | **Sigurrós Sigurðardóttir** |
| **Gréta Ásgeirsdóttir** | **Konráð Erlendsson** |
| **Hallfríður Ó. Ásgeirsdóttir Burke** | **Charles E. Burke** |
| **Skúli S. Ásgeirsson** | **Elín H. Hermannsdóttir** |
| **Valgeir Ásgeirsson** | **Rannveig Lilja Garðarsdóttir** |
| **Sigurður Á. Ásgeirsson** | **Hafdís Hafsteinsdóttir** |
| **barnabörn og barnabarnabörn** | |



†

*Frændi okkar,*

**Jóakim G. Elíasson**

rafvirkjameistari,
áður Austurvegi 57, Selfossi,

lést á Ljósheimum miðvikudaginn 9. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| **Gunnar Andrésson** | |
| **Ragnar Þór Andrésson** | **Lilja Ólafsdóttir** |
| **Ingibjörg Andrésdóttir** | |
| **Guðbjörg Andrésdóttir** | **Gunnar Jónsson** |
| **Hallmundur Andrésson** | |
| **Jóakim Tryggvi Andrésson** | **Sigríður A. Jónsdóttir** |
| **Halldór Ingi Andrésson** | |
| **Hafsteinn Andrésson** | **Gunnhildur Vésteinsdóttir** |
| **og fjölskyldur.** | |



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvaldur Bergmann Björnsson,**

Holtagerði 56, Kópavogi,

lést að morgni sunnudagsins 13. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi.

**Erna Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Katrín Þorvaldsdóttir** | |
| **Albert Bergmann Þorvaldsson** | **Hjördís Reykdal Jónsdóttir** |
| **Björn Bergmann Þorvaldsson** | **Ólína Guðrún Gunnarsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabarn**



**FJÓRAR STOFNANIR** Stofnun Árna Magnússonar er meðal þeirra fjögurra stofnana sem standa að veforðabókinni ISLEX.

# Formleg opnun veforðabókar

Íslensk-skandinavíska veforðabókin ISLEX verður formlega opnuð í Norræna húsinu í dag klukkan 16, á degi íslenskrar tungu. Í tengslum við opnunina fer fram ráðstefna sem hefst klukkan 13 á sama stað.

ISLEX er orðabók á vefnum og samstarfsverkefni fjögurra stofnana í fjórum löndum, á Íslandi, í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Hérlendis er það Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem vinnur að veforðabókinni.

Dagskráin fer fram á ýmsum Norðurlandamálum og að henni lokinni verður boðið upp á tónlist og veitingar. **- jma**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, barnabarn, tengdasonur og mágur,*

**Hermann Fannar Valgarðsson**

Hverfisgötu 6a, Hafnarfirði,

lést í Hafnarfirði 9. nóvember. Jarðsett verður frá Víðistaðakirkju mánudaginn 21. nóvember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Sara Óskarsdóttir** | |
| **Logi Þór Hermannsson** | |
| **Valgarður Valgarðsson** | **Hildur Harðardóttir** |
| **Hjörtur Logi Valgarðsson** | |
| **Hörður Jónsson** | **Sigríður Guðmundsdóttir** |
| **Björg Ívarsdóttir** | |
| **Óskar Baldursson** | **Sigrún Birgisdóttir** |
| **Þórdís Óskarsdóttir** | **Davíð Jónsson** |

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð í nafni sonar hans: 545-14-403403, kt. 180507-3610.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Pálsson**

frá Álftavatni, Skólastíg 16, Stykkishólmi,

andaðist á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi fimmtudaginn 10. nóvember. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Björk Gísladóttir** | **Ingi Þór Skúlason** |
| **Páll Gíslason** | **Þórunn Sigþórsdóttir** |
| **Guðbjörg Gísladóttir** | **Jóhannes Finnur Halldórsson** |
| **Sveinn Gíslason** | **Helga María Magnúsdóttir** |
| **Gunnur Elísabet Gísladóttir** | **Guðjón Rúnar Ingimarsson** |
| **og fjölskyldur** | |





†

*Þökkum af alhug öllum þeim sem veittu okkur hlýhug og styrk við andlát ástkærra foreldra okkar, tengdaforeldra, ömmu og afa, langömmu og langafa,*

**Kristjönu Valgerðar Jónsdóttur**

**Sigurðar Viggós Jónssonar Nordquist**

Hraunvangi 3, Hafnarfirði,
áður Skipagötu 15, Ísafirði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigrún Viggósdóttir**
**Kristján Viggósson**
**Vilberg Viggósson**

# Gaf fimmtíu og tvö sokkapör



Guðrún Magnúsdóttir, höfundur bókarinnar Sokkaprjón, tók sig nýlega til og prjónaði þau 52 sokkapör sem er að finna í bókinni hennar. Þessi plögg gaf hún til Kvenfélagsins Hringsins til styrktar barnaspítalanum. Hringskonur seldu þessa sokka eins og heitar lummur á basar sínum á dögunum. Sokkarnir seldust upp líkt og bók Guðrúnar gerði þegar hún kom út í vor. Að þremur mánuðum liðnum var bókin uppseld en nú hefur hún verið endurprentuð og er komin í verslanir á ný. Í þessari bók eru 52 prjónauppskriftir að alls kyns sokkum. Þar er nauðsynleg tilsögn fyrir byrjendur og lengra komnir fá fjölbreytta leiðsögn um sokkaprjón af ýmsu tagi.




**PRJÓNAKONA** Guðrún Magnúsdóttir prjónaði 52 pör af sokkum og gaf til Hringsins.

# Svavar Knútur og Karíturnar

Söngvaskáldið Svavar Knútur fagnar með vinum sínum í Karítum Íslands á Café Rosenberg annað kvöld klukkan 21. Fögnuðurinn mun samanstanda af söng og gleði.

Karítur Íslands er stúlknakór sem Hilmar Örn Agnarsson organisti stjórnar og hafa stúlkurnar vakið mikla athygli fyrir hressilega framkomu og skemmtilegt lagaval.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og standa til klukkan 23.30. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.



**FÖGNUÐUR** Svavar Knútur kemur fram ásamt Karítum Íslands á Rosenberg annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hólmfríður V. Kristjánsdóttir**

Hæðargarði 29,

lést á heimili sínu sunnudaginn 13. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Helga Þorkelsdóttir** | **Andréas Þórðarson** |
| **Kristján Þorkelsson** | **Sigurdís Sigurðardóttir** |
| **Guðmundur Þorkelsson** | **Kristjana Stefánsdóttir** |
| **Guðríður Þorkelsdóttir** | **Guðmann Héðinsson** |
| **Viðar Þorkelsson** | **Sigríður Svava Þorsteinsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,*

**Málfríður E. Konráðsdóttir**

píanókennari,

lést eftir erfið veikindi á sjúkrahúsi á Indlandi. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu vinsamlega láti Blindrafélagið, Hamrahlíð 17, Reykjavík, njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Guðlaug Konráðsdóttir** | |
| **Guðmundur Konráðsson** | **Guðmunda Andrésdóttir** |
| **Guðrún Valgerður** | |
| **Konráð** | |
| **Bryndís** | |
| **Svavar** | |
| **Guðlaug Rúna** | |

# HJÓNABANDSSÆLA

Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

*eftir Michele Riml*




Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is

Fim 17. nóv Örfá sæti laus
Fös 18. nóv Örfá sæti laus
Lau 26. nóv Örfá sæti laus
Sun 27. nóv
Fim 01. des
Fös 02. des

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. áreynsla, 6. strit, 8. hár, 9. fálm, 11. lést, 12. ávöxtur, 14. hrekja, 16. tveir eins, 17. blóm, 18. bjálki, 20. golf áhald, 21. ættgöfgi.

**LÓÐRÉTT**
1. atorka, 3. í röð, 4. aldaskil, 5. nögl, 7. raddbönd, 10. tæki, 13. stúlka, 15. heimsálfu, 16. frændbálkur, 19. pfn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. átak, 6. at, 8. ull, 9. pat, 11. dó, 12. plóma, 14. flæma, 16. ææ, 17. rós, 18. tré, 20. tí, 21. tign.
**LÓÐRÉTT:** 1. kapp, 3. tu, 4. aldamót, 5. kló, 7. talfæri, 10. tól, 13. mær, 15. asíu, 16. ætt, 19. ég.






Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.
BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

HJÁLP Í NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM

Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálp Íslands sem leitar nú eftir stuðningi landsmanna.
**Við hringjum fljótlega í þig.**
**Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.**
Fjölskylduhjálp Íslands

**Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!**
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

**Frábærir eiginleikar:**
10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir



TÓNLISTARTÍMARITIÐ POPP FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á TVEGGJA VIKNA FRESTI


# Hinn slembni maður

BAKÞANKAR
Magnús Þorlákur Lúðvíksson



Ég hef lengi staðið í þeirri trú að ég sé góður í steinn, skæri og blað. Mig grunar, hef ekki tekið það saman, að síðustu tíu ár hafi ég unnið í kringum 60 prósent viðureigna minna. Sé vinningshlutfalls-kompásinn minn nokkurn veginn réttur þá er það auðvitað nokkuð vel af sér vikið.

**UNDANFARIÐ** er hins vegar aðeins farið að falla á silfrið. Mér hefur gengið sérdeilis illa í viðureignum mínum við vini og félaga og grunar jafnvel að vinningshlutfallið sé farið að nálgast 55 prósent. Ef einhver er að velta því fyrir sér þá spila ég steinn, skæri og blað ansi oft enda sérdeilis góð leið til að útkljá deilur.

**ÞAÐ** eru þó ekki ófarir mínar gegn mannlegum spilurum sem hafa valdið mér hugarangri enda kannski eðlilegt að vinningshlutfallið sé að leita í átt að helmingi. Það eru ófarir mínar gegn tölvuforriti sem ég rakst nýverið á sem ég hyggst fjalla um. Tölvuforrit þetta nemur allar minnstu reglur í spilamennsku þinni og nýtir miskunnarlaust gegn þér. Þetta veldur því að það hefur þig undir í 60 jafnvel 70 prósentum tilvika og það er ekkert sem þú getur gert í því. Ja, nema eitt.

**MEÐ** því að vera fullkomlega slembinn getur maður náð jöfnu við tölvuna og meira að segja unnið hana oftar um tíma sé maður heppinn. Vandinn er bara sá að rannsóknir hafa leitt í ljós að það virðist vera manninum ófært að vera fullkomlega slembinn. Þetta þýðir að góður spilari getur nýtt sér reglur í spilamennsku svo til allra annarra spilara hvort sem það er í steinn, skæri og blað, póker, fótbolta eða nokkrum öðrum leik eða íþrótt þar sem það skiptir máli að vera ófyrirsjáanlegur.

**PÓKERSPILARI** sem hyggst ná árangri má ekki eingöngu veðja þegar hann hefur góð spil og aldrei þegar hann hefur slæm spil. Hinir spilararnir eru fljótir að átta sig á því og forðast því að kalla veðmálin hans svo hann vinnur ekkert. Pókerspilari sem getur verið fullkomlega slembinn í veðmálum sínum, að gefnu ákveðnu „blöff"-hlutfalli, hefur augljóslega forskot á hina.

**OG** hver er þá lausnin við þessu vandamáli? Jú, það er til lausn og hún er náskyld því hvernig tölvur leysa sama vandamál, því tölvur, eins og menn, geta ekki verið fullkomlega slembnar. Með því að nota úr og láta sekúnduvísinn ráða því hvað þú gerir getur maður verið svo til slembinn. Ef þú vilt vera svo til ósigrandi í steinn, skæri og blað þá skaltu bara líta á úrið þitt, láta hvern þriðjung klukkuskífunnar tákna einn valmöguleika og láta sekúnduvísinn velja.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Kakó**
**og piparkökur fyrir alla!**

# ÁSKRIFENDUR OG VINIR!
## Munið jólagleði Disney í kvöld.




## VERTU Í JÓLASKAPI!

**Komdu og vertu með okkur í jólaskapi í kvöld! Náðu þér í Jólasyrpu 2011 á undan öllum öðrum og gerðu frábær kaup í leiðinni. Fjölmörg skemmtileg tilboð á Disney-bókum, Disney-borðspilum, Disney-DVD og Disney-gjafavörum.**

**P.s taktu vini þína með þér!**

## Sjáumst í jólaskapi í Eymundsson Smáralind milli 18-21 í kvöld.

**FORSALA Á JÓLASYRPU 2011**

©Disney / Pixar

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# menning

menning@frettabladid.is

! **DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU** verður haldinn hátíðlegur með ýmsum hætti í dag. Í Ársafni, Hraunbæ 119, verður maraþonlestur frá klukkan 11 til 18. Ruggustóllinn verður á sínum stað og hægt að setjast í hann og lesa uppáhaldsbókina sína eða velja eina úr hillum bókasafnsins. Upphlutsklæddir starfsmenn taka á móti gestum með glóðvolga heimabakaða ástarpunga.

## Í hvaða hlutverki erum við?

Leiklist ★★★

**Gyllti drekinn**

eftir Roland Schimmelpfennig

**Í þýðingu Hafliða Arngrímssonar**

**Leikarar:** Halldór Gylfason, Sigurður Skúlason, Hanna María Karlsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Jörundur Ragnarsson **Leikmynd og búningar:** Snorri Freyr Hilmarsson **Lýsing:** Kjartan Þórisson **Tónlist og hljóðmynd:** BORKO **Leikstjórn:** Kristín Eysteinsdóttir

Á föstudagskvöldið var frumsýning í Borgarleikhúsinu á nýju verki eftir Roland Schimmelpfennig, sem er mikil stjarna í þýska leikhúsheiminum um þessar mundir, og sneri Hafliði Arngrímsson textanum yfir á íslenska tungu. Þetta er samtímaverk sem gerist á asísku veitingahúsi einhvers staðar í Evrópu þar sem fimm réttindalausir Kínverjar vinna baki brotnu. Kvöld eitt fléttast örlagasögur íbúa hússins, starfsfólksins og gestanna saman.

Höfundur vinnur með eigin verfremdungs-aðferð. Hann mælir svo fyrir í handriti sínu að leikstjórnarhluti textans, eða ábendingar innan sviga, sé einnig leikinn og fellur þessi hluti handrits því inn í setningar persónanna. Fyrst tekur persónan það fram hvað hún gerir og síðan gerir hún það og síðan segir persónan með þularrödd hvað hún hyggist segja og síðan segir hún það, í því hlutverki sem hún er.

Leikararnir eru fimm en hlutverkin átján. Karlar bregða sér í gervi kvenna og konur leika jafnt pilta sem eldri menn. Sú aðferð að hafa allt skrifað mál handritsins með gerir skiptin milli persóna og kynja auðveldari. Hugmyndin er vitaskuld að fá samúð með manneskjum en ekki endilega konum eða körlum.

Hér eru á ferðinni sögur um afdrif tveggja ungra einstaklinga sem leita langt að heiman eftir meiri lífsgæðum, en þar týnast þau hvert á sinn hátt. Sögð er saga Kínverjans unga, sem fær tannpínu og starfsfólkið rífur úr honum tönnina þar sem hann er líklega það sem kallað er kennitölulaus. Hans bíður dauðinn því þetta voru ekki alveg kórréttu handbrögðin. Samtímis þessu er sögð sagan um engisprettuna sem syngur og hverfur en er í raun saga um stúlku sem lendir í höndum níðinga og deyr drottni sínum. Hvort sem þau eru systkin eður ei skiptir ekki máli því þau eru auðvitað systkin í þessu veraldarglamri.

Dóra Jóhannsdóttir kann vel listina að öskra og í rífandi orgi ná áhorfendum með sér. Hún lék Kínverjann unga, sem má segja að sé eins konar aðalpersóna verksins, auk þess sem hún fór með önnur hlutverk. Lýsing hennar á ferðinni heim undir yfirborði allra stóru hafsvæðanna var mjög myndræn og falleg. Sýningin er sett upp með eins knöppum leikmyndastíl og hægt er að komast af með. Það vantar þó ekki blóðið, sem um leið og að vera tákn hins grimma er hluti af hinu myndræna í útfærslunni.

Sigurður Skúlason lék einn af starfsmönnum veitingahússins auk þess sem hann brá sér með örlitlum tilfæringum í gervi flugfreyju sem má segja að hafi verið flugfreyjuklisjan í hnotskurn. Halldór Gylfason var í hlutverki tveggja kvenna auk þess sem hann lék starfsmann á veitingahúsinu. Sú flugfreyja sem hann léði líf varð fyrir því að fá tönn litla Kínverjans í súpuna sína. Jörundur lék engisprettuna og gamlan skakkan afa. Hanna María Karlsdóttir brá sér í hlutverk maurs, verslunarmanns, asískrar konu og ungrar afadóttur. Út frá forsendum og lestraraðferð leikstjórans léku allir snilldarvel. Þessi stíll að margendurtaka verður þó á köflum eins og þreytandi ítroðsla.

Þrátt fyrir það er verkið magnað. Nýbúi missti tönn og listamaðurinn glottir við tönn til að fá okkur, sem stingum hausnum í sandinn, til þess að hlusta, horfa og verða svolítið ábyrg. Kristín Eysteinsdóttir velur hér skemmtilega aðferð í leik og handritið er spennandi. Bæði lýsing og tónlist lyfta sögunum upp en þó hefði mátt verið meiri ljóðræna í frásögninni um maurinn og engisprettuna. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstöður:** Reglulega spennandi sýning.



Snyrtivörudagar



Kynning - 20% afsláttur




Kynning á Gosh og Bourjois snyrtivörum miðvikudaginn 16. nóvember.

20% afsláttur verður á förðunarlínum frá Bourjois og Gosh og kremlínum frá Elizabeth Arden og Marbert.

Sérfræðingur verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.

LYFJABORG
Borgartúni 28 - Sími: 553 8331 - Lyfjaborg.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 16. nóvember 2011**

### ➜ Tónleikar

**17.30** Jónas Ingimundarson fær til sín tenórinn Gunnar Guðbjörnsson og saman flytja þeir íslenskar söngperlur á tónleikum í tónleikaröðinni Íslenskt? Já takk í Salnum. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00** Vinir Indlands halda sína árlegu styrktartónleika í Salnum í Kópavogi. Margir valinkunnir listamenn flytja ljóð og lög á íslensku og táknmáli. Miðaverð er kr. 3.000.

**21.00** Bjartar vonir vakna, afmælistónleikar í tilefni 100 ára afmælis Oddgeirs Kristjánssonar verða haldnir í Eldborg í Hörpu. Meðal listamanna sem flytja perlur lagahöfundarins eru Helgi Björnsson, Andrea Gylfadóttir og Egill Ólafsson. Miðaverð er kr. 4.900 til kr. 8.900.

**21.00** Bassaleikarinn Tómas R. Einarsson og gítarleikarinn Ómar Guðjónsson koma fram á tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Norræna húsinu. Efniskrá tónleikanna samanstendur af frumsaminni tónlist eftir þá félaga. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



**22.00** Hljómsveitin Thin Jim heldur tónleika á Café Rosenberg. Söngkonurnar Bryndís Ásmundsdóttir og Alma Rut verða sérstakir gestir. Þau Kristófer Jensson og Margrét Eir verða einnig að sjálfsögðu á staðnum.

### ➜ Síðustu forvöð

**10.00** Sýningu Katrínar Ólínu Pétursdóttur, Miklimeir, í Spark Design Space lýkur í dag. Á sýningunni er töframaðurinn Miklimeir kynntur til leiks og frásögn af honum útfærð á teppi. Opið frá kl. 10 til 18.

### ➜ Umræður

**16.00** Gunnar Hersveinn, heimspekingur og rithöfundur, leiðir spennandi umræður um umræðuvenjur Íslendinga í Heimspekikaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Hvar lærum við að karpa og hvernig æfum við rökræður?

### ➜ Uppákomur

**16.00** Dagskrá tileinkuð Jóni Sveinssyni, betur þekktum sem Nonna, fer fram í fyrirlestrarsal M102 í Háskólanum á Akureyri. Allir velkomnir.

**17.00** Hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðherra í tilefni dags íslenskrar tungu fer fram í Gerðubergi. Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar verða afhent. Allir velkomnir.

**17.15** Árleg Jónasarvaka verður í Bókasal Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu. Börn úr grunnskólum höfuðborgarsvæðisins lesa sjálfvalin ljóð eftir Jónas Hallgrímsson. Einar Clausen tenór syngur lög við ljóð Jónasar. Enginn aðgangseyrir.

### ➜ Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur Guðmundsdóttir og Jón Freyr Þórarinsson.

### ➜ Tónlist

**20.00** Pöbb Quiz á ensku verður haldið á Café Óliver.

**21.00** Hljómsveitin Náttfari spilar á Kaffibarnum. Eftir tónleikana þeytir Dj HalliValli skífum.

**21.00** Dj Two Step Horror spilar hressa tónlist á Bakkusi.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Bókaútgáfan Crymogea býður alla hjartanlega velkomna á fyrirlestur þýsk-bandaríska ljósmyndafræðingsins og sýningarstjórans Celina Lunsford. Fyrirlesturinn ber heitið Er íslenskt landslag asnalegt? og fer fram í ráðstefnusal Arion banka, Borgartúni 19.

**12.25** Dr. Andrew Cottey, Jean Monnet prófessor við Cork háskóla á Írlandi, heldur erindi um Líbíu í Odda 101 í Háskóla Íslands. Málstofan er haldin í samvinnu við the English-Speaking Union á Íslandi. Allir velkomnir.

### ➜ Samkoma

**16.00** Íslenska-skandínavíska veforðabókin Islex verður opnuð í Norræna húsinu. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, flytur ávarp og sendiherrar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar taka til máls. Í tilefni opnunarinnar verður einnig ráðstefna fyrr um daginn, kl. 13 til 15.45 á sama stað. Allir velkomnir.

**17.00** Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, heldur upp á dag íslenskrar tungu með veglegri dagskrá í stofu 301 í Árnagarði við Suðurgötu. Fundarstjórn er í höndum Tinnu Jóhönnu Magnusson.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Brautryðjandi og baráttukona

**Vilborg Dagbjartsdóttir er listfengt ljóðskáld, kennari, barnabókahöfundur, þýðandi, Rauðsokka, herstöðvaandstæðingur og annálaður húmoristi**

BÓK SEM ER Í SENN HEILLANDI ÆVILÝSING OG ALDARSPEGILL

Þorleifur Hauksson skráði



VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



**FJÖLSKYLDUFAÐIR** Leikarinn Billy Bob Thornton kom á frumýningu Happy Feet ásamt fjölskyldu sinni.



**BROSANDI** Leikarinn Robin Williams mætti brosmildur að venju ásamt eiginkonu sinni, grafíska hönnuðinum Susan Schneider.



**GRÁKLÆDDUR** Elijah Wood talar fyrir mörgæsina Mumble og mætti í gráum jakkafötum í tilefni dagsins.

# PITT SKRÓPAÐI Á FRUMSÝNINGU

**Rauða dreglinum var rúllað út í Los Angeles um helgina þegar teiknimyndin Happy Feet 2 var frumsýnd. Í leikarahópnum sem sér um raddir í framhaldsmyndinni um dansfimu mörgæsina er að finna mörg fræg nöfn eins og Elijah Wood, Robin Williams og Sofiu Vergara. Einnig mætti söngkonan Pink á frumsýninguna ásamt eiginmanninum Carey Hart og fimm mánaða dóttur þeirra, Willow Sage Hart, en Pink talar fyrir Gloriu í teiknimyndinni. Leikararnir Brad Pitt og Matt Damon fara einnig með hlutverk í myndinni en þeir létu hins vegar ekki sjá sig á frumsýningunni í þetta sinn.**



**FJÖLSKYLDAN SAMAN** Pink mætti á rauða dregilinn ásamt Willow, 5 mánaða dóttur sinni, og eiginmanninum Carey Hart. NORDICPHOTOS/GETTY



**SUMARLEG** Leikkonan Sofia Vergara var sumarlega klædd í kjól enda ekki sama veðurfarið í Hollywood og hér um miðjan nóvember.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TOWER HEIST | 5.50, 8 og 10.15 |
| ÆVINTÝRI TINNA3D | 5 |
| ÆVINTÝRI TINNA2D | 5 |
| BORGRÍKI | 8 og 10.15 |
| THE THING | 10.15 |













| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| TOWER HEIST Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| THE IDES OF MARCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5:40 - 8:20 - 10:20 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:50 | 2D | 10 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| THE ADVENTURES OF TINTIN | kl. 5:40 - 10:30 | 3D | 7 |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 5:40 | 3D | L |
| HELP | kl. 9 | 2D | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HELP | kl. 5:30 | 2D | L |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 6 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 8 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| THE IDES OF MARCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5:40 - 8:30 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 8 | 3D | 12 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| TOWER HEIST | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:20 | 2D | 14 |
| WHAT'S YOUR NUMBER | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE THING | kl. 10:20 | 2D | 16 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!







| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| TOWER HEIST | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| TOWER HEIST LÚXUS | KL. 10.20 | 12 |
| IN TIME | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | KL. 3.20 | 7 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.20 | L |
| BORGRÍKI | KL. 10.30 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| HUMAN CENTEPIDE | KL. 10.15 | 18 |
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 | 16 |
| MONEYBALL | KL. 6 - 9 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MIDNIGHT IN PARIS | KL. 10.15 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| TOWER HEIST | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| IN TIME | KL. 8 - 10 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 6 | 7 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

www.lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil




Styrkur fyrir ónæmiskerfið

Fyrir þig í Lyfju

íslenska/sia.is/LYF 56952 10/11

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARNARHREIÐRIÐ: HIMALAYA 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 22:30 ■ BORGRÍKI 18:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!





# Hellisbúinn loksins samþykktur í Kína

„Eftir nokkrar breytingar hefur leikgerðin loksins verið samþykkt í Kína,“ segir Óskar Eiríksson, framkvæmdastjóri Leikhúsmógulsins ehf. sem ætlar að setja upp leikritið Hellisbúann í Kína á næstu mánuðum.

Tvö og hálft ár eru síðan Leikhúsmógullinn byrjaði að vinna í að koma Hellisbúanum að í Kína. Leikritið átti upphaflega að vera sett upp í desember á þessu ári en fresta þurfti frumsýningu um nokkra mánuði þar sem kínversk stjórnvöld voru ekki alveg sátt við handritið.

„Allar leikgerðir sem settar eru upp í landinu þurfa að vera lesnar yfir af fulltrúum stjórnvalda í Kína. Það voru einhver atriði sem fóru í taugarnar á þeim og við fengum höfnun fyrst í sumar,“ segir Óskar. Þá voru nokkrar breytingar gerðar á handritinu en allt kom fyrir ekki og Kínverjar höfnuðu handritinu í annað sinn.

„Við vorum svo heppin að fá eitt stærsta nafnið í leikhúsgeiranum þarna úti, David Lightbuddy, til samstarfs við okkur en hann er meðal annars að sjá um uppfærslu Mamma Mia í Kína núna við góðar undirtektir,“ segir Óskar, en samstarfsaðilar hans úti sáu um að breyta handritinu í annað sinn.

„Ég veit ekki nákvæmlega hvaða atriði þeir gerðu athugasemdir við en mig grunar að það hafi kannski eitthvað með kynlífsumræðuna í leikritinu að gera,“ segir Óskar, en kínversk útgáfa af Hellisbúanum verður frumsýndur í apríl á næsta ári. Næsta skref hjá Óskari er að koma leikritinu á fjalirnar í Kóreu og Ástralíu á næsta ári. - áp



**GRÆNT LJÓS** Óskar Eiríksson, framkvæmdastjóri Leikhúsmógulsins ehf., fékk tvisvar höfnun á leikritinu Hellisbúanum frá Kína en eftir nokkrar breytingar hefur verkið loksins verið samþykkt. Með honum á myndinni er systir hans og annar stjórnenda fyrirtækisins, Signý Eiríksdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**EINHLEYP** Leikkonunni Charlize Theron finnst gott að vera einhleyp í fyrsta sinn á ævinni.

# Gott að vera einhleyp

**Leikkonan Charlize Theron var einhleyp í fyrsta sinn í næstum tvo áratugi á meðan hún lék í myndinni Young Adult og líkaði það vel. Þá var hún nýlega hætt með kærasta sínum til níu ára, leikaranum Stuart Townsend. „Ég hef aldrei verið einhleyp. Þetta er fyrsta skiptið sem það gerist. Síðan ég var nítján ára hef ég verið í samböndum. Hef bókstaflega farið frá einum til annars á innan við mánuði,“ sagði Theron við tímaritið Vogue. Henni leið mjög vel við tökurnar á Young Adult og segist í raun hafa verið í skýjunum með að vera loksins ein á báti.**

Tónlist ★★★

**Kjarr**
Kjarr

## Melódískt sýrupopp

Kjarr er nýtt verkefni Kjartans Ólafssonar sem gerði góða hluti sem annar aðalmaður rafpoppsveitarinnar Ampop og var hann einnig meðlimur í Leaves.



Ampop var fín hljómsveit sem bjó til mjög stemningsfulla og melódíska tónlist. Á Kjarr eru sum þeirra atriða sem einkenndu Ampop enn til staðar. Það er mikið lagt upp úr útsetningunum, hljómurinn er flottur og lögin eru melódísk. Hér er hins vegar tónlistin búin að þróast frá rafpoppi Ampops yfir í ljúft sýrupopp sem sækir töluvert í tónlist seinni hluta sjöunda áratugarins.

Það er margt mjög vel gert á plötunni. Flutningur er góður og Kjartan er fínn söngvari. Lögin eru samt misgóð. Þau bestu, til dæmis fyrstu tvö lögin, Beðið eftir sumrinu og Lottery eru frábær. Önnur eru síðri og þrátt fyrir augljósa kosti nær platan ekki alveg að halda athygli manns stöðugri allan tímann.

Á heildina litið er þetta samt ágætis plata frá hæfileikaríkum tónlistarmanni.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Ljúft sýrupopp frá Kjartani úr Ampop.



# sport

sport@frettabladid.is



**ÓLAFUR ÖRN BJARNASON** skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Grindavík. Ólafur er nýhættur þjálfun liðsins og varð um leið samningslaus. Einhver lið báru víurnar í Ólaf en hann ákvað að semja aftur við sitt heimafélag þar sem hann mun leika undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar næsta sumar.

## ÚRSLIT

*EM-umspil:*

**Króatía-Tyrkland** **0-0**
Króatía komst á EM, 3-0, samanlagt.
**Svartfjallaland-Tékkland** **0-1**
0-1 Petr Jiracek (81.).
Tékkland komst á EM, 0-3, samanlagt.
**Írland-Eistland** **1-1**
1-0 Stephen Ward (31.), 1-1 Konstantin Vassiljev (56.)
Írland komst á EM, 5-1, samanlagt.
**Portúgal-Bosnía**
Leik liðanna var ekki lokið er Fréttablaðið fór í prentun. Þá var staðan 2-1 í hálfleik fyrir Portúgal. Ronaldo og Nani skoruðu mörk Portúgal.

*Vináttulandsleikir:*

**Slóvenía-Bandaríkin** **2-3**
0-1 Edson Buddle (9.), 1-1 Tim Matavz (25.), 1-2 Clint Dempsey (41.), 1-3 Jozy Altidore, víti (43.), 2-3 Tim Matavz (61.)
**Danmörk-Finnland** **2-1**
0-1 Aleksei Eremenko (18.), 1-1 Daniel Agger (57.), 2-1 Nicklas Bendnter (59.)
**Þýskaland-Holland** **3-0**
1-0 Thomas Müller (15.), 2-0 Miroslav Klose (26.), 3-0 Mesut Özil (66.)
**Ítalía-Úrúgvæ** **0-1**
0-1 Sebastian Fernandez (2.)
**England-Svíþjóð** **1-0**
1-0 Daniel Majstorovic, sjm (22.)
**Frakkland-Belgía** **0-0**

*Eimskipsbikar kvenna:*

**FH-KA/Þór** **23-18 (12-7)**
FH: Ingibjörg Pálmadóttir 7, Birna Helgadóttir 4, Berglind Björgvinsdóttir 3, Kristrún Steinþórsd. 2, Indíana Jóhannsd. 2, Sigrún Jóhannsd. 2.
KA/Þór: Martha Hermannsdóttir 7, Kolbrún Einarsdóttir 3, Ásdís Sigurðardóttir 3.
**Fylkir-HK** **13-33**
Fylkir: Hildur Björnsd. 5, Lilja Gylfad. 3, Unnur Hjálmarsd. 3, Vera Pálsd. 1, Andrea Þorkelsd. 1
HK: Valgerður Þorsteinsd. 8, Elín Baldursd. 5, Tinna Rögnvalds. 5, Heiðrún Helgad. 4, Elva Arnarsd. 3, Sigríður Hauksd. 3, Elísa Viðarsd. 2.
**Haukar-Stjarnan** **18-28 (9-13)**
Haukar: Ásta Agnarsd. 5, Karen Sigurjónsd. 4.
Stjarnan: Hanna G. Stefánsd. 7, Hildur Harðard. 6, Jóna Ragnarsd. 6, Sólveig Kjærnested 6.

Bikarkeppni KKÍ:

## Þrír úrvalsdeildarslagir

**KÖRFUBOLTI** Í gær var dregið í 32 liða úrslit Powerade-bikarsins. Þrír úrvalsdeildarslagir eru í boði að þessu sinni. Einnig eru áhugaverðir leikir eins og á milli Stjörnunnar og B-liðs félagsins og Mostra og KR.

Leikirnir fara fram dagana 9.-12. desember. - hbg

### Drátturinn

**32-liða úrslit:**

Reynir S. - Hamar
Ármann - Skallagrímur
Grindavík - Haukar
Stjarnan B - Stjarnan
ÍR - Keflavík
Haukar B - Breiðablik
Patrekur - Njarðvík B
Víkingur Ó. - Þór Þ.
KFÍ - FSu
KR Bumban - Höttur
Álftanes - Tindastóll
ÍBV - Þór A.
ÍA - Fjölnir
Valur - Snæfell
ÍG - Njarðvík
Mostri - KR

# ÉG HEF ENN ENGIN SVÖR FENGIÐ

**Jóhannes Valgeirsson knattspyrnudómari fékk ekkert að dæma á vegum KSÍ í ár. Dómaranefnd KSÍ segir að hann hafi hætt. Því neitar Jóhannes og segist ekki vita af hverju honum hafi ekki verið leyft að dæma.**

**FÓTBOLTI** Jóhannes Valgeirsson hefur ekki dæmt leik á vegum Knattspyrnusambands Íslands á þessu ári. Hann frétti það í fjölmiðlum í mars á þessu ári að hann hefði verið tekinn af dómaralista KSÍ. Hann segist ekki vita hvaða ástæður liggi þar að baki.

„Ég hef hringt í marga sem til þekkja og hafa ákvörðunarvald í þessum efnum. En ég fæ einfaldlega engin svör," sagði Jóhannes í samtali við Fréttablaðið í gær.

Mál Jóhannesar er flókið og forsagan löng. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann hefur sagt sína sögu, en í vor ákvað hann að geyma málið í þeirri von að öldurnar lægði. Þó án árangurs.



**JÓHANNES VALGEIRSSON** Meðal reyndustu knattspyrnudómara landsins og vill komast aftur út á völlinn til að dæma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Tekinn úr dómarateymi Kristins

„Eitthvað hefur gerst einhvern tímann sem ég get ekki nema getið mér til um. Ég hef heyrt ýmsar sögur og ein þeirra er að meðlimir dómaranefndar KSÍ hafi hótað því að hætta verði ég aftur tekinn inn," segir Jóhannes.

Hann segir að fyrsta skrefið í málinu hafi líklega verið þegar hann hafi verið tekinn úr FIFA-dómarateymi Kristins Jakobssonar í febrúar síðastliðnum. Hann hafi skipst á við Erlend Eiríksson að vera fjórði dómari í teyminu en eftir að hann hafi verið settur úr hópnum tvo leiki í röð hafi hann reiðst.

„Ég vildi fá svör við því. En þeir neituðu að svara – það eina sem ég fékk að vita var að dómaranefnd gæfi ekki upplýsingar um einstakar ákvarðanir sem væru teknar. Ég var brjálaður á þessum tíma."

Hvort þetta hafi orðið til þess að Jóhannes hafi verið settur af lista dómara hjá KSÍ hefur Jóhannes ekki fengið staðfest. Fréttablaðið reyndi að leita viðbragða hjá Gylfa Þór Orrasyni, formanni dómaranefndar KSÍ, og Þóri Hákonarsyni, framkvæmdastjóra sambandsins. Þórir vísaði á Gylfa Þór en ekki náðist í hann í síma í gær.

### Uppsögn í körfuboltasal

Gylfi Þór sagði í samtali við Fótbolti.net hinn 14. mars síðastliðinn að Jóhannes hefði hætt í samtali við dómaranefndarmann KSÍ á dómaraæfingu á Akureyri. Þá uppsögn hefði hann síðan staðfest þegar starfsmaður KSÍ hefði haft samband við hann.

Jóhannes staðfestir að það hafi fokið í hann í íþróttasal á Akureyri. Þá hafi hann velt þeim möguleika upp að stíga til hliðar og hætta dómgæslu.

„Ég sagði þá við meðlim dómaranefndar KSÍ sem var á sömu æfingu að ef ég þyrfti að standa í baráttu við nefndina út af þessu máli færi maður að velta því fyrir sér að hætta," segir Jóhannes. Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, hringdi síðan í hann stuttu síðar og úr því samtali á að hafa komið sú niðurstaða að Jóhannes væri hættur dómgæslu.

Það vill Jóhannes sjálfur alls ekki kvitta undir. „Ég sagði honum aldrei að ég væri hættur. Hann var þá að raða dómurum á leiki í Lengjubikarnum og ég sagði við hann að á meðan ég fengi engin svör við því af hverju ég hefði verið tekinn úr dómarateymi Kristins væri ekki ástæða til þess að setja mig á leiki. En ég lagði ekki fram uppsögn enda myndi ég gera það skriflega og þá við æðstu menn KSÍ."

Spurður hvort hann hefði séð eftir því að hafa ekki tekið að sér að dæma í Lengjubikarnum játti hann því. „Auðvitað átti ég bara að bíta í tunguna og dæma fótbolta. En ég var fúll og sár. Það var mikið áfall fyrir mig að þurfa að standa í þessum átökum."

### Mitt líf og yndi

Jóhannes fór á fund fulltrúa dómaranefndar KSÍ síðastliðinn vetur. „Þar fékk ég að vita að dómaranefnd KSÍ hefði þegar tekið þá ákvörðun að ég myndi ekki dæma meira og að það yrði ekki rætt frekar," rifjar Jóhannes upp. Hann segist enn vera reiðubúinn að leita sátta og að Gylfi Þór hafi sagt við sig að hann yrði að biðjast afsökunar. „Hann sagði mér að ég þyrfti að biðja stjórn KSÍ, dómaranefnd og alla dómara landsins afsökunar. Það væri ekki vandamál af minni hálfu að biðjast afsökunar ef ég hefði hlaupið á mig. En ég þarf þá líka að fá að vita á hverju ég á að biðjast afsökunar."

Hann segist aldrei hafa nefnt það að hætta dómgæslu, nema á téðri dómaraæfingu á Akureyri. Aldrei í tengslum við önnur mál. „Ég hef aldrei hótað því að hætta. Þetta starf var líf mitt og yndi."

eirikur@frettabladid.is

Bakvörðurinn Guðmundur Reynir Gunnarsson mun missa af undirbúningstímabilinu vegna náms:

# Tek aðeins atvinnumennsku fram yfir Harvard

**FÓTBOLTI** Einn besti leikmaður Íslandsmótsins síðasta sumar, KR-ingurinn Guðmundur Reynir Gunnarsson, er að öllum líkindum á leið til Bandaríkjanna eftir áramót þar sem hann hefur komist inn í skiptinám í hinum heimsfræga Harvard-háskóla.

„Þetta er alveg gríðarlega spennandi tækifæri fyrir mig og ég er ánægður með að hafa komist inn," segir Guðmundur Reynir, en hann fer utan í janúar og kemur ekki aftur fyrr en í maí.

Hann mun því missa af undirbúningstímabilinu með KR og koma til landsins þegar mótið er að byrja. Hann segir það ekki vera vandamál af hálfu KR að hann fái að fara.

„Ég setti það í samninginn minn að ég gæti farið ef slíkt tækifæri kæmi upp. Það eru því engin leiðindi eða vandræði með þessa tilhögun," segir Guðmundur, sem er ekki bara öflugur í bakverðinum heldur einnig í náminu, en hann var eitt sinn í landsliðinu í stærðfræði. Hann mun læra hagfræði þann tíma sem hann verður í Harvard. „Ég mun síðan reyna að spila og halda mér í formi úti svo ég verði í þokkalegu standi fyrir KR þegar ég kem heim."

Aðeins eitt getur komið í veg fyrir að Guðmundur fari ekki í Harvard, en það er ef hann fær freistandi tilboð frá erlendu félagi.

„Atvinnumennskan er það eina sem getur stöðvað mig. Hlutirnir varðandi atvinnumennsku verða þó að gerast hratt, fyrir lok vikunnar," segir bakvörðurinn, en er það í kortunum að hann komist í atvinnumennsku?

„Það eru viðræður við félag í Skandinavíu en ekki miklar líkur á að eitthvað verði úr því." - hbg



**FJÖLHÆFUR** Guðmundur er ekki bara góður í fótbolta heldur er hann einnig afburðanámsmaður og lipur tónlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





**14.990**

### ETIREL SEATTLE W PARKA
Aðsniðin vetrarúlpa með þykku og hlýju fóðri.
Litir: Rauð, svört.
Stærðir: 36-48.

## KLÚBBTILBOÐ VIKUNNAR
### GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



**4.690**
(fullt verð 6.990)

### MCKINLEY BASIC LAYER ONE SET
Nærfatasett. Fljótþornandi og flytur raka frá líkamanum. Góðir öndunareiginleikar. Dömu- og herrastærðir.

Skráðu þig í klúbbinn inná www.intersport.is



(fullt verð 22.990)
**19.990**

### MCKINLEY DUNKLEY AQUAMAX
Gönguskór úr leðri með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu. Meðalstífur VIBRAM-sóli. Dömu- og herrastærðir.



**29.990**



**19.990**



**19.990**
(fullt verð 24.990)

### MCKINLEY KIM / CRABBE JACKET
Hlý vetrarúlpa með dúnfóðri úr EXODUS-útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Dömu- og herrastærðir.

### ETIREL STORM PARKA
Þykk og hlý vetarúlpa með loðkraga á hettu. Litir: Rauð, svört. Dömu- og herrastærðir.

### MCKINLEY ORILLIA JACKET
Dömuúlpa úr slitsterku EXODUS útivistarefni með 3.000 mm vatnsheldni. Vatnsheldir saumar og góð öndun. Dömustærðir.

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 16. – 22. NÓVEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

> **Stöð 2 kl. 21.00**

**Grey's Anatomy**

***Það er aldrei lognmolla hjá læknunum á Grace-sjúkrahúsinu í Seattle. Owen skráir læknana í hafnaboltakeppni, Lexie verður afbrýðisöm þegar hún sér Mark með annarri konu og Alex reynir að koma í veg fyrir að barnið sem Meredith og Derek vilja ættleiða verði flutt á annan spítala.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ÁTTAR SIG Á JOAN RIVERS

## *Með bein í breyttu nefi*

Skemmtanadrottningin Joan Rivers er nú vikulegur gestur á mínu heimili vegna þátttöku sinnar í raunveruleikaþáttunum Celebrity Apprentice. Með strekkt andlitið, uppblásnar varir og óheflaða framkomu hefur Rivers komið mér á óvart, daman er svo sannarlega með bein í breyttu nefi.

Mín kynni af Rivers hafa hingað til verið af skornum skammti. Eftir að ég fór að venja komu mína í ræktina, þar sem stöðin E! sér til þess að maður staldrar aðeins lengur við á hlaupabrettinu, fór ég að sjá tíðar auglýsingar fyrir tískuþátt Rivers. Þar rakkar hún klæðaburð stjarnanna niður með skemmtilegum orðaforða. Ljótir kjólar verða gólftuskur og gluggatjöld hjá Joan Rivers.



Það er margt forvitnilegt við lífshlaup frú Rivers. Til dæmis var frumraun hennar á sviði hlutverk lesbíu á móti Barböru Streisand, í leikritinu Driftwood. Ekki amaleg byrjun fyrir grínistann sem er nú með ein Emmy-verðlaun og stjörnu í Hollywood Walk of Fame á ferilskránni.

Á meðan ég svalaði forvitni minni um Rivers á internetinu komst ég að sjálfsögðu að því hver vinnur raunveruleikaþátt Donalds Trump. Ég ætla samt ekki að láta það stöðva mig í að bjóða Rivers í heimsókn á mánudagskvöldum, það er svo hressandi í skammdeginu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Lengi býr að fyrstu bók **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fótspor á himnum **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.30 360 gráður** (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Kafað í djúpin** (5:14) (Aqua Team)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (6:26)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (6:42)
**18.30 Gló magnaða** (32:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**20.55 Dans dans dans - Dansar í úrslitum** (e)
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Síðustu dagar Sovétríkjanna** (Les Derniers jours de l'URSS) Í þessari frönsku heimildamynd frá 2010 er ljósi varpað á pólitískan refskap, svik, valdarán, hótanir og lygar í undanfara þess að Sovétríkin liðuðust sundur.
**23.15 Cornelis og kærleikurinn** (Cornelis och kärleken) Sænskur þáttur.
**23.50 Landinn** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Waynes' World 2**
**10.00 Billy Madison**
**12.00 Unstable Fables:** Tortoise vs. Hare
**14.00 Waynes' World 2**
**16.00 Billy Madison**
**18.00 Unstable Fables:** Tortoise vs. Hare
**20.00 Lethal Weapon**
**22.00 Quantum of Solace**
**00.00 To Love and Die**
**02.00 Pledge This!**
**04.00 Quantum of Solace**
**06.00 Love and Other Disasters**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (65:175)
**10.15 Cold Case** (21:22)
**11.00 Grey's Anatomy** (7:22)
**11.50 Glee** (20:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (56:78)
**13.25 Ally McBeal** (7:22)
**14.10 Ghost Whisperer** (14:22)
**14.55 iCarly** (39:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (15:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (19:21)
**20.10 The Middle** (5:24) Önnur gamanþáttaröðin um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem leikin er af Patriciu Heaton. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**20.35 Cougar Town** (17:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends.
**21.00 Grey's Anatomy** (7:24)
**21.45 Medium** (4:13)
**22.30 Satisfaction** (10:10)
**23.20 Human Target** (1:13)
**00.05 The Good Guys** (15:20)
**00.50 Breaking Bad** (2:13)
**01.40 Dreaming Lhasa**
**03.15 Slap Shot 3: The Junior League**
**04.50 The Middle** (5:24)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**18.00 Vináttulandsleikur**
**19.45 EAS þrekmótaröðin**
**20.10 Herminator Invitational 2011**
**20.50 Bremen - Anderlecht 1993** Þjóðverjar og Belgar hafa marga hildi háð á knattspyrnuvellinum. Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaraliða er með þeim minnisstæðari.
**22.35 OneAsia Tour - Highlights**
**23.30 Þýski handboltinn: Kiel - Lemgo**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Fulham - Man. City**
**20.05 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Maradona**
**21.35 Football League Show**
**22.10 Sunnudagsmessan**
**23.30 Newcastle - Tottenham**

### EXTRA

**18.55 The Doctors** (157:175)
**19.40 Gilmore Girls** (16:22)
**20.25 Ljósvakavíkingar - Stöð 2** (3:5) Ný og vönduð heimildarmynd í 5 hlutum þar sem rakinn er aðdragandi, stofnun og saga Stöðvar 2 í máli og myndum. Tilefni myndarinnar er aldarfjórðungsafmæli Stöðvar 2.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mike & Molly** (10:24) Stórskemmtilegir rómantískir gamanþættir úr smiðju Chucks Lorre.
**22.15 Chuck** (9:24)
**23.00 Terra Nova**
**23.45 Community** (6:25)
**00.10 Daily Show: Global Edition**
**00.35 Fangavaktin**
**01.15 The New Adventures of Old Christine** (19:21)
**01.35 Gilmore Girls** (16:22)
**02.20 The Doctors** (157:175)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Outsourced** (10:22) (e)
**16.30 Mad Love** (2:13) (e)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 Nýtt útlit** (10:12) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (37:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (19:22)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (18:22) (e)
**20.10 Friday Night Lights - LOKAÞÁTTUR** (13:13)
**21.00 Life Unexpected** (11:13)
**21.45 Tobba** (9:12) Hin eina sanna Tobba Marinósdóttir er óhrædd við að segja skoðun sína og kafa ofan í óþægileg mál til að komast að kjarnanum. Tobba kynnir sér umdeild mál og kemur tveimur konum af stað í heilsuátak.
**22.15 CSI: Miami** (7:22)
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 Dexter** (3:12) (e)
**00.40 HA?** (8:31) (e)
**01.30 Nurse Jackie** (7:12) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (19:22) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** World Golf Championship 2011 (3:4) **13.00** Golfing World **13.50** World Golf Championship 2011 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** LPGA Highlights (20:20) **20.15** Champions Tour - Highlights (22:25) **21.10** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (2:45) **23.45** Ryder Cup Official Film 1997 **02.00** Presidents Cup 2011 (1:4)

### N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn suðurland

### BBC entertainment

**10.30** Dalziel and Pascoe **11.20** EastEnders **11.50** The Graham Norton Show **12.35** Live at the Apollo **13.20** Come Dine With Me **14.10** Inspector Lynley Mysteries **14.55** Inspector Lynley Mysteries **15.40** Deal or No Deal **16.15** Come Dine With Me **17.05** Live at the Apollo **17.50** QI **18.20** QI **18.50** QI **19.20** Top Gear **20.15** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.50** QI **22.25** The Thick of It **22.55** Skavlan **23.50** The Graham Norton Show **00.35** Top Gear **01.25** Come Dine With Me **02.15** QI **02.50** The Thick of It

### DR 1

**10.30** Et liv uden stoffer **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Kontant **11.35** Hvor er vi landet? **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Den lille røde traktor **15.15** Tagkammerater **15.30** Sigurd og Operaen **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvad er det værd? **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Broen **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Skyggespil **22.00** Hamilton

### NRK 1

**11.00** Nyheter **11.15** Førkveld **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Min idrett **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** FBI **19.15** Valpekullet **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt

### SVT 1

**11.40** Helt magiskt **12.40** Starke man **13.10** Mitt hus är fullt av speglar **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Sommarpratarna **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Bron **21.00** True Blood **21.55** How to make it in America **22.25** Anklagad **23.25** Rapport **23.30** Skavlan **00.30** Rapport **00.35** Michael Jackson och doktor Murray - en farlig relation

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFA HANDBÓKIN

**MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:** JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORÐHALD JÓLASIÐUR OG VENJUR

**Bókið auglýsingar tímanlega:**

Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429 , gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is

# Sjúkraþjálfunin
SPORTHÚSINU

## SJÚKRAÞJÁLFUNIN SPORTHÚSINU BÝÐUR EFTIRFARANDI SJÚKRAÞJÁLFARA VELKOMNA TIL STARFA:


Einar Örn Guðmundsson


Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir


María Jónsdóttir


Sigrún Konráðsdóttir

## Á STOFUNNI STARFA FYRIR:

Hildur Kristín Sveinsdóttir, Íris Huld Hákonardóttir, Karólína Ólafsdóttir og Sólveig Þráinsdóttir.

# Í VETUR VERÐUR BOÐIÐ UPP Á:

- Fræðslufyrirlestra
- Bakleikfimi
- Gönguhópa
- Heilsufarsmælingar
- Hreyfigreiningu og aðra fyrirbyggjandi þjónustu
- Greiningu og mat á stoðkerfisvandamálum
- Hefðbundna sjúkraþjálfun og eftirfylgni

Hægt er að panta tíma í sjúkraþjálfun í síma 564 4067
eða senda póst á sjukrathjalfunin@sporthusid.is

SJÚKRAÞJÁLFUNIN SPORTHÚSINU • DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér tvær ristaðar brauðsneiðar með smjöri, osti og jarðarberjasultu og að sjálfsögðu Earl Grey.“*

Einar Thor, hönnuður og eigandi Thors Hammer Accessories.

# Þýski afinn hærri og eldri en Siggi Sigurjóns

Þýski grínistinn Karl Dall mun leika Afann í Þýskalandi á næsta ári. Samningur þess efnis var undirritaður um síðustu helgi. Dall sá Sigurjón Sigurjónsson leika Afann í Borgarleikhúsinu og hittust „afarnir“ tveir eftir sýninguna. „Þetta er bara þýskur afi. Hann er ögn hærri í loftinu en ég og eilítið eldri,“ segir Sigurður. „Ég lék þetta fyrir hann eins og óður væri og ég vona að hann hafi lært eitthvað af því.“ Spurður hvort Dall hafi roð við honum í hlutverkinu segir Sigurður léttur: „Það held ég reyndar ekki. En fyrir þýskan markað, það má alveg reyna það.“

Dall hefur komið fram í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta í Þýskalandi og er bæði þekktur fyrir gamanleik sinn og kómískt útlitið, en hann fæddist með lokbráreinkennið. „Hann er mjög fyndinn,“ segir leikstjórinn Bjarni Haukur Þórsson um hinn sjötuga Dall. Bergsveinn Jónsson, framleiðandi hjá Thorsson Production, átti einnig þátt í að ráða hann í hlutverkið.

Annar einleikur Bjarna Hauks, Pabbinn, hefur verið sýndur í Þýskalandi í tvö ár og hafa yfir eitt hundrað þúsund manns séð hann. Þýsk kvikmynd byggð á Pabbanum fer í tökur á næsta ári eftir handriti Bjarna Hauks og Ólafs Egilssonar.

Síðustu tvær sýningarnar á Afanum í Borgarleikhúsinu verða um næstu helgi og eftir áramót fer einleikurinn út á land. Um tólf þúsund manns hafa séð Afann hér á landi frá því í janúar. Enn sem komið er hafa töluvert fleiri séð Pabbann hérlendis, eða um þrjátíu þúsund. - fb



**TVEIR AFAR** Karl Dall ásamt Sigurði Sigurjónssyni, sem hefur leikið Afann við góðar undirtektir hér á landi.
MYND/HALLDÓR KOLBEINSSON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin Hjálmar spilaði síðastliðið laugardagskvöld í Kulturhuset við Islands Brygge í Kaupmannahöfn. Þar kynnti hún nýjustu plötu sína Órar við góðar undirtektir gesta, en tónleikarnir voru hluti af Koldbrand-tónlistarhátíðinni. Eins og búast mátti við voru Íslendingar í miklum meirihluta í salnum og þar á meðal voru meðlimir uppistandsgengisins Mið-Íslands sem höfðu verið með sýningu skömmu áður í borginni. Grínistinn **Steindi Jr.** var einnig á meðal gesta, rétt eins og samstarfsmaður hans, Bent.



Fjórar íslenskar djasssveitir komu fram á London Jazz Festival á laugardaginn. **Sunna Gunnlaugsdóttir**, Ómar Guðjónsson Band, Frelsissveit Nýja Íslands og stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar spiluðu í anddyri listasetursins Barbican Centre fyrir framan fjölda fólks. Þau eru fyrstu Íslendingarnir sem spila á þessari virtu djasshátíð. Í tilefni af tónleikunum stóð íslenska sendiráðið í London fyrir móttöku og þangað var boðið fjölmiðlum og bókurum ýmissa djasshátíða. - fb



VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR: KOM Á ÓVART HVAÐ FÓLK VAR TILBÚIÐ AÐ BORGA

# Kattamyndirnar seldust fljótt upp

„Þau eru svo til öll farin, bæði gefin og seld,“ segir rithöfundurinn og nú myndlistarkonan Vigdís Grímsdóttir.

Málverk hennar af rauðum köttum sem voru til sýnis í Kaffihúsi Gerðubergs eru uppseld. Og eftirspurn eftir fleiri verkum Vigdísar er svo sannarlega til staðar. Rithöfundurinn lumar á nokkrum á heimili sínu í Úthlíð en er efins um að láta þau af hendi. „Ekki öll, mér þykir nú vænt um verkin,“ segir Vigdís, sem sagðist vera að passa þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

> Sumir vildu borga vel og aðrir vildu borga vel en aðeins lægri upphæð. Ég fékk hins vegar mörg mjög falleg bréf og þótti mjög vænt um það.
>
> **VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR** RITHÖFUNDUR

Það vakti mikla athygli þegar Vigdís upplýsti í viðtölum að hún hefði farið að mála eftir að hafa lent í hálfgerðri ritstíflu fyrir tveimur og hálfu ári vegna nýjustu bókar sinnar, Trúir þú á töfra?, sem er nýkomin út. Bókin segir frá stúlku sem fer einmitt að mála rauða ketti á svartan múr umhverfis þorpið sitt. Penslarnir losuðu um stífluna svo um munaði og Vigdís er í dag mikill ástríðumálari eins og kom fram í helgarviðtali Fréttablaðsins um miðjan september. Fyrstu málverkin hennar þykja jafnframt hafa heppnast einstaklega vel, eiginlega það vel að málverkin fjórtíu, af öllum stærðum og gerðum, ruku út. Fleiri en Vigdís þorði nokkurn tímann að vona.

Rithöfundurinn fór auðvitað sínar eigin leiðir í sölu á myndunum sínum, enginn verðmiði var á þeim heldur gat fólk sent henni tölvupóst og sett fram verðhugmyndir sínar. „Það átti bara að vera í sambandi. Sumir vildu borga vel og aðrir vildu borga vel en aðeins lægri upphæð. Ég fékk hins vegar mörg mjög falleg bréf og þótti mjög vænt um það,“ segir Vigdís og viðurkennir að henni hafi komið það á óvart hversu háar fjárhæðir fólk var reiðubúið til að láta af hendi fyrir málverk eftir sig. Rithöfundurinn segist þó ekki vera orðinn ríkur á þessu hliðarspori sínu. „Nei, það er fullt af fólki sem vantar pening.“

freyrgigja@frettabladid.is



**EFTIRSÓTTAR** Kattamyndir Vigdísar Grímsdóttur eru eftirsóttar en þær fjórtíu myndir sem voru til sýnis eru nú uppseldar. Eftirspurn eftir fleiri myndum rithöfundarins er sannarlega til staðar en Vigdís ætlar hins vegar ekki að láta þær allar af hendi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


HREINLÆTISTÆKI

OKKAR ÁRLEGA RÝMINGARSALA STENDUR YFIR Í BÆJARLIND 6

Aðeins frá 15.-22. nóvember

Flísa&Bað MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laug. 11-16.


# Harpa of dýr fyrir Morfís

„Við reyndum að komast þarna inn en það var bara of dýrt fyrir okkur. Við reyndum við Eldborgarsalinn enda var það eini salurinn sem gæti hýst keppnina. En við verðum þá bara áfram í Háskólabíói,“ segir Geir Finnsson, formaður stjórnar Morfís, ræðukeppni framhaldsskólanna.

Morfísmenn settu markið hátt fyrir árið í ár og reyndu að koma úrslitum ræðukeppninnar fyrir í Hörpu, ráðstefnu- og tónlistarhúsi Reykjavíkur. Hins vegar reyndist verðmiðinn of hár fyrir framhaldsskólanemana og verður keppnin því að öllu óbreyttu í Háskólabíói.

Sextán liða úrslit Morfís hófust í gær með hörkuviðureign MR og FG og svo bítast framhaldskólarnir sín á milli um hver þeirra mælir af mestri rökfestu. Geir segir að fleiri breytingar séu jafnframt fyrirhugaðar því í fyrra hafi úrslitakvöldið farið fram í miðri viku, það hafi komið niður á aðsókninni og í fyrsta skipti hafi ekki verið þaulsetið í stóra sal Háskólabíós. „Við stefnum að því að halda úrslitin nær helgi,“ segir Geir og bendir jafnframt á að sjónvarpsstöðin X-TV muni sjónvarpa völdum viðureignum beint á netinu. - fgg



**ENGIN SIGURGLEÐI Í HÖRPU** Ráðstefnu- og tónlistarhús Reykjavíkur, Harpa, var of dýrt fyrir menntskælinga sem vildu halda úrslitakeppni Morfís í húsinu. Þeir verða því á sínum stað í Háskólabíói.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Verðlaunasýningar aftur á svið




## Nístandi saga um sannleika og lygi

★★★★½

**„Gríðarlega áhrifarík og fagmannlega unnin sýning“** – IÞ, Mbl.

**„Snertir mann inn í kviku... snilldarlega skrifað“** – BS, pressan.is

**„Vel heppnuð og beitt uppfærsla og áhrifin sitja eftir þegar heim er komið“** – SG, Víðsjá RÚV

**„Alveg hörkusýning ... rosalega sterk“** – LL, RÚV

| | | | |
|---|---|---|---|
| fim. 24/11 kl. 20 | UPPSELT | lau. 3/12 kl. 20 | UPPSELT |
| fös. 25/11 kl. 20 | örfá sæti | fös. 9/12 kl. 20 | UPPSELT |
| fös. 2/12 kl. 20 | UPPSELT | lau. 17/12 kl. 20 | |

## Grímusýning ársins 2010

★★★★★

**„Þetta er það langbesta sem sést hefur á fjölum leikhúsanna í haust“** – JVJ, DV

**„Ástarþökk fyrir ógleymanlegt kvöld“** – SA, TMM

**„Ég skora á fólk að fara í leikhúsið og sjá Jesús litla“** – GB, Mbl

| | | | |
|---|---|---|---|
| lau. 26/11 kl. 19 | UPPSELT | fim. 1/12 kl. 20 | örfá sæti |
| lau. 26/11 kl. 21 | UPPSELT | sun. 4/12 kl. 20 | UPPSELT |
| sun. 27/11 kl. 20 | UPPSELT | mið. 7/12 kl. 20 | UPPSELT |
| þri. 29/11 kl. 20 | UPPSELT | fim. 8/12 kl. 20 | |
| mið. 30/11 kl. 20 | UPPSELT | sun. 11/12 kl. 20 | |

**Aðeins sýnt í nóvember og desember**

Miðasala | **568 8000** | **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sigurður sextugur

Hæstaréttarlögmaðurinn **Sigurður G. Guðjónsson** varð sextugur í síðustu viku og fagnaði áfanganum með veislu á Kaffi Nauthóli um helgina. Veislan var vel sótt eins og sjá mátti af jeppaflotanum fyrir utan kaffihúsið og þótti vel heppnuð. Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens og Jóhannes Kristjánsson eftirherma stigu á stokk og skemmtu gestum en þeirra á meðal var Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.



### Elska nýja lagið en segja myndbandið undarlegt

Íslenska hljómsveitin The Charlies er sem kunnugt er starfrækt frá Los Angeles um þessar mundir. Þær stúlkur hafa nú gefið út svokallað mixteip á heimasíðu sinni og samhliða því kom út myndband við lagið Monster á youtube. Tónlistarsíðan scandipop.co.uk fjallar um lagið og líkir því við Britney Spears. Þá segir að við fyrstu hlustun sé lagið einkennilegt, en svo fái maður það á heilann og nú elski aðstandendur síðunnar það. Myndbandið hefur einnig vakið athygli síðunnar, eins og margra annarra, og er varað við því að horft sé á það í vinnunni eða skömmu eftir matmálstíma þar sem það sé hvorki vinnu- né magavænt. **-hdm, þeb**



## Mest lesið VÍSIR

1. Fjórir sjómenn níddust á þrettán ára dreng
2. Jónas Garðarsson: Maður er eiginlega orðlaus
3. Furða sig á sorastyrk Óla Geirs: Beittu sér ekkert gegn kvöldinu
4. Klám flæðir yfir Facebook
5. 138 ferðamenn dáið hér síðan árið 2000





